



Ársskýrsla

KFUM og KFUK á Íslandi
Starfsárið 2020–2021





Inngangur formanns



Sólveig Reynisdóttir
formaður KFUM og
KFUK

Kæru félagar,

Síðastliðið starfsár hefur rækilega stimplað sig inn í sögubækurnar með heimsfaraldri, hæðum og lægðum í sóttvörnum, innanhúss ferðalögum, jarðskjálftum og eldgosi. Engan hefði órað hvílikt ferðalag þjóðin var að leggja upp í við upphaf árs 2020.

Í KFUM og KFUK hafa þessir forðæmalausu tímar, eins og víðar, kallað á aðlögun, seiglu og úthald allra sem að félaginu koma en jafnframt þakklæti fyrir það sem vel hefur gengið. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir og frestun viðburða þá einkenndist starfsárið í hvívetna af lausnaleit og sveigjanleika starfsfólks og sjálfböðaliða. Má þar nefna að fjartundir urðu algengir og dreifing á efni í gegnum samfélagsmiðla jókst. Leiðtogar nýttu tímann til að taka saman leikjahandbók, sem mun koma að góðum notum í hópastarfi félagsins. Sjálfböðaliðar verkefnisins Jól í skókassa fundu leiðir til að taka á móti jólagjöfum frá landsmönnum. Einnig hélt basar KFUK úti árlegri fjáröflun með því að selja handverk og jólaskraut á netinu með góðum árangri. Þegar slakað var á takmörkunum voru sóttvarnir áfram í fyrirrúmi en voru þau tímabil vel nýtt til að halda námskeið, fundi, samverur og eins tóku sumarbúðirnar á móti hópum.

Á vordögum má segja að það hafi orðið nokkuð öflugt en jákvætt gos í starfi KFUM og KFUK, þó að það hafi ekki verið bókstaflegt í okkar tilfalli. Sprenging varð á skráningu í sumarbúðir KFUM og KFUK og var það hreint út sagt magnað og óraunverulegt að fylgjast með á fyrsta degi skráninga. Það er óhætt að segja að þær hafi farið fram úr björtustu vonum og ánægjulegt til þess að hugsa að um 3.000 börn fái að upplifa okkar dásamlegu sumarbúðir í sumar.

Þegar lítið er í þessa ársskýrslu má sjá að fjölmargir sjálfböðaliðar og starfsfólk lagði hönd á plóginn í starfi KFUM og KFUK á Íslandi á starfsárinu. Fyrir hönd stjórnar þakka ég þeim fyrir vel unnin og ómetanleg störf í þágu félagsins.

Að lokum sendum við í stjórn KFUM og KFUK á Íslandi kveðju og blessunaróskir til allra félaga og velunnara.

Sólveig Reynisdóttir
Formaður KFUM og KFUK á Íslandi

Efnisyfirlit

1. Forysta KFUM og KFUK	6	8. Útgáfu- og kynningarmál	26
2. Æskulýðsstarf	9	9. Húsnæði og starfsaðstaða	28
3. Leiðtogabjálfun	14	10. Starfsstöðvar KFUM og KFUK	31
4. Leikjanámskeið	17	11. Vindáshlið	32
5. Fjölskyldu- og fullorðinsstarf	18	12. Vatnaskógur	37
5.1 Ljósbrott, kvennakór KFUK	19	13. Hólavatr	44
5.2 Karlakór KFUM	19	14. Ölver	46
5.3 Basar KFUK	20	15. Kaldársel	50
5.4 Jól í skókassa	21	16. KFUM og KFUK á Akureyri	54
5.1 Sportfélag KFUM og KFUK	22	17. KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum	56
6. Alþjóðastarf	23	18. KFUM og KFUK á Suðurnesjum	58
7. Innlend samstarfsverkefni	24	19. Vinagarður	60

Forsíðumyndin er tekin í 8. flokki í Vatnaskógi sumarið 2020.

Nafnið segir hver við erum

KFUM og KFUK stendur fyrir Kristilegt félag ungra manna og kvenna. Við búum við þau forréttindi að nafn félagsins segir hver við erum. Hver stafur hefur sína merkingu.

K

Kristilegt

Við fræðum þátttakendur um boðskap Biblíunnar, líf og starf Jesú Krists, kennum þeim að þekkja trú sína, rækja hana og meta gildi hennar.

F

Félag

Við erum frjáls félagasamtök og störfum eftir lýðræðislegum leikreglum.

U


Ungra

Við erum æskulýðshreyfing og leggjum áherslu á að standa fyrir heilbrigðu félagsstarfi fyrir börn og ungmenni.

M/K

Manna og kvenna

Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við stöndum fyrir uppbyggjandi verkefnum, gagnlegum samfélaginu.



Merkið undirstrikar markmiðið

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Þríhyrningurinn í merki félagsins undirstrikar þetta, en hliðar hans tákna líkama, sál og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.

122 ára æskulýðsfélag

KFUM og KFUK voru stofnuð 1899. Stofnandinn sr. Friðrik Friðriksson telst til merkari manna 20. aldarinnar. Mörg önnur félög eiga rætur að rekja til KFUM og KFUK og starfs sr. Friðriks, þar á meðal íþróttafélagin Valur og Haukar, karlakórinn Fóstbræður og skátastarf á Íslandi. Fjölbreytnin í starfi KFUM og KFUK er í samræmi við orð stofnandans: „Ekkert sannarlega mannlegt er óviðkomandi sönnum kristindómi.“



Stytta af sr. Friðriki Friðrikssyni stofnanda KFUM og KFUK stendur við Lækjargötu í Reykjavík.

Fjölbreytni einkennir starfið

Starf KFUM og KFUK er mjög fjölbreytt. Við eigum og starfrækjum fimm sumarþúðir, höldum úti æskulýðsdeildum víðs vegar á landinu, stöndum fyrir stórum og smáum viðburðum og metnaðarfullri leiðtogaþjálfun. Þá eigum við leikskólann Vinagarð, rekum þjónustumiðstöð við Holtaveg auk tveggja félagsheimila á landsbyggðinni.



Æskulýðsstarf



Vatnaskógur



Kaldársel



Sumarþúðir



Leiðtogaþjálfun




Viðburðir




Ölver



Sæludagar



Hólavatn



Alþjóðleg hreyfing



Feringarnámskeið



Leikjanámskeið



Jól í skókassa



Vindáshlíð



Fullorðinsstarf



Leikskóli



Fyrir fjölskyldur

1. Forysta KFUM og KFUK

Tómas Torfason
tók saman



Aðalfundur 2020

Aðalfundur KFUM og KFUK fór fram laugardaginn 6. júní 2020 á Holtavegi 28 í Reykjavík, eftir að hafa verið frestað í tvígang vegna samkomutakmarkana vegna Covid-19 veirunnar. Í upphafi fundar flutti Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson flutti hugvekju. Þá var félaginu færð gjöf frá Ólafi Axelssyni, kross sem sr. Friðrik hafði gefið honum á sínum tíma og hefur áhugaverða sögu. Formaður veitti gjöfinni viðtöku fyrir hönd félagsins. Fundarstjóri var Sveinn Valdimarsson og fundarritarar voru þau Guðrún Nína Petersen og Ingi Bogi Bogason.

Stjórn félagsins

Í stjórninni 2020–2021 störfuðu eftirtalin og skiptu þannig með sér verkum:

Sólveig Reynisdóttir, formaður
Stefán Jónsson, varaformaður
Arna Ingólfssdóttir, ritari
Sigurður Erlingsson, gjaldkeri
Blær Elíasson, meðstjórnandi
Jón Dalbú Hróbjartsson, meðstjórnandi
Tinna Rós Steinsdóttir, meðstjórnandi
Helga Kolbeinsdóttir, meðstjórnandi
Ásta Björg Þorbjörnsdóttir, varamaður
Ómar Kristinnsson, varamaður

Samkvæmt lögum félagsins skal stjórnin skipuð átta aðalmönnum, fjórum af hvoru kyni og tveimur varamönnum, karli og konu. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár, en varamanna eitt ár. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Í lok febrúar 2021 tók Tinna Rós Steinsdóttir við launuðu starfi innan félagsins og steig þá úr stjórn eins og lög félagsins kveða á um.



Sólveig
Reynisdóttir



Stefán Jónsson



Arna Ingólfssdóttir



Sigurður
Erlingsson



Blær Elíasson



Jón Dalbú
Hróbjartsson



Tinna Rós
Steinsdóttir



Helga
Kolbeinsdóttir



Ásta Björg
Þorbjörnsdóttir



Ómar Kristinnsson

Tengiliðir við starfsstöðvar

Stjórnarfolk skipti með sér að vera tengiliðir við einstaka starfsstöðvar félagsins. Hlutverk tengiliðs er að brúa bil á milli stjórnar og viðkomandi starfsstöðvar m.a. með því að halda sambandi við stjórnarfolk viðkomandi starfsstöðvar, mæta á aðalfund hennar og miðla upplýsingum. Tengiliðir voru sem hér segir:

Stefán Jónsson: KFUM og KFUK á Suðurnesjum
Arna Ingólfssdóttir: Leikskólinn Vinagarður
Blær Elíasson: KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum
Jón Dalbú Hróbjartsson: Ölver
Tinna Rós Steinsdóttir: Vindáshlíð
Helga Kolbeinsdóttir: Hólavátn og KFUK og KFUK á Akureyri
Ásta Björg Þorbjörnsdóttir: Vatnaskógur
Ómar Kristinnsson: Kaldársel

Stjórnarfundir

Pegar þetta er ritað hefur stjórnin haldið 11 stjórnarfundum og er einn á dagskrá fram að aðalfundi.

Fundirnir voru eftirfarandi:

Fundur 210, 9. júní 2020, kl. 17:00 á Holtavegi 28.
Fundur 211, 25. ágúst 2020, kl. 17:15. Fjarfundur á Teams.
Fundur 212, 8. september 2020, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 213, 6. október 2020, kl. 17:15. Fjarfundur á Teams.
Fundur 214, 26. október 2020, kl. 17:15. Fjarfundur á Teams.
Fundur 215, 17. nóvember 2020, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 216, 7. desember 2020, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 217, 12. janúar 2021, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 218, 9. febrúar 2021, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 219, 2. mars 2021, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 220, 13. apríl 2021, kl. 17:15 á Holtavegi 28.

Síðasti stjórnarfundur fyrir aðalfund verður þann 11. maí 2021

Verkefnalisti stjórnarinnar

Á stjórnarfundum 211 og 212 lagði stjórnin upp með verkefnalista þar sem tilgreind voru tólf atriði fyrir starfsárið.

Húsnæðismál: Húsnæðismál félagsins á Holtavegi 28 eru í raun tvö mál. Annað köllum við „stóra málið“ og snýr að því að byggja þarf nýtt hús í stað gamla hússins sem er ónýtt vegna mygluskemmda. Inn í það fléttast skipulag lóðarinnar, þarfi félagsins í nútíð og framtíð, hugmyndir að nýjum verkefnum, fjármögnun o.fl. Það mál þokast hægt áfram.

Hitt málið snýr að nýrra húsinu sem er í mikilli notkun, viðhaldi þess og umbótum svo það þjóni sem best hlutverki sínu. Í nýrra húsinu var þakskyggni yfir anddyri þússað upp og málað sumarið 2020. 70 nýjir stólar komu í samkomusal og 70 til viðbótar eru á leiðinni sem keyptir eru með stuðningi Basars KFUK. Miklar breytingar hafa verið gerðar á endasalum sem er orðinn vistlegur fyrir námskeið og fundi. Þá er verið að endurnýja fjórar af útidyrhúðum hússins, þ.á.m. aðaldyrnar.

Stuðningur við stjórnir sumarþúða: Málefni sumarþúða félagsins rata oft inn á borð stjórnar, einkum það sem lítur að samvinnu sumarþúða, samþættingu starfsins, undirbúningsnámskeiðum o.fl. Sjaldgæft er að innra starf einstaka sumarþúða komi á borð stjórnar, annað en fréttir af gangi mála. Framkvæmdastóri er í góðum tengslum við forystufólk sumarþúðanna, auk þess sem starfsfólk félagsins hleypur undir bagga og styður sumarþúðastjórnirnar í einstaka verkefnum.

Framkvæmdastjóri átti fjóra samráðsfundi með formönnum sumarbúða á starfsárinu. Á starfsárinu voru m.a. starfssamningar við sumarstarfsfólk uppfærðir og skerpt var á verklagi við ráðningar.

Stefnur í ýmsum málaflokkum: Á síðasta starfsári var tekin saman trúfræðslustefna fyrir félagið. Á þessu starfsári var röðin komin að velferðarstefnu og forvarnarstefnu sem var uppfærð. Þá er hafin vinna við uppfærslu á starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu félagsins.

Samstarfið við KSH: Eftir að skerpt var á samstarfi félagsins við Kristilegu skólahreyfinguna með skriflegu samkomulagi vorið 2020 hefur það verið á verkefnalista stjórnar félagsins að fylgja því samkomulagi eftir. Formaður hefur átt nokkra óformlega fundi með formanni KSH. Starfsmaður KSH (50% starf) er með starfsaðstöðu á skrifstofu KFUM og KFUK og er jafnframt í 50% starfi fyrir KFUM og KFUK. Boðleiðir og tengsl milli skrifstofu félagsins og KSH eru stuttar.

Merki KFUM og KFUK og grafísk ásýnd: Systurfélag okkar í Noregi uppfærði fyrir nokkrum árum merki félagsins og samræmði alla grafíska ásýnd. Sú vinna náði einnig til starfseininga innan félagsins sb. sumarbúðir og staðbundin félög. Þetta tókst það vel að KFUM og KFUK í Danmörku fékk leyfi til að fylgja norska félaginu að málum. Nokkur umræða hefur verið innan KFUM og KFUK á Íslandi að fylgja systurhreyfingum okkar í Noregi og Danmörku í þessum efnum. Við erum nú komin með leyfi frá KFUK og KFUM í Noregi að nota merkið og þær grafísku lausnir sem þar hafa verið þróaðar. Sjá má merkið og þá grafísku umgjörð sem um ræðir á www.kfukkfum.no


Samráðsþing: Það er á verkefnalista stjórnarinnar að endurvekja samráðsþingin. Samráðsþing voru haldin árlega á árinum 2008-2014, þar sem stjórn félagsins bauð stjórnnum starfsstöðva ásamt starfsfólki félagsins til skrafs og ráðagerða. Samráðsþing var komið á dagskrá í október 2020. Vegna samkomutakmarkana var samráðsþinginu frestað fram yfir áramótin og svo aftur til haustsins 2021.

Virgni á samfélagsmiðlum: Þörf er á umræðu um samfélagsmiðla og nýtingu þeirra í starfi félagsins. Átti sú umræða m.a. að fara fram á samráðsþinginu sem var frestað.

Æskulýðsstarfið: Þó svo að framkvæmd æskulýðsstarfsins sé í höndum starfsfólks félagsins, heyrir það undir ábyrgðarsvið stjórnarinnar. Fyrir starfsárið voru sett þau markmið að fjölga þátttakendum um 12%, fjölga deildum um eina til þrjár, að skerpa á samstarfi við sóknir kirkjunnar, þróa áfram námskeiðin Hetjan ÉG!, þróa framhald af leiðtogaþjálfun, taka þátt í tveimur erlendum verkefnum og endurvekja ungmennaráð. Ljóst er að Covid-19 hefur haft veruleg áhrif á þessi markmið. Æskulýðsstarfinu og leiðtogaþjálfun eru gerð frekari skil í kafla 2 og 3 í þessari skýrslu.

Hátíðar- og inntökufundur: Á hverju ári eru nýir félagar í KFUM og KFUK boðnir velkomnir í félagið á sérstöðum veislufundi. Hefð er fyrir því að fundurinn sé í umsjón stjórnar félagsins. Áhugi er fyrir því að gera lítilsháttar breytingar á þessum fundi, m.a. að halda hann á föstudagskvöldi. Vegna samkomutakmarkana var ekki talið forsvaranlegt að halda fundinn á starfsárinu, en hann settur á dagskrá haustið 2021.

Alþjóðastarf: Alþjóðaráð var endurvakið á starfsárinu. Í því sitja Tinna Rós Steinsdóttir formaður, Eydis Ösp Eypórsdóttir, Hákon Arnar Jónsson, Marta Karítas Ingibjartsdóttir og Björn Kristinn Jóhannsson. Sjá nánar kafla 6 um alþjóðastarf.



Þrjú af tíu stjórnarfundum hafa verið haldnir sem fjarfundir vegna Covid-19. Fjarfundir hafa marga kosti og geta verið mjög skilvirkir.



Félagsheimili KFUM og KFUK við Holtaveg er miðstöð félagsins.

Covid-19: Viðbrögð og viðbragðsáætlanir vegna Covid-19, viðmið gagnvart samkomutakmarkunum og áhrif á starf félagsins voru á verkefnalista stjórnar. Stjórnin var vakandi yfir þessum málum allt starfsárið.

Aðalfundur 2021: Undirbúningur og framkvæmd næsta aðalfundar er jafnan á verkefnalista stjórnar félagsins. Hann var á dagskrá 17. apríl, en hefur verið frestað til 5. júní vegna samkomutakmarkana stjórnvalda.

Áhrif Covid-19 á störf stjórnarinnar

Covid-19 og samkomutakmarkanir höfðu viðtæk áhrif á stjórnarstörfin. Þrjú stjórnarfundir voru haldnir sem fjarfundir með ágætis árangri. Aðrir stjórnarfundir voru haldnir í stóra salnum á Holtavegi 28, þar sem auðvelt var að virða tveggja metra regluna og fylgja öðrum sóttvarnareglum. Búið var að undirbúa samráðsþingið og dagskrá þess í október, þegar því var fyrst frestað fram í janúar og síðan aftur til haustsins 2021. Á sama hátt hefur þurft að fresta árlegum hátíðar- og inntökufundi til haustsins 2021. Stjórnin var með samræmdar viðbragsáætlanir og ólíkar sviðsmyndir á sínu borði fram eftir hausti 2020.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

Halda átti árlegan fund formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum hér á Íslandi 29.–31. janúar 2021. Vegna Covid-19 var fundinum breytt í fjarfund sem haldinn var laugardaginn 30. janúar. Sólvéig Reynisdóttir og Tómas Torfason leiddu fundinn fyrir hönd Íslands. Félögin á Norðurlöndunum skiptast á að halda þennan árlega fund. Vonbrigði formanna og framkvæmdastjóra frá hinum Norðurlöndunum að komast ekki til Íslands, leiddi til þeirrar ákvörðunar að næsti fundur verður haldinn á Íslandi í janúar 2022.

Heiðursfélagar

Heiðursfélagar KFUM og KFUK eru þau Ásgeir B. Ellertsson, Betsy R. Halldórsson, Emilia Ósk Guðjónsdóttir, Guðmundur Ómar Guðmundsson og Helga K. Friðriksdóttir. Einn heiðursfélagi, Sverrir Axelsson, lést 8. nóvember 2020.

Skrifstofa KFUM og KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi starfrækir miðlæga skrifstofu fyrir félagið á Holtavegi 28. Þar er sinnt fjármálaumsjón og bókhaldi fyrir allar starfsstöðvar og deildir sem kynntar eru í þessari skýrslu. Þaðan er einnig rekið miðlægt skráningarkerfi fyrir sumarþúðir og aðra viðburði félagsins. Fjölbreytt þjónusta við þátttakendur, viðskiptavinum sumarþúða, jafnt sem sjálfboðaliða í starfinu. Þá sinnir skrifstofan margþættum verkefnum sem snúa að kynningarstarfi, þjónustu við starfsstöðvar, viðburðum í félagshúsinu á Holtavegi o.fl.

Starfsfólk KFUM og KFUK

Starfsfólk KFUM og KFUK eru: Tómas Torfason, framkvæmdastjóri, Pröstur Árni Gunnarsson, fjármálastjóri, Klara V. Þórhallsdóttir sem sér um bókhald og rekstur, Elín Hrund Garðarsdóttir, þjónustufulltrúi, Unnur Ýr Kristinsdóttir, verkefnastjóri æskulýðssviðs, Hjördís Rós Jónsdóttir verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar í 30% starfi, Sigurður Már Hannesson sinnir margvíslegum verkefnum á móti starfi sínu fyrir KSH. Tinna Hermansdóttir er í 60% starfi með starfsaðstöðu á Akureyri. Þá er Gísli Stefánsson í 15% starfi með aðsetur í Vestmannaeyjum. Sumarstarfsmaður á skrifstofunni 2020 var Tinna Dögg Birgisdóttir. Á skrifstofu félagsins á Holtavegi er einnig starfsaðstaða framkvæmdastjóra Vatnaskógar, Ársæls Aðalbergssonar og verkefnastjóra Vindáshlíðar, Tinnu Rós Steinsdóttur.

Í september 2020 lét Eydís Ösp Eypórsdóttur æskulýðsfulltrúi og svæðisfulltrúi á Norðurlandi af störfum og var Tinna Hermansdóttir ráðin í hennar stað.

Yfirlit yfir starfsmenn í hlutastörfum á æskulýðssviði, sem leiða æskulýðsdeildir sem starfræktar eru í samstarfi við sóknir, auk þess að sinna viðburðastjórnun er að finna í kafla 2.

Áhrif Covid-19 á störf starfsfólks

Í samkomubanni stóðu Pröstur, Klara og Elín vaktina á Holtavegi 28 meðan aðrir starfsmenn störfuðu að miklu leiti heiman frá sér, enda verkefni þess eðlis að þau gefa kost á því. Fjarfundir hafa verið nýttir eftir því sem hentar. Starfsmenn á skrifstofu félagsins hafa byrjað hvern dag á því sótthreinsa helstu snertifleti í húsinu. Þá hefur þess verið gætt að handspritt sé aðgengilegt og grímur til staðar.

Öll umgegni um þjónustumiðstöð félagsins á Holtavegi hefur verið minni á starfsárinu, en í hefðbundnu árferði, enda hafa viðburðir og fundir verið í lágmarki.

Þegar síendurtekið þarf að fresta eða fella niður fundi og viðburði sem hafa verið í undirbúningi, þá tekur það eðlilega á starfsfólk jafnt sem sjálfboðaliða.

Styrkir vegna Covid-19

Stjórnvöld hafa ríkan skilning á mikilvægi æskulýðsstarfs fyrir íslenskt samfélag. Á starfsárinu gat félagið, ásamt starfseiningum innan KFUM og KFUK, sótt tvisvar sinnum um tekjufallsstyrki til Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í þessum aðgerðum stjórnvalda hefur félagið sjálft fengið 6.250.000 kr. og starfsstöðvar félagsins samtals 13.170.000 kr. í stuðning. Hluti af þessum fjárhæðum komu í janúar 2021 og koma því inn á rekstrarárið 2021. Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur haft forgöngu um styrki stjórnvalda til æskulýðsstarfs vegna heimsfaraldursins. Þökkum við fyrir þennan



Tómas Torfason



Pröstur Árni Gunnarsson



Klara V. Þórhallsdóttir



Elín Hrund Garðarsdóttir



Unnur Ýr Kristinsdóttir



Tinna Hermansdóttir



Hjördís Rós Jónsdóttir



Sigurður Már Hannesson



Gísli Stefánsson



Tinna Dögg Birgisdóttir



Ársæll Aðalbergsson



Tinna Rós Steinsdóttir

mikilvæga stuðning sem hefur hjálpað félaginu í gegnum erfiða tíma. Þá færði Reykjavíkurborg félaginu aukinn stuðning upp á 3.000.000 kr. vegna áriða Covid-19 á starfið og Kópavogsbær greiddi laun starfsfólks á leikjanámskeiði félagsins og létti þannig undir með starfsemi. Það ber einnig að þakka.



Skráningarkerfi KFUM og KFUK hefur með árunum orðið eitt af mikilvægari verkfærum í starfi félagsins.

Skráningarkerfi KFUM og KFUK

Eitt af mikilvægustu verkfærum í starfi félagsins er skráningarkerfi KFUM og KFUK. Við búum við þann munað að hafa sérsmíðaða hugbúnaðarlausn, mótaða að þörfum KFUM og KFUK. Kerfið var í upphafi smíðað sem skráningarkerfi fyrir sumarþúðirnar, en hefur í seinni tíð einnig nýst í víðara samhengi innan félagsins t.d. fyrir námskeið og bókanir á alla okkar viðburði.

Á hverju ári eru gerðar uppfærslur á kerfinu svo að það þjóni starfsemi okkar betur og geri alla bakvinnslu skilvirkari. Pétur Ragnarsson, tölvunarfræðingur, er maðurinn á bak við skráningarkerfið og uppfærslur þess.



Pétur Ragnarsson



2. Æskulýðsstarf

Unnur Ýr Kristinsdóttir
tók saman



Æskulýðsstarf er kjarnastarfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Markmið félagsins er að bjóða börnum og ungmennum að taka þátt í að skapa jákvætt félagsstarf sem mætir hverjum einstaklingi af umhyggju og virðingu og stuðlar að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska hvers og eins. Í KFUM og KFUK fá börn og ungmenni tækifæri til að vaxa í vitund um sjálf sig, um aðra, um samfélagið í kringum okkur og um lífandi Guð. Með þátttöku í starfinu öðlast einstaklingar færni til að hafa áhrif til breytinga á þessum sviðum. Æskulýðsstarfinu er sinnt af æskulýðsfulltrúum ásamt sjálfboðaliðum sem hafa fengið þjálfun, fræðslu og handleiðslu. Margir þeirra hafa tekið þátt í starfinu frá því þeir voru börn en svo fengið tækifæri til að axla ábyrgð og vaxa og þroskast í hlutverki leiðtoga. Það er því mikilvægt verkefni stjórnar og starfsfólks félagsins að hlúa að leiðtogunum og veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku í starfinu.

Vetrarstarf KFUM og KFUK starfsárið 2020-2021

Veturinn 2020-2021 voru starfræktar 27 KFUM og KFUK deildir. Starfinu var haldið uppi af 62 leiðtogum og ungleiðtogum. Í vetur hefur flottur hópur ungmenna tekið þátt í leiðtogabjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára og hefur hluti af þeirra þjálfun farið fram í deildastarfinu. Starfið í ár varð fyrir áhrifum Covid-19 og þurftu leiðtogar að aðlagja það að þeim reglugerðum frá yfirvöldum hverju sinni.

Áhrif Covid-19 á starfið

Covid-19 hafði mikil áhrif á æskulýðsstarf KFUM og KFUK veturinn 2020-2021 og skapaði leiðtogum margar áskoranir í starfi. Leggja þurfti niður hefðbundið starf um tíma og hætta þurfti við viðburði og mót. Vorið 2020 var vorferð yngri deilda og vetrarferð til Akureyrar aflyst. Haustið 2020 voru miðnæturnót unglíngadeilda og haustferð yngri deilda felldar niður vegna Covid-19. Þegar hægt var að halda samverur varð að huga að fjarlægð, sóttvörnum o.fl. Finna þurfti nýjar leiðir til að hafa starfið gangandi og dagskrá var endurskipulögð. Í sumum æskulýðsdeildum voru haldnar rafrænar samverur þar sem spilaðir voru leikir í gegnum netið, farið í spurningakeppni og fleirra. Einnig voru úti-samverur í boði, þar sem æskulýðsdeildirnar hittust utandyra og fóru í leiki, tendurðu bál og drukku kakó saman. Enginn sat auðum höndum á þessum fordæmalausum tímum, leiðtogar tóku þátt í Fjarfjöri, áskorandakeppni milli æskulýðsdeilda, sem fór fram á heimasíðu KFUM og KFUK og inn á Instagram. Auk þess tóku leiðtogar saman leikjahandbók sem kemur að notum bæði í vetrar- og sumarstarfinu.

Aflýsa þurfti árlegri jólasamveru leiðtoga og skipulagsfundir voru haldnir sem fjarfundir. Hrósa má leiðtogum og öllum sem að æskulýðsstarfinu hafa komið, fyrir seiglu og útsjónarsemi í þessum óvenjulegu aðstæðum sem heimsfaraldurinn hefur fært okkur á starfsárinu.

Viðburðir og verkefni í æskulýðsstarfinu

Fjarfjör

Þegar fella þurfti niður hefðbundið æskulýðsstarf vorið 2020, var verkefnið Fjarfjör sett í gang. Fjarfjör KFUM og KFUK var áskoranakeppni á netinu fyrir börn og unglinga í deildarstarfi KFUM og KFUK. Leiðtogar í deildarstarfi félagsins sendu inn áskorun fyrir áhugasama. Þau sem tóku áskoruninni sendu inn mynd eða myndband á Instagram merkt viðkomandi áskorun (#fjarfjorXX). Skorað var á þátttakendur í deildarstarfinu og fór þátttakan fram úr okkar björtustu vonum. Verkefnið heppnaðist mjög vel.

Leikjahandbók

Á starfsárinu var gefin út leikjahandbók fyrir starf KFUM og KFUK sem saman stendur af 41 leik til að nota í æskulýðsstarfi félagsins. Leikirnir eru fjölbreyttir og hægt að nota á ýmsa vegu t.d. í hópefli, við kennslu eða einfaldlega til skemmtunar. Hverjum leik fylgir útskýring á leiknum og hvað þarf til að framkvæma hann. Handbókin var tekin saman af leiðtogum í æskulýðsstarfinu veturinn 2020-2021, þegar þeir urðu að taka hvíld frá hefðbundnum störfum vegna samkomutakmarkana. Handbókin er einföld í notkun og mun nýtast vel í starfi með börnum og unglingum.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Ég frétti fyrst af KFUM og KFUK þegar ég fór með vini mínum í Vatnaskóg árið 2010. Foreldrar hans höfðu starfað þar og mæltu með því að við færum í dvalarflokk. Þar kynntist ég mörgum strákum og sumir af þeim eru mínir bestu vinir í dag.

Þegar heim var komið átti ég þó lítil samskipti við strákana sem ég kynntist í Skóginum, ekki fyrr en ég var á febrúarmóti á vegum ÆSKR í Vatnaskógi árið 2017. Í eldhúsinu sá ég kunnulegt andlit, en það var einn þeirra sem ég deildi með herbergi í dvalarflokknum 2010. Við ræddum saman og benti hann mér á fundi hjá KFUM og KFUK. Á þeim fundum var talað um trúna, sagðar sögur, beðnar bænir og sprellað mikið. Í kjölfarið fékk ég tækifæri til þess að verða leiðtogi í Vatnaskógi og taka þátt í fleiri verkefnum á vegum félagsins.

Ég hef alltaf tekið þátt í kirkjustarfi og mætt reglulega til messu. Ég var búinn að vera leita að félagsstarfi sem hentaði mér og flakkaði aðeins á milli, en ég fann strax að KFUM og KFUK er minn heimavöllur.

Í dag hef ég starfað í Vatnaskógi sem leiðtogi, fengið þar að kynnst Guði betur, lært meira um söguna og sr. Friðrik Friðriksson, stofnanda KFUM og KFUK.

Ég er þakklátur fyrir KFUM og KFUK og þau tækifæri sem ég fæ til að leggja mitt af mörkum í þetta frábæra starf. Í KFUM og KFUK hef ég fundið umhyggju, gleði, trúarlegan boðskap og frábæran vinkap.

Jens Elí Gunnarsson



UD landsins eru sjónvarpsþættir, svokallaðir magasínþættir, sem streymt er á netinu. Þeir eru unnir með þátttakendum í unglingastarfi félagsins tengja saman unglingastarfið KFUM og KFUK með fjölbreyttum hætti. Fyrsta sería, vormisseri 2021, telur átta þætti. Hægt er að nálgast þættina á www.kfum.is/tv

UD landsins - Magasínþættir

Nýtt verkefni fyrir unglingadeildir KFUM og KFUK fór í gang á starfsárinu. UD LANDSINS er þáttasería, sjónvarpsþættir um allt það helsta sem unglingadeildir KFUM og KFUK á Íslandi eru að gera í sínu starfi. Þáttunum er streymt á netinu. Í þáttunum eru unglingadeildir heimsóttar og fengið að kynnst þátttakendum og leiðtogum. Skemmtiatriði og innlegg eru frá unglingadeildum og KSS. Þá eru hugleiðingar í hverjum þætti. Þessir þættir eru til þess að efla tengsl á milli unglingaíðla félagsins víðsvegar um landið og um leið að kynna starfið okkar betur. Félagið fékk sérstakan styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að þróa og framkvæma þetta verkefni.

Æskulýðsmótið Friðrik

Æskulýðsmótið Friðrik var haldið helgina 19.-21. febrúar í Vatnaskógi.

Mótið sem haldið er fyrir unglinga í 8.-10. bekk hefur verið órjúfanlegur



hluti af deildarstarfi KFUM og KFUK undanfarin ár.

Að þessu sinni tóku deildir frá Höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ, Grindavík, Hveragerði, Akranesi,

Vestmannaeyjum og Akureyri þátt. Um 102 þátttakendur

voru á mótinu ásamt 20 leiðtogum. Mótstjórar í ár voru

Arnar Gauti Egilsson, Hrefna Magnús Haraldsdóttir Thors,

Pétur Bjarni Sigurðsson, Snorri Rúnarsson og Trausti Mar Sigurðsson.

Margt var í boði um helgina líkt og fyrri ár. Má þar nefna frjálstan tíma, heita potta, kvöldvökur, svínadalsballíð, orrusta og draugahús, svo fátt eitt sé nefnt.

Vetrarferð KFUM og KFUK

Um 20 ungmenni, 15 ára og eldri, lögðu upp í árlega vetrarferð KFUM og KFUK og KSS til Akureyrar dagana 5.-7. mars 2021. Á Akureyri tók hópur



ungmenna, undir stjórn Tinnu Hermannsdóttur, á móti sunnlendingunum. Fjölbreytt dagskrá var helgina t.d.

skíðaferð í Hlíðarfjall, diskóskaular, kvöldvaka að hætti

KSS, sundferð og bíókósý. Gunnar Hrafn Sveinsson og

Hreinn Pálsson fylgdu hópnunum norður.

Hér má sjá fjölda deilda og fjölda þátttakenda í vetrarstarfi KFUM og KFUK árið 2020–2021 í samanburði við fjögur starfsár þar á undan.

	2016-2017		2017-2018		2018-2019		2019-2020		2020-2021	
	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.
Vínadeildir (6–9 ára)	2	33	4	104	5	137	4	73	3	78
Yngri deildir (10–12 ára)	16	520	14	457	13	326	12	351	11	291
Unglingadeildir (13–15 ára)	10	413	12	452	11	307	10	380	13	369
Samtals	28	966	30	1013	29	770	26	804	27	738

Vorferð yngri deilda

Vorferð yngri deilda var 12.–13. mars 2021. Öllum börnum í yngri deildum KFUM og KFUK var boðið að taka þátt í ferð í Vatnaskóg þar sem gist var eina nótt. Um 100 þátttakendur úr starfi félagsins í Reykjavík, Kópavogi, Hveragerði, Grindavík og Reykjanesbæ tóku þátt í vel heppnaðari ferð. Dagskráin var ekki af verri endanum en m.a. var boðið upp á leiki og fjör, skemmtilega kvöldvöku, náttfatapartý, morgunstud og ævintýraratleik. Mótsstjórar voru Benedikt Guðmundsson, Jakob Freyr Einarsson og Brynjar Karl Guðmundsson, en þeir sáu einnig um undirbúning ásamt fleiri leiðtogum í starfi KFUM og KFUK.

Skipulagsfundir með forstöðufólki

Áður en deildarstarfið hefst er venja að vera með skipulags fundi þar sem farið er yfir verkefni sem framundan eru. Í ár voru haldnir tveir skipulagsfundir, sá fyrri í byrjun september og sá seinni í nóvember þar sem æskulýðsfulltrúar komu saman á netfundi. Á fundunum var farið yfir fræðslufni vetrarins og dagskrártilboð kynnt, farið var yfir viðburði vetrarins og fyrri viðburðir rýndir. Einnig var sér fundur fyrir forstöðufólk unglingsdeilda þar sem kynnt var nýtt verkefni fyrir þær deildir.

Hetjan ÉG!

Hetjan ÉG! er vandað námskeið á vegum KFUM og KFUK fyrir börn á aldrinum 10–12 ára. Markmið námskeiðsins, sem haldið hefur verið í Lindakirkju og Digraneskirkju, er að efla félagsfærni, styrkja sjálfsmynd þeirra og efla þau í samvinnu. Auk þess er farið með markvissum hætti í hópefli, félagsfærni leiki, sjálfsmyndarvinnu, finna og efla styrkleika og þora að takast á við áskoranir. Áhersla er lögð á að tengja fræðsluna við sögur úr Biblíunni. Hver samvera hefst á því að eiga saman borðsamfélag þar sem boðið er upp á hressingu áður en farið er í leiki, fræðslu og skapandi verkefni. Hetjan ÉG! samanstendur af 6 samverum auk sólahrings ferðalagi í Vatnaskóg. Námskeiðið hefur verið í mótun undanfarna tvo vetur. Núna er bæði komin reynsla og mikill mótunarvinna hefur átt sér stað hjá þverfaglegum hóp sem er með mikla reynsla úr barna- og æskulýðsstarfi. Þessi hópur hefur útbúið leiðbeinendabók fyrir námskeiðið og einnig er hafin vinna við vinnubók fyrir þátttakendur og foreldra þeirra. Markmiðið er á næstu árum að bjóða upp á Hetjan ÉG! á fleiri stöðum á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Suðurnesjum.



Yfirlit yfir félagsdeildir, forstöðufólk og leiðtoga, veturinn 2020–2021

Veturinn 2020–2021 starfrækti KFUM og KFUK

27 æskulýðsdeildir á 14 stöðum. Deildirnar eru aldurskiptar, vinadeildir (VD) eru fyrir 6-9 ára börn, yngri deildir (YD) eru fyrir 9–12 ára börn og unglíngadeildir (UD) eru fyrir 13–15 ára.

Víðast hvar er starfað í nánu samstarfi við kirkjurnar á viðkomandi stað.

YD KFUM og KFUK Akranes

Ástráður Sigurðsson og Fannar Logi Hannesson – Forstöðumenn
Pátttakendur á haustönn: 23

UD KFUM og KFUK Akranes

Ástráður Sigurðsson og Fannar Logi Hannesson – Forstöðumaður
Eva Sigurðardóttir
Pátttakendur á haustönn: 9
Pátttakendur á vorönn: 18

VD KFUK Akureyri

Tinna Hermannsdóttir – Forstöðukona
Klaudia Jablonska
Bryndís Anna Magnúsdóttir
Jóhanna María Gunnarsdóttir
Amanda Mist Sigrúnardóttir
Pátttakendur á haustönn: 20
Pátttakendur á vorönn: 25

YD Leikjafjör KFUM og KFUK Akureyri

Bára Dís Sigmarsdóttir – Forstöðukona
Elisabet Eik Jóhannsdóttir
Kristjana Rán Arnarsdóttir
Pátttakendur á haustönn: 10
Pátttakendur á vorönn: 17

UD KFUM og KFUK Akureyri

UD Glerá
í samstarfi við Gleráarkirkju
Tinna Hermannsdóttir og Eydís Ösp Eypórsdóttir – Forstöðukonur
Ingimar Baddi Eydal
Pátttakendur á haustönn: 15
Pátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK Ásbrú

Pétur Bjarni Sigurðarson – Forstöðumaður
Ásdís Birta Magnúsdóttir
Pátttakendur á haustönn: 12
Pátttakendur á vorönn: 8

YD KFUM og KFUK

Ástjarnarkirkju
Sigurður Már Hannesson og Ísak Jón Einarsson – Forstöðumenn
Ása Hrönn Magnúsdóttir
Pátttakendur á haustönn: 5
Pátttakendur á vorönn: 3

UD KFUM og KFUK

Ástjarnarkirkju
Siguður Már Hannesson og Ísak Jón Einarsson – Forstöðumenn
Ása Hrönn Magnúsdóttir
Pátttakendur á haustönn: 25
Pátttakendur á vorönn: 23

VD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkja

Pétur Ragnhildarson – Forstöðumaður
Marta Karítas Ingibjartsdóttir
Hrefna Magnús Haraldsdóttir
Pátttakendur á haustönn: 14
Pátttakendur á vorönn: 17

UD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Pétur Ragnhildarson – Forstöðumaður
Ásthildur Ben Davíðsdóttir
Bjarkey Rúna Jóhannsdóttir
Kristján Helgi
Pátttakendur á haustönn: 16
Pátttakendur á vorönn: 16

UD KFUM og KFUK í Guðríðarkirkju

Pétur Ragnhildarson – Forstöðumaður
Nanna Birgisdóttir Hafberg
Pátttakendur á haustönn: 34
Pátttakendur á vorönn: 34

UD KFUM og KFUK Neskirkju

Tinna Dögg Birgisdóttir og Sigrún Dóra Jóhannsdóttir – Forstöðukonur
Ríkarður Estherarson
Pátttakendur á haustönn: 38
Pátttakendur á vorönn: 38

YD KFUM og KFUK í Grindavík

Pétur Bjarni Sigurðarson og Nanna Birgisdóttir Hafberg – Forstöðufólk
Björn Kristinn Jóhannsson
Gunnar Þór Snæberg
Valdimarsson
Agnar Ingi Guðmundsson
Eva María Valdimarsdóttir
Hildur Ólöf Kristjánsdóttir
Ágústa María Olsson
Flóvent Rígved
Helgi Guðmundsson
Jón Andri Sigurðsson
Emilía Ólafsdóttir
Tinna Björg H. Gunnarsdóttir
Pátttakendur á haustönn: 35
Pátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK í

Grindavíkurkirkju
Pétur Bjarni Sigurðarson og Nanna Birgisdóttir Hafberg – Forstöðufólk
Björn Kristinn Jóhannsson
Pátttakendur á haustönn: 39
Pátttakendur á vorönn: 25

YD KFUM og KFUK í

Hveragerðiskirkju
Davíð Guðmundsson og Kristrún Lilja Gísladóttir – Forstöðufólk
Pátttakendur á haustönn: 9
Pátttakendur á vorönn: 12

UD KFUM og KFUK í

Hveragerðiskirkju
Davíð Guðmundsson og Kristrún Lilja Gísladóttir – Forstöðufólk
Pátttakendur á haustönn: 7
Pátttakendur á vorönn: 23

YD KFUM og KFUK í Innri

Njarðvíkurkirkju
Heiðar Örn Hönnuson og Pétur Bjarni Sigurðsson – Forstöðumenn
Pátttakendur á haustönn: 25
Pátttakendur á vorönn: 10

VD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Brynja Eiríksdóttir – Forstöðukona
Björn Kristinn Jóhannsson
Lilja Þorsteinsdóttir
Helga Vígðís Thordersen
Pátttakendur á haustönn: 24
Pátttakendur á vorönn: 36

YD KFUM Hátúni (Reykjanesbæ)

Sveinn Valdimarsson – Forstöðumaður
Pátttakendur á haustönn: 22
Pátttakendur á vorönn: 23

YD KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Sigurbjört Kristjánsdóttir – Forstöðukona
Helga Sveinsdóttir
Bergrún Dögg Bjarnadóttir
Helga Vígðís Thordersen
Lilja Þorsteinsdóttir
Elfa Magnúsdóttir
Esther Gustavsdóttir
Pátttakendur á haustönn: 51
Pátttakendur á vorönn: 57

UD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – Forstöðukona
Birta Rún Benediktsdóttir
Helga Sveinsdóttir
Eliza Liv Taylor
Bergrún Dögg Bjarnadóttir
Pátttakendur á haustönn: 27
Pátttakendur á vorönn: 27

YD KFUM í Lindakirkju

Gunnar Hrafn Sveinsson og Eiríkur Skúli Gústafsson – Forstöðumenn
Róbert Ingi Þorsteinnsson
Jakob Freyr Einarsson
Pátttakendur á haustönn: 30
Pátttakendur á vorönn: 20

YD KFUK í Lindakirkju

Andrea Rut Halldórsdóttir
Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir
Kistrún Lilja Gísladóttir
María Rut Arnarsdóttir
Sigríður Sól Ársælsdóttir
Pátttakendur á haustönn: 37
Pátttakendur á vorönn: 44



Ástráður
Sigurðsson



Ásdís Birta
Magnúsdóttir



Bára Dís
Sigmarsdóttir



Davíð
Guðmundsson



Eiríkur Skúli
Gústafsson

UD KFUM og KFUK í Lindakirkju

(UD Kaktus)
Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
– Forstöðumenn
Ísak Jón Einarsson
Kistrún Lilja Gísladóttir
Pátttakendur á haustönn: 95
Pátttakendur á vorönn: 40
Pátttakendur á vorönn: 38



Eva
Sigurðardóttir



Gísli Stefánsson



Guðlaugur
Sveinn Hrafnsson



Gunnar Hrafn
Sveinsson



Heiðar Hönnuson

YD KFUM og KFUK

Svalbarðseyri og Grenivík

Guðlaugur Sveinn Hrafnsson –
Forstöðumaður
Elísabet Eik Jóhannsdóttir,
Kristjana Rán
Klaudia Jablonska
Bryndís Anna Magnúsdóttir
Aldís Þóra Haraldsdóttir
Pátttakendur á vorönn: 20



Hreinn Pálsson



Ísak Jón
Einarsson



Kistrún Lilja
Gísladóttir



Nanna Birgis-
dóttir Hafberg



Pétur Bjarni
Sigurðsson

UD KFUM og KFUK í

Vestmannaeyjum (ÆsLand)

Gísli Stefánsson – Forstöðumaður
Ásgeir Þór Porvaldsson
Sandra Dögg Valgeirsdóttir
Sigurbjörg Sigurfinnsdóttir
Arnar Gauti Egilsson
Snorri Rúnarsson
Trausti Mar Sigurðarson
Pátttakendur á haustönn: 15
Pátttakendur á vorönn: 15



Sigurður Már
Hannesson



Sigrún Dóra
Jóhannsdóttir



Tinna Dögg
Birgisdóttir



Tinna
Hermannsdóttir



Andrea Rut
Halldórsdóttir



Björn Kristinn
Jóhannsson



Brynja
Eiríksdóttir



Eydís Ösp
Eyþórsdóttir



Guðbjörg Ýr
Hilmarsdóttir



Margrét Jóhanna
Guðjónsdóttir

Opin hús í Landakirkju 8-10

bekkur og fyrsta ár í fjölbraut

Gísli Stefánsson – Forstöðumaður
Ásgeir Þór Porvaldsson
Sandra Dögg Valgeirsdóttir
Sigurbjörg Sigurfinnsdóttir
Arnar Gauti Egilsson
Snorri Rúnarsson
Trausti Mar Sigurðarson
Pátttakendur á haustönn: 7
Pátttakendur á vorönn: 7



María Rut
Arnarsdóttir



Pétur
Ragnhildarson



Róbert Ingi
Þorsteinsson



Sigurbjört
Kristjánsdóttir



Sveinn
Valdimarsson



3. Leiðtogapjálfun

Hjördís Rós Jónsdóttir
tók saman



KFUM og KFUK vill vera vettvangur þar sem ungt fólk fær tækifæri til að vaxa, þroskast og eflast sem einstaklingar. Þess vegna leggur félagið mikla áherslu á metnaðarfullt fræðslustarf og þjálfun til þess að undirbúa leiðtoga félagsins á sem bestan hátt til að sinna starfi með börnum og unglingum á vettvangi deildastarfsins og sumarbúðanna. KFUM og KFUK hefur það hlutverk að efla ungt fólk til líkama, sálar og anda. Sem kristlegt félag leitast KFUM og KFUK við að efla trúarþroska ungs fólks og sjálfsmynd þeirra sem kristinna einstaklinga. Leiðtogapjálfun KFUM og KFUK tekur einnig mið af því að á hverju ári þarf félagið hóp af ungu fólki til að starfa á vettvangi þess, sem starfsmenn í sumarbúðum, leiðtogar í æskulýðsstarfi, verkefnastjórar í viðburðum eða til að taka sæti í stjórnun og nefndum. Leiðtogapjálfun KFUM og KFUK skapar góðan grunn til frekari starfa á vettvangi félagsins.

Uppbygging leiðtogapjálfunarinnar

Leiðtogapjálfun KFUM og KFUK byggir á fjórum þáttum sem leggja grunninn að hlutverki og markmiði félagsins og koma fram í nafni þess. Bókstafurinn K tákna að við erum kristlegt félag með það aðalmarkmið að boða fagnaðareriði um Jesú Krist. Þess vegna er einn af grunnþáttum fræðslustarfsins að fræða um líf og starf Jesú Krists, bænalíf og helgihald. Bókstafurinn F tákna að við leggjum áherslu á fræðslu um félagsstarf og almenna félagsmálafræðslu. Bókstafurinn U tákna að KFUM og KFUK er félag fyrir ungt fólk og leggur mikið upp úr því að leiðtogar í barna- og unglingastarfi séu búnir undir hlutverk sitt. Bókstafirnir M og K tákna að KFUM og KFUK er mannræktarhreyfing fyrir fólk á öllum aldri þar sem mannúðar- og samfélagsmál eru í brennidepli.

Samstarf um leiðtogapjálfun 2020-2021

KFUM og KFUK er hluti af Æskulýðsvettvanginum (ÆV) ásamt Bandalagi íslenskra skáta (BÍS), Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ). Tilgangur ÆV er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna auk þess að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogapjálfunar og fræðslu- og forvarnarmála. Má hér sérstaklega nefna Verndum þau námskeiðið og netnámskeið í barnavernd.

KFUM og KFUK leggur mikla áherslu á að allt starfsfólk og sjálfbóðaliðar félagsins sækja Verndum þau námskeiðið annað hvert ár. Á námskeiðinu er farið yfir helstu einkenni og afleiðingar ofbeldis og vanrækslu í garð barna og hvernig bregðast skuli við ef grunur um slíkt kemur upp í starfinu. Nú getur starfsfólk og sjálfbóðaliðar einnig tekið stutt netnámskeið í barnavernd en þar þurfa þátttakendur að standast stutt próf til að fá viðurkenningu á því að hafa lokið námskeiðinu.

Á starfsárinu hrinti Æskulýðsvettvangurinn af stað vitundarvakningu í tengslum við neteinelti barna og ungmenna. Í kjölfarið var sett upp fræðslusiða Æskulýðsvettvangsins um neteinelti þar sem finna má staðreyndir um neteinelti, um mismunandi birtingarmyndir neteineltis og einkenni, vísbendingar um að neteinelti eigi sér stað og hvað sé hægt að gera ef maður er þolandi, gerandi eða áhorfandi að neteinelti, foreldri/ forsjáraðili eða starfsmaður með börnum og ungmennum. 18. febrúar 2021 hélt Æskulýðsvettvangurinn rafrænt örnámskeið um neteinelti.

Námskeið á starfsárinu 2020-2021

Eins og öllum er ljóst þá var starfsárið 2020-2021 með öðru sniði en undanfarin ár. Kórónuveirufaraldurinn gerði það að verkum að fella þurfti niður hluta af þeim námskeiðum sem halda átti. En faraldurinn kenndi okkur einnig að við getum nýtt okkur tæknina í miklu meira mæli en við höfum gert. Sum námskeiðanna sem halda átti voru gerð rafræn og öðrum var streymt beint til þátttakenda. Þó rafræn námskeið komi ekki alltaf í stað venjulegra námskeiða (þar sem umræður og óformlegt spjall á sér stað) þá bjóða þau upp á að fleiri geti tekið þátt í þeim, óháð því hvar á landinu þátttakendur búa. Það má því reikna með að boðið verði oftar upp á slík námskeið samhliða venjulegum.

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára ungmenni samanstendur af fjórum helgarsamverum á tveggja ára tímabili auk verklegar þjálfunar milli leiðtogaheganna. Fræðslan á leiðtogahegnum byggir á grunnstoðum leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK, K=kristin fræðsla, F=félagsmálafræðsla, U=ungmennalyðræði og M/K=mannrækt. Hjördís Rós Jónsdóttir heldur utan um leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára en hún hefur fengið til liðs við sig frábæra einstaklinga sem styðja við þjálfunina með einum eða öðrum hætti. Á starfsárinu voru haldnar tvær leiðtogahegjar.

Vatnaskógur 18.-20. september 2020, leiðtogaþjálfun I, III og X

Fyrri leiðtogahegjin var haldin í Vatnaskógi dagana 18.-20. september. Þar var boðið upp á þrjú námskeið; leiðtogaþjálfun I (fyrir þá sem voru að stíga sin fyrstu skref í leiðtogaþjálfuninni), leiðtogaþjálfun III (fyrir lengra komna) og leiðtogaþjálfun X (fyrir 18 ára og eldri og þá sem lokið hafa leiðtogaþjálfun I-IV). Námskeiðið átti upphaflega að vera haldið í Vindáshlíð en vegna Covid-19 þurfti að færa það yfir í Vatnaskóg til að geta dreift hópnum betur um svæðið. Helgin var nokkuð lituð af faraldrinum og gera þurfti smá breytingar á dagskránni en þátttakendur létu það þó lítið á sig fá og stóðu sig mjög vel.

Fræðslan var í þetta skipti þrískipt og fengu allir hóparnir fræðslu úr öllum fjórum grunnstoðum leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK. Um kennslu á námskeiðunum sáu þau: Gunnar Hrafn Sveinsson, Eydís Ösp Eyþórsdóttir, Hjördís Rós Jónsdóttir, Jón Ómar Gunnarsson, Sigurður Már Hannesson, Tinna Hermannsdóttir, Tómas Torfason og Unnur Ýr Kristinsdóttir. Þátttakendur á námskeiðunum þremur voru 64 talsins.

Vatnaskógur 22.-24. janúar 2021, leiðtogaþjálfun II, IV og X

Síðari leiðtogahegjin var einnig haldin í Vatnaskógi dagana 22.-24. janúar og var hún með svipuðu sniði og sú fyrri, þ.e. boðið var upp á þrjú aðskilin námskeið, leiðtogaþjálfun II, leiðtogaþjálfun IV og leiðtogaþjálfun X. Líkt og á fyrri helginni var tvísýnt hvort hægt yrði að halda námskeiðin vegna Covid-19 en hægt var að útfæra námskeiðin þannig að þau uppfylltu öll sóttvarnarskilyrði sem gerð höfðu verið. Allir hópar þurftu að gista á ákveðnum svæðum og matartímar voru tvískiptir. Allir þátttakendur, eldri en 15 ára, þurftu að vera með andlitsgrímur á fyrirlestrum og öðrum stöðum þar sem ekki var hægt að tryggja tveggja metra regluna. Því miður gat flottur hópur leiðtoga frá Akureyri ekki komið í Vatnaskóg vegna veðurs. Hins vegar var öllum fyrirlestrum streymt til þeirra en Tinna Hermannsdóttir hélt utan um hópinn í Sunnuhlíð á Akureyri. Þrátt fyrir aðeins öðruvísi leiðtogahegji gekk allt eins og í sögu og það er þakkarvert að hafa getað haldið námskeiðin í miðjum faraldri. Öll fræðslan var sem fyrr þrískipt og komu margir gestir að fræðslunni. Um kennslu á námskeiðunum þremur sáu þau: Ásgeir Pétursson, Benedikt Guðmundsson, Bjarni Fritzon, Guðni Már Harðarson, Gunnar Hrafn Sveinsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Perla Magnúsdóttir, Sigurður Már Hannesson, Tómas Torfason, Unnur Ýr Kristinsdóttir og Þóra Björg Sigurðardóttir. Stjórn KSS stóð fyrir frábærum KSS fundi á laugardagskvöldinu. Auk fræðslunnar gafst þátttakendum svo tækifæri á að spreyta sig á ýmsum verkefnum, kynna nýjum vinum og efla sig sem einstaklinga. Þátttakendur á námskeiðunum voru 49, þar af voru 7 þeirra að útskrifast úr leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára.



Á hverju ári er haldið námskeið í brunavörnum og skyndihjálp. Á myndinni er Jón Pétursson að fræða leiðtoga í sumarstarfi félagsins um notkun slökkvitækja. Í framhaldi var verkleg kennsla utandyra í meðferð slökkvitækja.

Leiðtogaráðstefnan GLS

Leiðtogaráðstefnan Global leadership summit (GLS) var rafræn að þessu sinni. Föstudaginn 6. nóvember var boðið upp á flotta og uppbyggjandi fyrirlestra sem þátttakendur gátu horft á heima hjá sér. Líkt og fyrri ár tók starfsfólk KFUM og KFUK þátt í ráðstefnunni auk nokkurra stjórnarmeðlima úr stjórnnum félagsins.

Samráðsfundur forstöðufólks

Tvisvar á ári er boðið upp á samráðsfund fyrir forstöðufólk deildarstarfsins. Á samráðsfundinum getur forstöðufólk rætt saman um starfið, nýjar hugmyndir, viðburði sem fram undan eru og farið yfir stöðu mála og þá viðburði sem þegar hafa verið haldnir. Að þessu sinni voru fundirnir haldnir 2. nóvember og 20. janúar. Skipulag fundanna var í höndum Unnar Ýrar Kristinsdóttur, verkefnastjóra æskulýðsstarfsins, auk

þess sem hún stýrði fundunum. Fundir sem þessir eru afar mikilvægir fyrir starf félagsins og dýrmætt að hafa vettvang þar sem starfsfólk og forstöðufólk getur rætt saman og skipulagt deildastarfið.

Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi

Á hverju ári býður KFUM og KFUK upp á námskeið og fræðslu sem undirbýr starfsfólk sumarsins á sem bestan hátt fyrir þau verkefni sem þeirra biða. Í ár var boðið upp á fjölda námskeiða sem starfsfólk gat sótt en það var Halldór Elías Guðmundsson sem hafði yfirumsjón með námskeiðunum en ásamt honum sáu fleiri gestir um fræðsluna. Hér má sjá lista yfir námskeiðin og þær breytingar sem urðu á þeim vegna Covid-19:

- 16. mars Uppbyggilegir og skemmtilegir hópleikir I – Dr. Jim Cain (Aflýst vegna Covid-19)
- 17. mars Uppbyggilegir og skemmtilegir hópleikir I – Dr. Jim Cain (Aflýst vegna Covid-19)
- 18. mars Uppbyggilegir og skemmtilegir hópleikir II – Dr. Jim Cain (Aflýst vegna Covid-19)
- 25. mars Hvað gerist í sumarþúðum? – Hjördís Rós Jónsdóttir (Rafrænt námskeið)
- 1. apríl Trúaruppeldi og hugleiðingargerð – Halldór Elías Guðmundsson (Rafrænt námskeið)
- 15. apríl Verndum þau – Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir (Aflýst vegna Covid-19)
- 22. apríl Svefn og svefnvenjur – Dr. Erla Björnsdóttir (Aflýst vegna Covid-19)
- 29. apríl Hvað gerist líka í sumarþúðum? – Hjördís Rós Jónsdóttir (Rafrænt námskeið)
- 6. maí Heimþrá og samskipti við foreldra – Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir og Halldór Elías Guðmundsson (Rafrænt námskeið)
- 13. maí Samskipti á vinnustað – Pálmar Ragnarsson (Haldið á Holtavegi 28, takmörkuð pláss í boði)
- 20. maí Skyndihjálpar og brunavarnir – Jón Pétursson og Kristján Sigfússon (Haldið í sóttvarnarhólfum á Holtavegi 28)
- 27. maí Námskeið fyrir aðstoðarforingja – Hjördís Rós Jónsdóttir (Haldið á Holtavegi 28)
- 27. maí Samtal forstöðufólks – Tómas Torfason (Haldið á Holtavegi 28)
- 27. maí Samtal milli matráða (Haldið á Holtavegi 28)
- 4. júní Verndum þau – Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir (Haldið á Holtavegi 28 en var einnig streymt)

Eins og sjá má þurfti að bregðast skjótt við breyttum aðstæðum en með jákvæðu og lausnarmiðuðu hugarfari allra var hægt að bjóða upp á flotta fræðslu fyrir starfsfólk sumarsins.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Mín fyrstu tengsl við KFUK minnst ég þegar ég skottaðist átta ára frá heimili mínu á Grensásvegi að félagshúsinu við Langagerði 1 á YD-fundi. Þangað mætti ég í árána rás, fann fyrir velvild og hlýju foringjanna og sótti snemma styrk minn og von í trúna á góðan Guð. Mörg ár eru liðin og mikið vatn runnið til sjávar, en KFUK og KFUM hefur verið fasti í lífi mínu alla tíð síðan og vera mín þar hefur mótað mig sem manneskju. Í félögunum hef ég sömuleiðis eignast marga tryggja og góða vini sem ég verð alla tíð þakklát fyrir.

Að fá að starfa sem sjálfboðaliði er ótrúlega verðmætur og blessunarríkur skóli, nokkuð sem maður ætti seint að líta á sem kvöð heldur fyrst og fremst sem gjöf. Sem óþroskaður unglingur, fann maður að manni var treyst og falin ábyrgð stundum langt umfram getu. Hversu þakkarvert er það að fá þjálfun í að standa fyrir framan hóp barna og fullorðinna og þurfa að tjá sig?

Samfélagsmunstrið í dag er sífellt minna stílað inn á félagsstörf og beina samveru. Tölvuvæðingin gerir okkur t.d. kleift að eiga í eins konar samskiptum án þess að vera saman. Við vitum að slík "samskipti" munu seint fullnægja félagsþörf okkar, og bein samvera er og verður okkur nauðsynleg.

Stöndum vörð um okkar kæra rúmlega aldargamla félag sem hefur fengið tækifæri til að þróast og aðlagast, en einnig notið þeirrar blessunar að halda í grunnildin. Fær enn að boða börnum og fullorðnum trú og styrkja manneskjuna að líkama, sál og anda. Langar að færa okkur þetta bænavers sem við lærðum í Hlíðinni fyrir margt löngu og ávallt fyllti það hugann öryggi og ró þegar við sungum saman :

"Vertu Jesús minn hjá mér,
mig lát aldrei sleppa þér.
Bjartan, hlýjan, bústað þér.
Bú þú nú í hjarta mér" (höf. ókunnur)

Dagný Bjarnhéðinsdóttir



4. Leikjanámskeið

Unnur Ýr Kristinsdóttir
tók saman



Leikjanámskeið KFUM og KFUK voru haldin á tveimur stöðum sumarið 2020, í Lindakirkju í Kópavogi og í Félagsheimi KFUM og KFUK í Reykjanesbæ Hátúni 36. Markmið leikjanámskeiðanna er að bjóða börnum á aldrinum 6-9 ára upp á metnaðarfullt sumarstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska líkama, sálar og anda. Mikil er lagt upp úr því að mæta hverju barni á eigin forsendum svo það fái að njóta sín sem best. Á námskeiðunum er unnið með kristið siðferði í hugsunum, orðum og gjörðum og sérstök áhersla á vináttu, kærleika og virðingu. Börnin fá daglega kristilega fræðslu, syngja kristilega söngva, biðja bænar og taka þátt í leikjum og styttri ferðalögum.

Í Lindakirkju í Kópavogi voru haldin sex leikjanámskeið sumarið 2020. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:45. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg en hefðbundinn dagur á leikjanámskeiðinu byrjar á leikjum og upphafsstund í Lindakirkju þar sem er sungið og hlýtt á hugleiðingu og dæmisögur úr Guðs orði. Eftir nestispásum um morguninn var jafnan farið í skemmtilegar ferðir á hina ýmsu staði og komið til baka um þrjú leytið. Á föstudögum var síðan góðri viku lokið með því að fara á sumarhátíð á Holtavegi 28, en þar var boðið upp á grillaðar pylsur, andlitsmálingu og hoppukastala. Á leikjanámskeiðunum starfaði forstöðukona, tveir starfsmenn eldri en 18 ára og tveir aðstoðarleiðtogar, sem Vinnuskóli Kópavogs lagði til. Þátttakendur námskeiðanna voru 143 talsins og var biðlisti á öll námskeiðin.

Starfsfólk leikjanámskeiðanna sótti ýmis undirbúningsnámskeið áður en sumarstarfið hófst. Lesa má nánar um þau í kaflanum um fræðslustarf. Eftirfarandi störfuðu á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Lindakirkju sumarið 2020: Unnur Rún Sveinsdóttir, Kristrún Lilja Gísladóttir, Jakob Freyr Einarsson, Eva Sigurðardóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Marta Karítas Ingibjartsdóttir og Hálf dán Helgi Matthíasson.

Í Reykjanesbæ voru haldin þrjú leikjanámskeið sumarið 2020. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:45. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil ánægja foreldra með námskeiðin og mörg barnanna að koma í annað og þriðja skipti. Starfsfólkið hélt úti virkri fésbókarsíðu á netinu svo foreldrar gátu fylgst vel með hvað var að gerast. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 50.

Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Reykjanesbæ sumarið 2020: María Rut Arnarsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Ragnar Snær Sigurðsson, Ólafur Þór Gunnarsson, Elísabet María Kristinsdóttir, Eyrún Ólóf Ívarsdóttir, Lilja Þorsteinsdóttir, Helga Vígdís Thordersen Jón Arnar Birgisson og Eypór Ingi Brynjarsson.



5. Fjölskyldu- og fullorðinsstarf

Fjölskyldu- og fullorðinsstarf á vegum KFUM og KFUK á Íslandi er mikilvægur þáttur í starfi félagsins sem safnar saman fólki á öllum aldri. Þar er áhersla lögð á að efla einstaklingana til líkama, sálar og anda, styrkja tengsl fjölskyldna og samfélag félagsfólks með margvíslegum hætti. Leitast er við að bjóða upp á uppbyggilega dagskrá og samverustundir fyrir ólíka aldurshópa. Í hópi félagsmanna á aldrinum 18 til 99 ára er einnig að finna bakland félagsins, þá sem leggja sitt af mörkum sem sjálfbóðaliðar t.d. í stjórnnum og nefndum eða vinnuflokkum sumarbúðanna.

Fjölbreytt félagsstarf

Í KFUM og KFUK er rými fyrir fjölbreytt félagsstarf og verkefni. Fimm verkefni njóta sérstöðu þar sem yfir þau eru til samþykktir og fyrir þeim fer formlig stjórn. Verkefni eru: Karlakór KFUM, Kvennakórinn Ljósbrót, Basar KFUK, Jól í skókassa og Sportfélag KFUM og KFUK. Skýrslur þessara verkefna er að finna í kaflum 5.1 til 5.5.

Fjölskyldustarf í sumarþúðum KFUM og KFUK

Stærstur hluti starfsemi sumarþúða KFUM og KFUK fer fram í dvalarflokkum fyrir börn og unglinga á sumrin en á öðrum árstímum er einnig boðið upp á styttri flokka fyrir fjölskyldufólk og fullorðna t.d. feðgaflokkar, feðginaflokkur, mæðgnaflokkur, fjölskylduflokkar, karla- og kvennaflokkar. Að ógleymdri fjölskylduhátíðinni Sæludagar í Vatnaskógi. All mikið rask varð á dagskrá fyrir þennan hóp í sumarþúðunum á starfsárinu og þurfti t.d. að afboða Sæludaga í Vatnaskógi með skömmum fyrirvara. Nánar er komið inn á það í skýrslum sumarþúðanna í köflum 11 til 15.

Fullorðinsstarf karla og kvenna að vetri

Yfir vetrarmánuðina eru haldnir vikulegir fundir í fullorðinsstarfi hjá aðaldeildum félagsins, AD KFUM og AD KFUK, í húsi félagsins við Holtaveg. Áralöng hefð er fyrir þessum fundum. Fundir hjá AD KFUM hafa verið á fimmtudagskvöldum, en fundir AD KFUK hafa síðari ár verið með kaffihúsabrag á þriðjudögum kl. 17. Umfjöllunarefni fundanna er fjölbreytt og margt spennandi sem ber á góma. Á fundina koma ýmsir gestir með erindi um áhugaverð málefni.

Segja má að samkomutakmarkanir vegna Covid-19 hafi haft umtalsverð áhrif á fullorðinsstarf félagsins. Einn sameiginlegur AD fundur var haldinn á haustmisseri 2020 áður en fresta þurfti fundum. AD fundir fóru af stað á ný í lok febrúar 2021, innan þess ramma sem sóttvarareglur gáfu leyfi til, en þurftu enn og aftur að taka hvíld í mars og fram yfir páska. Sigrún Gísladóttir, Dagný Bjarnhéðinsdóttir, Sólbjörg Linda Reynisdóttir og Arna Ingólfsdóttir hafa verið í forsvari fyrir Aðaldeild KFUK. Gunnar J. Gunnarsson, Ólafur Sverrisson, Árni Sigurðsson, Ingi Bogi Bogason og Ársæll Aðalbergsson hafa farið fyrir Aðaldeild KFUM.

Sjálfbært starf

Til fjölda ára hefur verið lögð á það áhersla að fullorðinsstarf KFUM og KFUK sé sjálfbært fjárhagslega. Þannig er starfið borið uppi af sjálfbóðaliðum án þess að starfsfólk félagsins komi að því sérstaklega.

Þakklæti til sjálfbóðaliða

Lögð er áhersla á að ábyrgð og umsjón viðburða í fjölskyldu- og fullorðinsstarfi KFUM og KFUK sé í höndum sjálfbóðaliða. Flestir viðburðir fullorðinsstarfsins hafa orðið að veruleika fyrir tilstilli, frumkvæðis og vinnu sjálfbóðaliða úr röðum félagsfólks. KFUM og KFUK á Íslandi færir þeim kærar þakkir fyrir óeigingjarnt og alúðlegt starf í þágu félagsins og ómetanlegt framlag til þess.



5.1 Kvinnakórinn Ljósbot

Kvinnakórinn Ljósbot er að ljúka sínu 5. starfsári. Á aðalfundi sem haldinn var að heimili Dagnýjar Bjarnhéðinsdóttur 19. febrúar 2020 var ákveðið að í stjórn kórsins sætu; Herdís Ástráðsdóttir formaður, Ásta Þorbjörnsdóttir gjaldkeri og Þórunn Arnardóttir ritari.

Stjórnandi kórsins eins og fjögur undanfarin ár er Keith Reed. Í kórnum syngja rúmlega 20 konur.

Æfingar eru á miðvikudögum kl. 17-18:15 í Aðalstöðvum KFUM og KFUK við Holtaveg. Samskiptavefurinn Facebook er notaður til að koma upplýsingum til kórfélaga og þar eru geymdar hljóðskrár þeirra verkefna sem kórinn fæst við hverju sinni. Kórfélagar undirbúa æfingar með stuðningi þessara skráa. Kórinn hefur notið þess að Keith Reed hefur útsett og samið tónlist sérstaklega fyrir kórinn. Æfingar eru metnaðarfullar og rík áhersla lögð á raddbeitingu og túlkun. Hverri æfingu líkur með bænastund.

Covid-19 setti mark sitt á allt starf kórsins þetta starfsárið. Æfingar féllu niður í lengri tíma vegna samkomutakmarkana. Engu að síður tókst að halda vortónleika á Holtavegi 28. Auk tónlistarflutnings var Halla Jónsdóttir með hugvefju og boðið var upp á kaffi og heimabakað í lok tónleikanna. Í desember var svo jólasamvera á netfundi. Æfingar hófust aftur í janúar 2021 og er stefnt á vortónleika til styrktar starfinu í Vindáshlið.

Allt bendir til þess að frá og með næsta hausti verði hægt að skipuleggja kórstarfið með eðlilegum hætti og takast á við fleiri krefjandi verkefni. Að vera þátttakandi í félagsstarfi eru lífsgæði sem Covid-19 hefur kennt okkur að eru ekki sjálfsgöð. Við stöndum því auðmjúkar og þakklátar fyrir heilsu og krafta, samkennd og samhljóm og fyrir tónlistina, þá stóru gjöf.

Þórunn Arnardóttir
ritari Ljósbrots



5.2 Karlakór KFUM

Starfsárið varð sérstakt vegna áhrifa sóttvarnar ráðstafanna vegna Covid-19. Þegar í byrjun mars voru teknar þær ráðstafanir af sóttvarnaryfirvöldum um samkomutakmarkanir, að ekki var unnt lengur að halda uppi eðlilegri starfssemi kórsins með æfingum.

Aðalfundur Kórsins var þó haldinn 18. maí enda hafði þá verið nokkuð létt á samkomutakmörkunum og fundarfært. Öll mál voru afgreidd í mikilli eindrægni og með lófaklappi þegar mikið lá við. Þórarinn Björnsson vék úr stjórn eftir þriggja ára farsæl störf sem gjaldkeri og Sigurjón Gunnarsson var kosinn í hans stað. Samþykkt var að styrkja sumarstarfið í Ölveri með myndarlegu framlagi og greiða til félagsins hóflegt aðstöðugjald. Nokkur umræða fór fram um mögulega utanferð kórsins 2022 en kórfélagar og makar hafa hleypt heimdraganum á þriggja ára fresti frá 2016. Ekkert var afráðið í þeim efnum.

Staðið hafði til að heimsækja suðurlandið í vorferð og nokkur undirbúningur farið fram, en þeirri ferð varð að aflysa eins og svo mörgu öðru í Kófinu.

Skógarmenn höfðu kaffisölu í Vatnaskógi 5. júlí og tóku þeir kórmeðlimir, sem treystu sér til, þar nokkur lög og efltu fjöldasöng. Var það eftirminnileg stund þeim sem þátt tóku. Þar frumflutti kórinn lag og texta Inga Gunnar Jóhannssonar „Upp í Vatnaskóg“ sem hann tileinkaði Sverri Axelssyni frænda sínum sem var viðstaddur.

Haustið 2020 var boðað til kóræfinga og haldin ein æfing þann 14. september. Það sem eftir lífið ársins lá starfið alveg niðri vegna þriðju bylgy faraldursins. Æfingar hófust 25. janúar með því að tvær raddir mættu í einu.

Sigurbjörn Sveinsson
ritari Karlakórs KFUM



Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Hvar á ég að byrja? KFUM og KFUK hefur gefið mér svo margt. Félagið hefur styrkt mig félagslega, trúarlega og starfslega. Mörg ár í röð fór ég í sumarbúðir KFUM og KFUK sem krakki. Ég var staðráðin í að þar ætlaði ég að vinna þegar ég yrði eldri og

sú varð raunin. Ég byrjaði sem aðstoðarforingi, svo foringi, síðar ráðskona og að lokum forstöðukona. KFUM og KFUK hefur gert mig að sterkari og sjálfsöruggari einstaklingi og fyrir það er ég afar þakklát. Að fá að starfa í því umhverfi sem KFUM og KFUK býður upp á eru forréttindi. Þeir eru ófáir hlutirnir sem ég hef lært í gegnum síðustu tíu ár. Hlutir sem munu fylgja mér alla tíð og veita mér styrk í lífinu. Þau vinasambönd sem hafa myndast á þessum tíma eru mér mjög dýrmæt. KFUM og KFUK er uppfyllt af undislegu og kærleiksríku fólki sem ómetanlegt er að fá að kynnast. Takk fyrir allt ykkar frábæra starf og fyrir að opna arma ykkar fyrir mér og öðrum.



Jóhanna Elísa Skúladóttir

5.3 Basar KFUK

Basar KFUK er árlegur jólabasar sem haldinn er laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Markmiðið er fjáröflun fyrir ýmis verkefni félagsins KFUM og KFUK. Hlutverk stjórnarinnar er að koma að undirbúningi og framkvæmd Basar KFUK. Í stjórn verkefnisins eru þær Bára Sigurjónsdóttir formaður, Anna Elísa Gunnarsdóttir gjaldkeri, Berglind Ósk Einarsdóttir ritari og Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir meðstjórnandi. Stór hópur af sjálfbóðaliðum koma saman og starfa með stjórn í undirbúningsnefnd. Í þeim hópi þetta árið voru Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir, Áslaug Dóra Einarsdóttir, María Sighvatsdóttir, Anna Magnúsdóttir og Guðrún Nína Petersen. Arna Mariúsdóttir Auðunsdóttir sá um að hanna auglýsingar fyrir samfélagsmiðla.

Áhrif COVID-19 gerðu það ómögulegt að hafa hefðbundinn basar árið 2020. Vegna takmarkana þá var því miður ekki hægt að bjóða fólki að koma saman í félagshúsinu og eiga þar skemmtilega jólastund saman, skoða fallegu handverkin og fá sér vöflu. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður í samfélaginu þá voru þær konur sem hafa staðið á bak við Basar KFUK ekki tilbúnar að fella niður þessa mikilvægu fjáröflunarleið. Ákveðið var að hugsa í lausnum og rafrænn basar var útfærður í fyrsta sinn.

Með samstilltu átaki margra öflugra kvenna þá var sett í loftið vefverslun á slóðinni www.basarkfuk.com. Vefverslunin var opnuð laugardaginn 28. nóvember og var opin til laugardagsins 5. desember. Til sölu voru handgerðar vörur, jólaskraut, dúkar, leikföng, fatnaður og margt fleira. Vegna aðstæðna var ekki boðið upp á heimabakað, eins og áður hefur verið gert. Notast var við Shopify fyrir utanumhald á vefversluninni og lögð var mikil vinna í að setja inn greinargóðar lýsingar og fallegar ljósmyndir af öllum vörum. Hægt var að sækja keyptar vörur á Holtaveg 28 eða fá þær heimsendar, en hópur sjálfbóðaliða sá um að keyra þær til kaupenda. Allar vörur voru afhentar fallega innpakkaðar með Basar KFUK merkingu. Það skal tekið fram að skipulag og framkvæmd á móttöku og afhendingu basarvaranna var til fyrirmyndar og gætt að öllum sötvarareglum í því ferli. Til að auglýsa vefverslunina var ákveðið að nota einungis auglýsingar á samfélagsmiðlunum Facebook og Instagram. Breytt fyrirkomulag Basar KFUK 2020 virðist hafa skilað sér til margra því mikil umferð var á vefversluninni fyrsta opnunardaginn. Þeir sem litu við á síðunni sýndu langflestir starfinu stuðning með kaupum á vörum en gaman er að segja frá því að margir völdu þann möguleika að gefa beint styrktarframlag. Þó að minni tekjur hafi komið inn þetta árið þá sparaðist ýmislegt í kostnaði á móti, og var til að mynda verulegur munur á auglýsingakostnaði. Heildartekjur af basarnum voru rúmlega helmingur af því sem hafði safnast árið áður. Það má heldur betur segja að fjáröflunin hafa farið fram úr öllum vonum og væntingum basarnefndar og -stjórnar og var einstaklega vel heppnað framtak. Ákveðið hefur verið að láta ágóða basarsins renna til stólakaupa fyrir félagsstarf í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi 28.

Stjórn verkefnisins vill þakka öllum þeim sem lögðu Basar KFUK lið á árinu með því að leggja fram gullfalleg handverk til sölu og bjóða fram vinnu sínu í öll þau verkefni

Berglind Ósk Einarsdóttir
ritari Basars KFUK



Með samstilltu átaki margra öflugra kvenna þá var sett í loftið vefverslun á slóðinni www.basarkfuk.com. Til sölu voru handgerðar vörur, jólaskraut, dúkar, leikföng, fatnaður og margt fleira.

5.4 Jól í skókassa

Verkefnið Jól í skókassa er hluti af starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Verkefnið er góðgerðastarf sjálfbóðaliða og snýst um að safna jólagjöfum fyrir börn og unglinga í Úkraínu sem búa við fátækt, veikindi, erfiðar aðstæður eða líða á annan hátt fyrir aðstæður sínar.

Stjórn verkefnisins var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Björgvin Þórðarson, formaður
Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri
Hreinn Pálsson, ritari
Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi
Áslaug Björgvinsdóttir, meðstjórnandi

Verkefni stjórnarinnar

Helstu verkefni stjórnar á árinu var undirbúningur fyrir söfnun jólagjafanna og móttaka á jólagjöfum en það fyrirkomulag þurfti að skipuleggja upp á nýtt vegna Covid-19. Önnur verkefni stjórnarinnar voru m.a. samskipti við fjölmöla og annars konar kynning á verkefninu, samskipti við sjálfbóðaliða, styrktaraðila verkefnisins, tengiliði verkefnisins á landsbyggðinni sem og í Úkraínu. Einnig skýrslugerð í tengslum við flutning jólagjafanna og önnur tilfallandi verkefni.

Áhrif Covid-19 á starfið

Í jól í skókassa vikunni í gegnum árin hefur fjöldi sjálfbóðaliða mætt á Holtaveg og hjálpað við verkefnið. Árið í ár var eins og allir vita öðrusvísi. Núna voru í gildi sóttvarnarlög sem kváðu á um að ekki fleiri en 10 manns mættu koma saman með 2 metra á milli sín og allir með grímur. Í venjulegri jól í skókassa viku er unnið frá mánudegi til laugardags og á venjulegum lokaskiladegi eru 50-60 sjálfbóðaliðar að hjálpa til við yfirferð. Nýjar aðstæður kölluðu á breytt vinnulag og betra skipulag. Stjórnin bjó til vaktaplan þar sem sjálfbóðaliðum var raðað í hópa og á vaktir þannig að enginn möguleiki væri á að hóparnir blönduðust og sóttvarnareglum var fylgt. Einnig byrjuðum við degi fyrir á yfirferð. Á lokaskiladegi var móttaka gjafanna utandyra í fallegu en ísköldu veðri þar sem ekki fleiri máttu koma inn í húsið. Þökk sé frábærum sjálfbóðaliðum og góðu skipulagi gekk verkefnið mjög vel fyrir sig.



Alls söfnuðust 4.382 kassar í ár.



Söfnun gjafa

Árið 2020 var sautjándi árið í röð sem jólagjöfum var safnað fyrir munaðarlaus og fátæk börn í Úkraínu. Lokaskiladagur gjafa í Reykjavík í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi var laugardagurinn 14. nóvember, 2020 en fyrir þann tíma var hægt að koma kössum til skila víða um land. Fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum á landsbyggðinni sá um að taka á móti gjöfum og koma þeim til Reykjavíkur. Starfsfólk KFUM og KFUK gegndu jafnframt viðamiklu hlutverki í að taka á móti jólagjöfum. Alls söfnuðust 4.382 kassar. Öllum skókössum var pakkað á bretti og komið fyrir í stórum gámi. Mánudaginn 16. nóvember 2020 var gámurinn sóttur og hófst þá ferðalag gámsins frá húsi KFUM og KFUK við Holtaveg til Kirovohrad í Úkraínu. Eimskip styrkti flutninginn innanlands og sá um sjóflutninginn.

Útdeiling gjafa til barna í Úkraínu

Sjálfbóðaliðar okkar í Úkraínu sáu alfarið um dreifingu gjafanna sem lauk um miðjan janúar 2021. Aðstæður voru allt aðrar en vanalega. Samkomutakmarkanir voru í gildi þar eins og annars staðar og oft á tíðum voru það foreldrar eða forráðamenn sem tóku við gjöfunum fyrir hönd barnanna þar sem mörg hver eru mikið veik og ekki tekin nein áhætta á að þau myndu smitast.

Stjórnin vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í verkefninu sem sjálfbóðaliðar og til þeirra sem gáfu gjafir. Það er ykkur að þakka að fjöldi barna sem býr við erfiðar aðstæður fær jólagjöf sem gleður.

Hreinn Pálsson
ritari Jól í skókassa



5.5 Sportfélag KFUM og KFUK

Sportfélag KFUM og KFUK stendur fyrir gönguferðum og annarri útivist, þar sem kristilegu trúarlífi er stundum fléttað inn í. Sportfélagið var fest formlega í sessi sem starfsgrein innan KFUM og KFUK árið 2019 og skipuð þriggja manna stjórn sem situr óbreytt enn. Hana skipa Pétur Ásgeirsson formaður, Anna Magnúsdóttir ritari og Hallgerður Bjarnhéðinsdóttir gjaldkeri. Á árinu 2020 var enginn hefðbundinn stjórnarfundur haldinn heldur ræddi stjórnin málin í gönguferðum og með skilaboðasendingum.

Farið var í 12 gönguferðir og eina hjólaferð á árinu 2020. Þátttakendur í þessum ferðum voru frá þremur upp í tuttugu og þrjá, að meðaltali níu manns á hverjum viðburði. Bæði var farið í innanbæjargöngur og fjallgöngur en allar ferðirnar voru á suðvesturhorni landsins.

Stjórn Sportfélagsins sá að miklu leyti um sameiginlegan fund aðaldeilda KFUM og KFUK sem haldinn var í október og varð reyndar eini AD fundurinn á haustmisserinu. Þar höfðu stjórnarmenn upphafsorð, bæn og hugleiðingu ásamt því að Sportfélagið var kynnt í máli og myndum og rakin ferðasaga frá hjólaferð sem farin var 2019.

Viðburðir Sportfélags KFUM og KFUK eru einkum auglýstir í samnefndum facebook-hópi, sem telur 428 manns þegar þetta er skrifað. Öllum er velkomið að ganga til liðs við hópinn, bæði félagsfólki í KFUM og KFUK, sem og öðru útivistaráhugafólki.



Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Það hefur verið mér óendanlega dýrmætt að taka þátt í starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Allt frá því að ég sótti minn fyrsta KFUM fund í Langagerðinu þegar ég var 9 ára gamall hefur starf félagsins haft jákvæð áhrif á líf mitt. Mér hefur auðnast að vera þátttakandi í starfinu á flestum stigum í sumarbúðum, deildarstarfi, fjölskyldustarfi og AD starfinu. Þátttakan í starfinu hefur verið nærandi fyrir mig á líkama, sál og anda og er ég afskaplega þakklátur fyrir að hafa fengið að kynna trúnni á Jesú Krist í gegnum starf KFUM og KFUK. Sem sjálfbóðaliði og starfsmaður í sumarbúðum hef ég fengið tækifæri til að efla færni mína og nýta hæfileika mína til góðs innan félagsins. Fyrir ungan guðfræðinema var þátttakan í starfi KFUM og KFUK besta starfsnám sem hægt er að hugsa sér fyrir prestsþjónustu í Þjóðkirkjunni. Að standa frammi fyrir 100 drengjum á kvöldvöku í Vatnaskógi og flytja hugleiðingu er ótrúleg áskorun en jafnframt frábær þjálfun í predikun. Ég er þakklátur fyrir að fá að vera hluti af þessu félagi og fyrir að fá að leggja hönd á plóg í félagsstarfinu.

Jón Ómar Gunnarsson



Áhrif Covid-19 á starfið:

Sex fyrirhugaðar göngu- eða hjólaferðir féllu niður á árinu og í öðrum tilvikum var tímasetningu breytt. Tveggja metra reglan setti einnig svip sinn á margar ferðir sem þó voru farnar og ekki var sameinast í bíla að áfangastað í sama mæli og venjulega. Einnig má gera ráð fyrir að þátttaka hefði verið meiri í einhverjum ferðanna ef ekki væri fyrir faraldurinn. Þær ferðir sem féllu niður áttu í sumum tilfellum að tengjast kaffisólum eða öðru sem varð ekki úr vegna Covid-19.

Á þessum undarlegu tímum þegar ekki er hægt að halda fundi er þó auðveldara að koma saman utandyra þar sem nóg er plássíð til að halda fjarlægð og smíthætta er minni í ferska loftinu. Það hefur því verið kærkomið að geta hitt félagsfólk í göngu- eða hjólaferð eftir því sem fjöldatakmörkanir hafa leyft hverju sinni. Og alþekkt er að hreyfing utandyra er heilsuþætandi bæði líkamlega og andlega.

Fylgist með facebook hópnum og verið velkomin í næstu ferð!

Anna Magnúsdóttir
ritari Sportfélags KFUM og KFUK



6. Alþjóðastarf

Tómas Torfason
tók saman



Alþjóðastarf er mikilvægur þáttur í starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Eitt af markmiðum KFUM og KFUK á Íslandi er að félagsfólk upplifi að það sé hluti af stærri heild á alþjóðavísu. Unnið er í samstarfi við önnur KFUM og KFUK félög, bæði í Evrópu og á heimsvísu, ásamt sérstöku norrænu samstarfi. Þar að auki tekur félagið þátt í ýmsum æskulýðs- og leiðtoga verkefnum sem tengjast öðrum félagasamtökum. Það alþjóðastarf sem KFUM og KFUK á Íslandi tekur þátt í er því fjölbreytt og á sér stað bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Áhrif Covid-19

Heimfaraldurinn hafði mikil áhrif á þennan þátt starfsins. Engar utanlandsferðir voru farnar á starfsárinu og nauðsynlegir fundir voru afgreiddir sem fjarfundir. Fyrir lá að hópur ungmenna færi á Norrænt mót í Lapplandi sumarið 2020, en því móti var frestað til 2022.

Alþjóðaráð

Alþjóðaráð var endurvakið á starfsárinu. Í því sitja Tinna Rós Steinsdóttir formaður, Eydís Ösp Eypórsdóttir, Hákon Arnar Jónsson og Marta Karítas Ingibjartsdóttir.

Ráðið hefur það hlutverk að efla starf KFUM og KFUK á Íslandi á alþjóðavettvangi. Það hefur umsjón með erlendum samskiptum, fylgist með erlendum viðburðum og verkefnum sem í boði eru og velur þátttakendur á þá viðburði. Einnig leitast ráðið við að kynna félagið á erlendum grundu.


Eitt af markmiðum ráðsins er að gefa ungu fólk tækifæri til þátttöku í alþjóðlegum verkefnum og öðlast þannig alþjóðlega sýn og reynslu sem nýtist þeim m.a. í verkefnum fyrir KFUM og KFUK. Alþjóðaráðið stuðlar einnig að aukinni vitund félaga að félagið er hluti af alþjóðlegri hreyfingu.



Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á norðurlöndunum, sem átti að fara fram á Íslandi helgina 29.-31. janúar var breytt í fjarfund sem fram fór 30. janúar.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

Halda átti árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum hér á Íslandi 29.-31. janúar 2021. Vegna Covid-19 var fundinum breytt í fjarfund sem haldinn var laugardaginn 30. janúar. Sólveig Reynisdóttir og Tómas Torfason leiddu fundinn fyrir hönd Íslands. Félagin á norðurlöndunum skiptast á að halda þennan árlega fund. Vonbrigði fulltrúa vinnuþjónna okkar að komast ekki til Íslands, leiddi til þeirrar ákvörðunar að fundurinn verður haldinn að ári á Íslandi.



Aðalfundur KFUM í Evrópu fór fram sem fjarfundur 20. október 2020. Á fundinum var kosið um ályktanir sem komu fram án fyrirvara, auk þess sem kosið var í stjórn hreyfingarinnar. Sýnir hvernig hægt er að nýta tæknina ef þörfin krefst þess.

KFUM í Evrópu

KFUM og KFUK á Íslandi er fullgildur aðili að KFUM í Evrópu, samtökum KFUM félaga í Evrópu. Félagið tekur virkan þátt í starfi samtakanna á fjölbreyttan hátt, meðal annars með því að sækja ráðstefnur, námskeið og aðalfundi.

Aðalfundur KFUM í Evrópu 2020

Aðalfundur KFUM í Evrópu, sem halda átti í Brussel í maí 2020, fór fram rafrænt á Zoom þann 20. nóvember 2020. Á fundinum var Emma Osmundsen frá Englandi kosin formaður og tók hún við af Mike Will frá Skotlandi. Emma er fyrsta konan sem gegnir formennsku hjá YMCA Europe. Að öllu jöfnu sendir félagið tvo fulltrúa á aðalfund KFUM í Evrópu. Að þessu sinni sat Tómas Torfason framkvæmdastjóri fundinn fyrir hönd KFUM og KFUK á Íslandi.

Fundur framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu

Í stað árlegs fundar framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu, voru þetta starfsárið haldnir fjórir fjarfundir framkvæmdastjóra, haldnir 22. september 2020, 10. október 2020, 28. janúar 2021 og 23. mars 2021.

Samstarf við KFUM í Úkraínu

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við KFUM í Úkraínu í gegnum verkefnið Jól í skólkassa. Er komið nánar inn á það samstarf í kafla 5.4 sem er tileinkaður verkefninu.



7. Innland samstarfsverkefni

Tómas Torfason
tók saman



KFUM og KFUK á Íslandi á samstarf við fjölmarga aðila innanlands. Í kaflanum er greint frá helstu samstarfsaðilum og samstarfsverkefnum á starfsárinu.

Æskulýðsvettvangurinn

KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta, Ungmennafélag Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg mynda saman samstarfsvettvang undir heitinu Æskulýðsvettvangurinn (ÆV). Þetta samstarf má rekja til ársins 2007, en formlig stofnun ÆV fór fram 2012 þegar ÆV fékk lög og kennitölu og réði til sín starfsmann. Stjórn ÆV á starfsárinu skipuðu þau Auður Þorsteinsdóttir formaður (UMFÍ), Tómas Torfason (KFUM og KFUK), Kristinn Ólafsson (BÍS) Gunnar Stefánsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg). Sema Erla Serdar er framkvæmdastýra ÆV, starfshlutfall hennar er 80%.

Tilgangur og markmið ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því þurfa þykir. Gildi ÆV eru vellíðan, velferð og öryggi.

Siðareglur

ÆV stendur að útgáfu siðareglna um samskipti og siðareglna um rekstur og ábyrgð. Eru þær hugsaðar fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða í starfi aðildarfélaganna. Tilgangurinn með þeim er að gefa starfsfólki og sjálfbóðaliðum ramma til þess að starfa innan, bæði til þess að tryggja velferð og öryggi barna og ungmenna sem taka þátt í starfinu og til þess að tryggja fagmennsku í starfi.

Fagråd í meðferð eineltis- og kynferðisbrota

Aðildarfélag ÆV eiga með sér samráð þegar kemur að þessum viðkvæma málaflökki og hefur starfrækt sérstakt fagråd til að koma að slíkum málum. Hægt er að tilkynna einelti, kynferðisbrot og aðra óæskilega hegðun til fagráðsins. Starfsemi fagráðsins hefur aukist til muna á síðustu árum. Áfram verður unnið að þróun þessa samstarfs til að tryggja góð og fagleg viðbrögð og vinnubrögð þegar upp kemur grunur um einelti eða kynferðisbrot á vettvangi aðildarfélaganna.

Viðbragðsáætlun

ÆV hefur gefið út viðbragðsáætlun þar sem finna má verkferla sem félög skulu fylgja þegar upp koma atvik eða áföll sem kunna að hafa áhrif á starf félags. Dæmi um atvik sem viðbragðsáætlunin nær til eru agabrot, ávana- og vímuefnanotkun, einelti, kynferðisbrot, alvarleg veikindi, áföll, slys og andlát.

Sakavottorð

KFUM og KFUK (ásamt öðrum aðildarfélögum ÆV) gera þá kröfu til sjálfbóðaliða og starfsmanna sem starfa með börnum og ungmennum á vettvangi félagsins að þeir skili inn samþykkt fyrir því að félagið sækir upplýsingar um þau úr sakaskrá. Eitt af verkefnum ÆV er að þrýsta á stjórnvöld að gera þetta ferli einfaldara og skilvirkara, t.d. með rafrænum lausnum.

Verndum þau

Á árinu 2020 voru auglýst og skipulögð fjögur Verndum þau námskeið víðs vegar um landið. Ólóf Ásta Farestveit, annar höfundur bókarinnar



Verndum þau, var kennari á námskeiðunum.

Verndum þau fjallar um hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum. KFUM og KFUK krefst þess að þeir sem starfa með börnum og unglingum á vettvangi félagsins hafi sótt námskeiðin nýlega.

Netnámskeið í barnavernd

ÆV stendur fyrir netnámskeiði um barnavernd. Markmiðið með námskeiðinu er að auka þekkingu starfsfólks og sjálfbóðaliða sem starfa með börnum og ungmennum í íþrótt- og æskulýðsstarfi á einelti, ofbeldi og áreitni sem börn og ungmenni geta orðið fyrir; að sporna gegn því að slíkt komi upp í íþrótt- og æskulýðsstarfi og gera börnum og ungmennum auðveldara með að fá úrlausn slíkra mála þegar þau koma upp.

Nánari upplýsingar: <https://namskeid.aev.is/>

Vitundarvakning um neteinelti

Æskulýðsvettvangurinn stendur fyrir vitundarvakningu um neteinelti á meðal barna og ungmenna. Hluti af vitundarvakningunni er fræðslu- og forvarnarsíða þar sem meðal annars er fjallað um mismunandi birtingarmyndir neteineltis, einkenni og alvarlegar afleiðingar þess, vísbendingar um að neteinelti eigi sér stað hjá börnum og ungmennum og hvert hægt sé að leita eftir aðstoð ef einstaklingur er þolandí, gerandi eða áhorfandi að neteinelti, foreldri/forsjáraðili eða starfmaður með börnum og ungmennum. Nánari upplýsingar: <https://aev.is/neteinelti>

Ekkert hatur

Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð er eitt af verkefnum ÆV. Verkefninu er ætlað vekja athygli á hatursorðræðu á netinu, vekja ungt fólk til umhugsunar og hvetja það til að bregðast við. Verkefnið stendur fyrir jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Því er beint gegn einelti, hatursorðræðu, kynþáttafordómum og mismunum á netinu.



KFUM og KFUK á náið samstarf við Kristilegu skólahreyfinguna, einkum KSS, þegar kemur að ungmennastarfi.



Kristileg skólahreyfing

Kristilega skólahreyfingin (KSH); Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF) hafa átt náið samstarf við KFUM og KFUK á Íslandi um áratuga skeið. Starf KSS miðast við aldurshópinn 15-20 ára og starf KSF fyrir háskólastúdenta. Ungmennastarf skólahreyfingarinnar hefur verið það samofið starfi KFUM og KFUK, að félaginu hefur ekki þótt ástæða til að standa fyrir eigin starfi fyrir sama aldurshóp í Reykjavík.

Á starfsárinu fékk KSH nýjan starfsmann, Sigurð Má Hannesson, í 50% stöðu. Sigurður starfar á mótí í 50% starfi fyrir KFUM og KFUK, er með starfsaðstöðu á Holtavegi 28 og er hluti af starfsmannateymi KFUM og KFUK.

KSS heldur vikulega fundi sína í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi og árleg mót sín í sumarbúðum félagsins. Þá fléttast starf KSS saman við leiðtogaþjálfun félagsins.

Þjóðkirkjan

Þræðir KFUM og KFUK og Þjóðkirkjunnar liggja víða saman. KFUM og KFUK á Íslandi á náið og gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf (sjá nánar kafla 2). Leikjanámskeið í Kópavogi voru haldin í samstarfi við Lindakirkju. Félagið á mikil samstarf við söfnuði þjóðkirkjunnar um fermingarnámskeið í Vatnaskógi (sjá kafla 11), auk þess að vinna með fræðsluvið biskupsstofu að útgáfu á fræðsluefnis sem tengir saman kristna trú og gildi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sjá www.heimsmarkmidabokin.is.

Fríðrikskapella á Hlíðarenda

Fríðrikskapella er eitt af samstarfsverkefnum, en hún er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Í



KFUM og KFUK á Íslandi á náið og gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf. Grindavíkurkirkja er ein þeirra kirkna sem félagið hefur átt farsælt samstarf við til margra ára.



Fríðrikskapella er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur.

Fríðrikskapellu eru haldnar hádegissamverur á mánudögum yfir vetrarmánuðina. Þá er kapellan nýtt fyrir margskonar viðburði og samverur. Fulltrúi KFUM og KFUK í kapellunefnd er Kári Geirlaugsson.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Stjórnvöld hafa ríkan skilning á mikilvægi æskulýðsstarfs fyrir íslenskt samfélag. KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, sérstaklega íþrótt- og æskulýðsdeildina. Valgerður Þórunn Bjarnadóttir og Örvar Ólafsson eru tengiliðir ráðuneytisins við félagið. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK á



Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Sólveig Reynisdóttir formaður KFUM og KFUK. Félagið hefur fengið stuðning úr aðgerðarpakka stjórnvalda vegna Covid-19.

Íslandi og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins af hálfu ríkisins. Covid-19 hafði áhrif á samstarf félagsins við ráðuneytið. Á starfsárinu gat KFUM og KFUK, ásamt starfseiningum innan félagsins, sótt tvisvar sinnum um tekjufallsstyrki til Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í þessum aðgerðum stjórnvalda hefur félagið sjálft fengið 6.250.000 kr. og starfsstöðvar félagsins samtals 13.170.000 kr. í stuðning. Hluti af þessum fjárhæðum komu í janúar 2021 og koma því inn á rekstrarárið 2021. Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur haft forgöngu um styrki stjórnvalda til æskulýðsstarfs vegna heimsfaraldursins. Þökkum við fyrir þennan mikilvæga stuðning.

Sveitarfélög

KFUM og KFUK á einnig samstarf við fjölmörg sveitarfélög. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK og Reykjavíkurborgar. Þá er einnig þjónustusamningur á milli KFUM og KFUK í Reykjanesbæ og Reykjanesbæjar og milli félagsins á Akureyri og Akureyrarbæjar. Á starfsárinu færði Reykjavíkurborg félaginu aukinn stuðning upp á 3.000.000 kr. vegna áhrifa Covid-19 á starfið og Kópavogsbær greiddi laun starfsfólks á leikjanámskeiði félagsins og létti þannig undir með starfsemi. Það ber að þakka.

8. Útgáfu- og kynningarmál

Tómas Torfason
tók saman 

Útgáfu- og kynningarmálum KFUM og KFUK sinna bæði starfsmenn félagsins og sjálfboðaliðar. Fjölbreyttir miðlar eru nýttir til að koma á framfæri því fjölbreytta starfi sem félagið býður upp á. Þannig hefur vægi samfélagsmiðla aukist ár frá ári. Hluti af kynningarstarfinu er unnið í þágu félagsins í heild, meðan annað snýr að afmörkuðum starfsstöðvum, verkefnum eða viðburðum. Stundum snýr kynningarstarf að afmörkuðum hópi, t.d. félagsfólki KFUM og KFUK, en í öðrum tilfellum er horft til breiðari hóps almennings, t.d. þegar við gefum út kynningarblað fyrir sumarþúðirnar.

Fréttabréf

Fréttabréf KFUM og KFUK kom tvisvar sinnum út á starfsárinu, í september 2020 og í byrjun janúar 2021. Fréttabréfið var sent út til allra félagsmanna KFUM og KFUK, margra kirkna, æskulýðssamtaka á landinu, alþingismanna og borgar- og bæjarfulltrúa og fleiri velunnara. Rafrænar útgáfur má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>. Í fréttabréfinu er bæði greint frá liðnum viðburðum í starfi félagsins og dagskrá komandi vikna og mánaða kynnt.

Ársskýrsla

Vorið 2020 kom ársskýrsla KFUM og KFUK á Íslandi út fyrir starfsárið 2019–2020 og var send til félagsfólks ásamt boðsbréfi fyrir aðalfund KFUM og KFUK. Stuttu síðar var hún einnig send til velunnara félagsins. Rafrænar útgáfur af ársskýrslum síðustu ára má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>.



Vefsvæði og aðrir samskiptavefir

Félagið heldur úti öflugum vefsvæði á slóðinni www.kfum.is. Fyrir utan heimasíðuna sem birtist á www.kfum.is, samanstendur svæðið af níu sjálfstæðum vefsíðum fyrir starfsstöðvar og verkefni innan félagsins. Ríflega 80 einstaklingar koma að því að skrifa fréttir og upplýsingar inn á vefsvæðið. Halldór Elías Guðmundsson heldur utan um vefsvæði félagsins.



Haldór Elías
Guðmundsson

Heimasíðan er tengd við samfélagsmiðlana Twitter og Facebook. Fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins birtast þannig samstundis sem „tvít“ á twitter.com/KFUM_KFUK og er að öðru jöfnu dreift á Facebook síðu félagsins. Fréttir á heimasvæðum einstakra starfsstöðva eru oftast nær birtar á Facebook síðum viðkomandi starfsstöðva.

Facebook síða KFUM og KFUK á Íslandi birtir fréttir og myndir úr starfinu ásamt því að kynna sérstaka viðburði. Síðan hefur rúmlega 2250 fylgjendur. Umsjón er að mestu leyti í höndum Elínar Hrunnar Garðarsdóttur. Félagið notar Facebook mikið sem verkfæri í samskiptum við félagsfólk og almenning. Þannig eru margir hópar, starfsstöðvar og verkefni með sínar eigin Facebook síður. Þá eru smáskilaboð í Facebook orðin mjög algeng í samskiptum og hafa að nokkru leyti tekið við hlutverki tölvupóstins. KFUM og KFUK notar einnig samfélagsmiðilinn Instagram til að kynna starfið, undir heitinu [kfumkfukiceland](https://www.instagram.com/kfumkfukiceland). Hann má sjá á slóðinni [http://instagram.com/kfumkfukiceland](https://www.instagram.com/kfumkfukiceland).

KFUM og KFUK notar vef YouTube til að birta myndbönd, vef issuu.com til birtingar á útgefnum prentefni og myndir frá starfi félagsins eru birtar á vefnum Flickr: <http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-islанд/>. Hægt er að nálgast myndböndin, prentefnið og ljósmyndirnar í gegnum heimasíðu félagsins.

Jafnframt heldur félagið úti vefsíðunni www.sumarfor.is sem er sérsmíðuð skráningarsíða fyrir viðburði og starfsemi á vegum félagsins.

Efnisveita, námsvefur og handbók sumarbúða

Í starfi KFUM og KFUK er fræðsluefni fyrir æskulýðsstarf mikið notað og má nálgast það slóðinni www.kfum.is/efnisveita. Þar eru hugmyndir fyrir fundi, verkefni, hugleiðingar, leikir og fleira efni frá árunum 2007 til dagsins í dag.

Handbók sumarbúðanna er á slóðinni www.kfum.is/handbok. Þar má nálgast fjölbreyttar upplýsingar og fræðslu fyrir starfsfólk sumarbúðanna. Loks má nefna Námuna - námsvef KFUM og KFUK (<https://kfum.is/naman>), en þar má nálgast vefnámskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi félagsins.

Leikjahandbók

Á starfsárinu var gefin út leikjahandbók fyrir starf KFUM og KFUK sem saman stendur af 41 leik til að nota í æskulýðsstarfi félagsins. Leikirnir eru fjölbreyttir og hægt að nota á ýmsa vegu t.d. í hópefli, við



kennslu eða einfaldlega til skemmtunar. Hverjum leik fylgir útskýring á leiknum og hvað þarf til að framkvæma hann. Handbókin var tekin saman af leiðtogum í æskulýðsstarfinu veturinn 2020-2021, þegar þeir urðu að taka hvíld frá hefðbundnum störfum vegna samkomutakmarkana. Handbókin er einföld í notkun og mun nýtast vel í starfi með börnum og unglíngum.

Netfréttir

Í hverri viku eru yfir vetrarmánuðina sendar út netfréttir um starf félagsins og viðburði sem eru á döfni í fullorðins- og æskulýðsstarfi. Fréttir eru sendar með tölvupósti til allra þeirra sem hafa skráð sig á netfangalista í gegnum heimasíðu félagsins. Notast var við netpóstkerfið MailChimp til að halda utan um sendingar á netfréttunum. Netfréttir eru sendar á 580 netföng. Umsjón með netfréttum hefur Elin Hrund Garðarsdóttir.

Kynning á sumarstarfi KFUM og KFUK

Fyrir fyrsta skráningardag 2021 var gefið út 16 síðna sumarbúðablað þar sem sumarbúðir og leikjanámskeið á vegum félagsins sumarið 2021 voru kynnt. Safnað var auglýsingum og styrkjum frá ýmsum fyrirtækjum til að greiða fyrir útgáfu blaðsins. Blaðið var prentað í 75.000 eintökum og dreift á öll heimili á höfðuborgarsvæðinu og Akureyri. Auk þess var blaðið sent í pósti til skráðra þátttakenda í starfinu sem búsett eru í öðrum póstrúmerum. Rafræna útgáfa af blaðinu er hægt að nálgast á issuu.com/kfumkfuk. Samhliða útgáfu- og

umfangsmikillar dreifingar sumarbúðablaðsins var auglýst bæði í sjónvarpi og útvarpi. Punginn af útgáfu sumarbúðablaðsins 2021 og samræmda sumarbúðaauglýsinga var í höndum Ársæls Aðalbergssonar og Tómasar Torfasonar. Auk þeirra komu Guðni Már Harðarson, Sigurður Grétar Sigurðsson, Jón Ómar Gunnarsson og Bára Dís Sigmarsdóttir að söfnun auglýsinga og styrkaraðila fyrir blaðið.



Í framhaldi af samræmdum sumarbúðakynningum hafa stjórnir einstaka sumarbúða haldið úti kynningarstarfi fyrir sínar sumarbúðir, einkum á samfélagsmiðlum, en einnig með útgáfu einfaldra bæklinga, markpósti eða beinna auglýsinga í sínu nærumhverfi.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Ég kynntist KFUM sem ungur strákur. Ég ólst upp á Laugarnesveginum og man eftir að hafa sótt fundi félagsins á Amtmannsstígnum. Það kom til vegna þess að faðir minn var einlægur KFUM maður. Hann kynntist mörgum í KFUM og hópur þeirra stofnaði m.a. skíðafélagið Éljagang. Seinna voru árlegar jólaskemmtanir Éljagangs fastur liður í bernskunni. Þar bar hæst einlægur áhugi á velferð og uppvexti barna og ungmenna. Þeir hittust reglulega og alltaf skein í gegn kærleikur, velvild og eldmóður. Síðar, eftir að hafa flutt á milli hverfa, upplifði ég uppbyggilegt KFUM starf í Breiðholtinu sem varð mér góð og trygg kjölfesta til framtíðar. Ég bý að því enn í dag að hafa átt góðar og uppbyggilegar stundir í Vatnaskógi. Þrátt fyrir allt annað félagsstarf þá hefur þetta samfélag við Krist reynst mér best. Í æskulýðsstarfinu og vistinni í Vatnaskógi var lagt til jarðar fræ sem hefur síðar borið ávöxt. Það var kannski ekki áberandi fyrst fyrir æskumanninn en eftir því sem hann eldist og reynslan eykst þá kristallast viskan og loks sér hann hvað kærleikurinn, vonin og trúin á almáttugan algóðan Guð getur gert honum gott. Hér er hann nú staddur á miðjum aldri en er þess fullviss að lífið mun verða betra. Kærleikurinn, fyrirgefningin og vonin um eilífa gæfu. Ég hugsa um orð Sr. Friðriks í ati nútímans: „Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurlíði.“ Það eru verðug og tímabær skilaboð til nútímans.

Árni Sigurðsson

9. Húsnæði og starfsaðstaða

Tómas Torfason
tók saman



KFUM og KFUK á og rekur húseignir á átta stöðum á landinu, á 27 fastanúmerum sem telja samtals 8.572 fm. Auk þess að bera ábyrgð á umfangsmiklu, vönduðu og faglegu æskulýðsstarfi, ber stjórn félagsins og stjórnir starfsstöðvanna því einnig ábyrgð á fjölda húseigna, viðhaldi þeirra og starfsaðstöðu þeim tengdum.

Hér er ekki um að ræða eignir í hefðbundinni merkingu, þ.e. húsin ganga ekki kaupum og sölum, heldur er um að ræða starfsaðstöðu og umgjörð um það fjölbreytta starf sem kynnt er í þessari skýrslu.

Við tölum um að bera ábyrgð á, því húseignir og starfsaðstaða kalla á umsjón, rekstur og reglubundið viðhald. Sum húsanna eru líka komin til ára sinna og þurfa viðhald og endurbætur í samræmi við aldur. Þá þarf stöðugt að horfa til framþróunar, en með hverju árinu gerir samfélagið auknar kröfur til öryggis, gæða og aðgengis þegar kemur að húsnæði sem nýtt er fyrir æskulýðsstarf. Samhliða reglubundnu viðhaldi þarf því einnig að uppfæra eldra húsnæði og bæta starfsaðstöðu í samræmi við ný viðmið.

Til viðbótar við húsnæði mældu í fermetrum, bera stjórnir sumarbúðanna fimm einnig ábyrgð á vatnsveitum og frárennismálum, á útisvæðum, t.d. leiksvæðum, íþróttastöðum, vegum, plönnum o.s.frv. Húsnæði og starfsaðstaða, viðhald og umbætur er því jafnan veigamikill liður í stjórnarstörfum og jafnframt stór útgjaldaliður. Á árinu 2020 var heildarkostnaður vegna viðhalds húseigna samtals 50.604.860 kr.

Með því að taka þetta saman hér, í sérstökum kafla í ársskýrslu félagsins, viljum við undirstrika þá miklu vinnu og þá fjármuni sem fara í að viðhalda og bæta starfsaðstöðuna í starfi KFUM og KFUK. Verkefni sem oftast en ekki hvílir á herðum sjálfbodaliða.



27 húseignir

samtals 8.572 fm.



50,6 milljónir kr.

fóru í viðhald og endurbætur fasteigna árið 2020. Þar af voru 10 milljónir kr. greiddar í ríkissjóð í formi virðisaukaskatts

1.997 fm.

Reykjavík - aðalstöðvar



Fjöldi húsa: 3

Aðrar viðhaldsskyldur: Tveggja hektara lóð á Holtavegi 28, bílapan og leikskólaleiksvæði.

2.722 fm.

Vatnaskógur



Fjöldi húsa: 7

Aðrar viðhaldsskyldur: Íþróttasvæði, bryggja og bátar, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

668 fm.

Kaldársel



Fjöldi húsa: 2

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, fráveita o.fl.

1.460 fm.

Vindáshlíð



Fjöldi húsa: 5

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.



Eldra húsið í höfuðstöðvum félagsins á Holtavegi 28 er ónýtt vegna myglu. Húsið er 540 fm og fasteignamat þess er 235.100.000 kr. Ljóst er að rífa þarf húsið, en það verður gert þegar búið er að ákveða hvað verði byggt í staðinn og hvernig það skuli fjármagnað. Það eitt að rífa ónýta húsið má ætla að kosti nálægt 10 milljónum kr.

Virðisaukaskattur þyngir róðurinn

Hvorki uppbygging né viðhald húsnæðis KFUM og KFUK er undarþegið virðisaukaskatti. 24% virðisaukaskattur leggst á allar slíkar framkvæmdir, bæði vinnu og efniskaup. Þyngir það vissulega róðurinn við fjármögnun slíkra verkefna. Raunkostnaður við viðhald og endurbætur á árinu 2020 var 40,6 milljónir, en svo bættust 10 milljónir ofan á í formi skatts sem rennur í ríkissjóð.


KFUM og KFUK lítur á það sem mikilvægt hagsmunamál að lögum verði breytt svo félagið geti fengið þann virðisaukaskatt að fullu endurgreiddan.

Þegar þetta er ritað liggur fyrir Alþingi frumvarp sem kveður á um að félög eins og KFUM og KFUK muni geta sótt um 60% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnuliðum, vegna bygginga eða endurbóta húsnæðis. Ætla má að vinnuliðir séu jafnan um helmingur kostnaðar á mótí efniskaupum. Fari frumvarpið í gegn mun KFUM og KFUK því geta sótt um endurgreiðslu upp á u.þ.b. 30% þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna viðhalds og endurbóta húsnæðis. Því ber vissulega að fagna og þakka fyrir, en betur má ef duga skal.

KFUM og KFUK hvetur því stjórnvöld til að skapa glugga í lögum um virðisaukaskatt, svo félagasamtök sem eiga og reka húsnæði sem

231 fm.

Akureyri - félagsheimili



Fjöldi húsa: 1

Aðrar viðhaldsskyldur: Þátttaka í sameign í Sunnuhlíð 12.

897 fm.

Ölver




Fjöldi húsa: 6

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, vatnsveita, hitaveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

160 fm.

Reykjanesbær - félagsheimili




Fjöldi húsa: 1

Aðrar viðhaldsskyldur: Lóð og bílastæði.

436 fm.

Hólavatn



Fjöldi húsa: 2

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, bryggja og bátageymsla, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

eingöngu er nýtt undir æskulýðsstarf, geti sótt um fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna nýbygginga og viðhalds húsnæðis. Við teljum ekki við hæfi að ríkissjóður nýti endurnýjun og viðhaldsaðgerðir á húsnæði, sem byggt er af góðgerðafélögum og eingöngu nýtt undir starf sömu félaga, til fjárfunar fyrir ríkissjóð með því að leggja virðisaukaskatt ofan á þann kostnað sem fyrir er.

Áskoranir framundan

Fyrir utan allt hefðbundið viðhald sem sinna þarf á hverju ári, bíða margar umfangsmiklar áskoranir í húsnæðismálum innan félagsins. Hér nefndum við nokkrar þeirra:

Ónýtt hús á Holtavegi 28

Eldra húsið í höfuðstöðvum félagsins á Holtavegi 28 er ónýtt vegna myglu. Húsið er 540 fm og fasteigamat þess er 235.100.000 kr. Ljóst er að rífa þarf húsið, en það verður gert þegar búið er að ákveða hvað verði byggt í staðinn og hvernig það skuli fjármagnað.

Nýr matskáli í Vatnaskógi

Skógarmenn KFUM hafa látið teikna nýjan matskála í Vatnaskógi. Núverandi matskáli var byggður 1968. Kostnaður við nauðsynlegt viðhald og endurnýjun, einkum á eldhúsi, er það mikill að það borgar sig frekar að byggja nýjan skála. Áætlaður kostnaður við að byggja nýjan matskála er nálægt 200 milljónum króna.

Nýtt starfsmannahús í Vindáshlíð

Fellin, hús fyrir starfsfólk Vindáshlíðar var rífið sl. haust, enda ónýtt vegna raka og myglu. Það er mikil þörf fyrir slíkt starfsmannahús, svo ljóst er að úr því þarf að bæta á næstu árum í Vindáshlíð.

Umfangsmiklar endurbætur í Kaldárseli

Í skýrslu Kaldársels má lesa um umfangsmiklar og nauðsynlegar endurbætur sem kosta Kaldársel 30 milljónir kr. Sjá nánar í kafla 15 og myndir á bls. 52.

Leikskáli í Ölveri

Forystufólk sumarbúðanna í Ölveri hefur um langt skeið dreymt um að bæta starfsaðstöðuna með leikskála eða litlu íþróttahúsi. Í mörg ár hefur staðið yfir söfnun í Sveinusjóð til að fjármagna þann draum. Umtalsverðar og dýrar viðhaldsaðgerðir á svefnskálanum Ölveri á síðustu árum hafa hinsvegar tafið það verkefni.

Aðgengismál í félagsheimilinu á Akureyri

Félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri er á annarri hæð í Sunnuhlíð 12. Þar er engin lyfta sem takmarkar aðgengi að félagsheimilinu. Sú áskorun hvílir á stjórn félagsins á Akureyri að bæta úr því.

Þær áskoranir sem hér eru nefndar eru til viðbótar því hefðbundna viðhaldi sem sinna þarf með reglubundnum hætti. Ætla má að félagið þurfi að verja til þess 40 til 60 milljónum kr. árlega á komandi árum.

Það er ljóst á ofangreindu að það er mikið hagsmunamál fyrir KFUM og KFUK að lögum um virðisaukaskatt verði breytt svo félagið og önnur félög í sömu stöðu séu undanþegin slíkum skatti þegar nauðsynlegt viðhald og uppbygging á starfsaðstöðu á í hlut.



Söfnun í Sveinusjóð hefur staðið yfir í mörg ár, til að fjármagna nýjan leikskála eða lítið íþróttahús í Ölveri. Umtalsverðar og dýrar viðhaldsaðgerðir á svefnskálanum á síðustu árum hafa hinsvegar tafið það verkefni.



Félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri er á annarri hæð í Sunnuhlíð 12. Þar er engin lyfta sem takmarkar aðgengi að félagsheimilinu. Stjórn félagsins á Akureyri leitast við að bæta úr því.



Skógarmenn KFUM hafa látið teikna nýjan matskála í Vatnaskógi. Núverandi matskáli var byggður 1968 og þar er kominn tími á umfangsmikið viðhald og endurnýjun. Kostnaður er það mikill að það borgar sig frekar að byggja nýjan skála. Áætlaður kostnaður er nálægt 200 milljónum króna.




10. Starfsstöðvar KFUM og KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi er eitt félag. Allir félagar eru skráðir í sama félagið óháð búsetu eða hvaða þætti starfsins þeir taka þátt í. Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn. Þessu má líkja við handboltadeild og knattspyrnudeild innan íþróttafélags. Það sem gerir KFUM og KFUK þó frábrugðið íþróttafélögum hvað þetta varðar er hve mikið starf heyrir beint undir félagið sjálft og þar með aðalstjórn félagsins.

Starfsstöðvarnar níu skiptast í fimm sumarbúðir, einn leikskóla og þrjú félög utan höfuðborgarsvæðisins. Í köflum 11-19 í þessari skýrslu er að finna skýrslu hverrar starfsstöðvar fyrir sig.

Sameiginlegt starf sumarbúða

Sumarbúðirnar fimm eiga með sér margskonar samstarf. Fjórir samráðsfundir formanna sumarbúða voru haldnir á starfsárinu. Samstarfið nær til skipulags og samþættingar starfsins, t.d. skráninga í dvalarflokka, skilmála og skráningarkerfis. Það nær til ráðninga- og starfsmannamála, námskeiða og þjálfunar starfsfólks og þeirra faglegu



Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn.

krafna sem félagið gerir til starfsmanna sinna. Þá er mikið samstarf þegar kemur að öryggismálum og miðlun þekkingar. Samstarfi í kynningarmálum er mikið, en því eru gerð skil í kafla 8.



11. Vindáshlið

Stjórn og Stjórnarstörf

Aðalfundur:

Aðalfundur Vindáshliðar var haldinn þriðjudaginn 26. maí 2020 í húsi KFUM og KFUK við Holtavegi 28. Upphaflega átti aðalfundurinn að vera 24. mars 2020 en fresta þurfti honum ítrekað vegna Covid-19. Fundarstjóri var Gísli Davíð Karlsson, fundarritari var Anna Elísa Gunnarsdóttir. Fundargestir voru 28 manns, voru allar sóttvarnir tryggðar og fundurinn fór fram á hefðbundin hátt. Í kjörnefnd voru : Ragnheiður Guðmundsdóttir og Jessica Leigh Andrésdóttir
Skoðunarmenn reikninga voru: Ásta Þorbjörnsdóttir og Guðrún Nína Petersen.

Stjórn Vindáshliðar á starfsárinu 2020-2021 skipuðu:

Signý Gyða Pétursdóttir, formaður
Sólbjörg Linda Reynisdóttir, varaformaður
Gerður Rós Ásgeirsdóttir, gjaldkeri
Ásgeir Pétursson, varagjaldkeri
Ester Helga Harðardóttir, ritari
Hildur Margrét Ambjarnardóttir, vararitari
Bryndís Schram Reed, kynningarfulltrúi

Tímamót urðu í sögu Vindáshliðar en Ásgeir Pétursson er fyrsti karlmaðurinn til að taka sæti í stjórn Vindáshliðar.

Á árinu voru haldnir 17 stjórnarfundir. Stjórnarfundir frá janúar til maí 2020 voru sex og stjórn starfsársins 2019 - 2020 sat þá fundi. Fjórir stjórnarfundir fóru fram í gegnum fjarfundarbúnaðinn Zoom og tveir í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Fundir voru haldnir 29. janúar, 17. febrúar, 7. apríl, 28.apríl, 6. maí og 24. maí. Núverandi stjórn tók við 26. maí 2020. Það voru haldnir 11 stjórnarfundir. Fyrsti fundur var haldinn 2. júní í Vindáshlið. Sex stjórnarfundir fóru fram í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi 28 og fjórir voru í gegnum fjarfundabúnað. Fundir voru haldnir 15. júní, 29. júní, 7. júlí, 9. júlí, 17. ágúst, 7. september, 29. september, 20. október, 5. nóvember og 17. desember. Þá er ótalið allar þær umræður og samskipti sem fram fóru í gegnum tölvupóst og facebooksiðu stjórnar nánast daglega.

Starfsmenn

Þorbjörg Skúladóttir sér um þrif eftir útleigur og sinnir ýmsum verkefnum að beiðni stjórnar ásamt því að sinna útköllum þegar þau berast. Þorbjörg býr á Írarfelli í Kjósinni og horfir því á Vindáshlið út um eldhúsgluggann sinn.

Helstu verkefni stjórnar:

Almenn stjórn sumarbúðanna sinnir mörgum verkefnum og er allt unnið í sjálfboðavinnu. Meðal verka eru rekstur og viðhald húsakynna, ráðningar starfsfólks, skipulag og undirbúningur sumarstarfs ásamt almennum stuðningi við starfið, meðal annars með bakvöktum.

Stjórnin sér einnig um undirbúning kvennaflokks og mæðgnaflokka ásamt útleigum, verklýsingum, umsjón með námskeiðum fyrir ráðskonur, forstöðufólk og annað starfsfólk. Einnig þarf stjórn að huga að brunavörnum, heimsóknum heilbrigðiseftirlits, svo eitthvað sé nefnt.

Sumarstarf

Sumarið 2020 voru 10 flokkar í boði í Vindáshlíð.

Hver flokkur byrjaði þegar stelpurnar mættu í fylgd foreldris á starfsstöðvar KFUM og KFUK og brottför var ávallt kl. 9:00 á morgnanna og heimkoma um kl. 16 á sama stað.

Umhverfi Vindáshlíðar er einstakt, umlukið gróskumiklum skógi sem býður upp á endalaus ævintýri.

Ávallt er mikil og margvísleg dagskrá í boði. Á hverjum degi er skipulögð dagskrá, fjölbreytt útivera m.a. gönguferðir og íþróttakeppnir. Íþróttahúsið er nýtt til innleikja og er hin fræga brennókeppni Vindáshlíðar haldin þar. Í lokin stendur eitt herbergi eftir sem brennómeistarar flokksins en einnig er ávallt krýnt íþróttaherbergi og íþróttadrottning hvers flokks.

Herbergin í Vindáshlíð eru samtals 11. Það er hefð í Vindáshlíð að herbergi skiptast á að sjá um leikrit á kvöldvökum og er jafnan glatt á hjalla. Mikil er sungið í Vindáshlíð, bæði á kvöldvökum og öðrum skipulögðum stundum. Auk þess eru sungnir fánasöngur, borðsöngur fyrir máltíðir og kvöld söngur fyrir svefninn.

Á hverjum degi er bibliulestur og fræðsla úr Biblíunni.

Áhersla er lögð á að hafa stund í Hallgrímskirkju í Vindáshlíð í hverjum flokki. Allar stelpurnar taka þátt í undirbúningi hennar með ýmsum hætti.

Ákveðið var að prófa að breyta skipulaginu sumarið 2020 og hafa upphaf stundarinnar í kirkjunni í upphafi kvölddagskrá á veisludegi. Það tókst vonum fram og stelpurnar tóku svo þátt í Vindáshlíðarhefðinni „vefa mjúka, úr kirkjunni og niður í skála þar sem veislukvöldverðurinn beið þeirra.

Einnig var ákveðið að færa aðalbrennóleik vikunnar, þar sem sigurliðið etjar kappi við foringjana, þar til á brottfaradag og heppnaðist sú breyting

einnig afar vel. Það spilaði hlutverk í að tryggja að spenningurinn og fjörið í Vindáshlíð endist allt þar til farið er upp í rútu á leið heim.

Hver foringi hefur umsjón með einu herbergi og kallast bænakona. Hver bænakona ber ábyrgð á sínu herbergi og hefur yfirsýn með þeim út vikuna.

Aðstoðarforingjar fylgja starfsfólki til að læra og kynnast sumarbúðastarfinu og hafa þær þá reynslu þegar kemur að því að verða fullskipaður starfsmaður.

Ævintýraflokkar voru þrír yfir sumarið auk eins óvissuflokks/unglingaflokks. Þessir flokkar eru óyfirsjáanlegir og spennandi fyrir stelpurnar. Mikil aukning var á skráningu í unglíngaflokkinn sem var mjög ánægjulegt.

Flokkaskrá:

Flokkur	Tímabil	Aldursbil	Fjöldi	Nýting
1. Flokkur	8.–12. júní	9–11 ára	84	105%
2. Ævintýraflokkur	15.–20. júní	11–13 ára	81	101%
3. Flokkur	22.–27. júní	10–12 ára	83	104%
4. Ævintýraflokkur	29. júní–4. júlí	12–14 ára	82	102%
5. Flokkur	6.–11. júlí	9–11 ára	70	88%
6. Flokkur	13.–18. júlí	10–12 ára	87	109%
7. Ævintýraflokkur	20.–25. júlí	11–13 ára	80	100%
8. Ungl. og óvissuf.	26.–30. júlí	13–16 ára	60	120%
9. Flokkur	4.–8. ágúst	9–11 ára	81	101%
10. Ævintýraflokkur	10.–15. ágúst	11–13 ára	81	101%
Jólaflokkur I	27.–29. nóv.	9–11 ára	47	94%
Jólaflokkur II	11.–13. des.	12–14 ára	29	97%

Sumarið 2020 dvöldu 789 stúlkur í Vindáshlíð. 100% nýting miðast við 80 stúlkur í flokk og 50 í unglíng- og óvissuflokk.

Kvennaflokkur og mæðgnaflokkur féllu niður.

Starfsmenn:

Forstöðukonur sumarið 2020:

1. Flokkur: Tinna Rós Steinsdóttir
2. Flokkur: Kristín Sveinsdóttir
3. Flokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir
4. Flokkur: Ingibjörg Tómasdóttir
5. Flokkur: Tinna Rós Steinsdóttir
6. Flokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir
7. Flokkur: Kristín Sveinsdóttir
8. Flokkur: Pálína Axelsdóttir Njarðvík
9. Flokkur: Pálína Axelsdóttir Njarðvík
10. Flokkur: Andrea Anna Arnardóttir

Ráðskonur sumarið 2020:

1. Flokkur: Dagný Dögg Sigurðardóttir
2. Flokkur: Tinna Rós Steinsdóttir
3. Flokkur: Tinna Rós Steinsdóttir
4. Flokkur: Tinna Rós Steinsdóttir
5. Flokkur: Dagný Dögg Sigurðardóttir
6. Flokkur: Berglind Elva Sigvaldsdóttir
7. Flokkur: Dagný Dögg Sigurðardóttir / Kristjana Guðbjartsdóttir
8. Flokkur: Anna Bergljót Böðvardsdóttir / Tinna Rós Steinsdóttir
9. Flokkur: Anna Bergljót Böðvardsdóttir
10. Flokkur: Kristjana Guðbjartsdóttir



Umsjónarforingjar sumarið 2020:

1. Flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
2. Flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
3. Flokkur: Kristjana Guðbjartsdóttir
4. Flokkur: Helga Sóley Björnsdóttir
5. Flokkur: Helga Sóley Björnsdóttir
6. Flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
7. Flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
8. Flokkur: María Kristín Árnadóttir
9. Flokkur: María Kristín Árnadóttir
10. Flokkur: María Kristín Árnadóttir / Helga Sóley Björnsdóttir

Aðrir starfsmenn sumarið 2020:

- Andrea Anna Arnardóttir (8. flokkar)
- Áslaug Lárusdóttir (8. flokkar)
- Bergþóra Hrund Bergþórsdóttir (1. flokkur)
- Birta Lind Guðmundsdóttir (7. flokkar)
- Elísa Sif Hermannsdóttir (7. flokkar)
- Ella María Georgsdóttir (6. flokkar)
- Harpa Rut Harðardóttir (3. flokkar)
- Helga Sóley Björnsdóttir (7. flokkar)
- Ísabella Rós Þorsteinsdóttir (7. flokkar)
- Kristjana Guðbjartsdóttir (8. flokkar)
- Margrét Stella Kaldalóns (8. flokkar)
- María Kristín Árnadóttir (6. flokkar)
- Marta Kristín Friðriksdóttir (4. flokkar)
- Pálína Axelsdóttir Njarðvík (4. flokkar)
- Sóley Adda Egilsdóttir (8. flokkar)
- Steinunn Lóa Lárusdóttir (5. flokkar)
- Þóra Birgisdóttir (7. flokkar)

Aðstoðarforingjar sumarið 2020:

- Alice Viktoría Kent
- Aníta Daðadóttir
- Ásgerður Erla Kristinsdóttir
- Ásta Isabella Kent
- Bergdís Brynjarsdóttir
- Freyja Fönn Traustadóttir
- Helena Guðjónsdóttir
- Helga Valborg Guðmundsdóttir
- Helga Vigdís Thordersen
- Hrefna Magnús Haraldsdóttir Thors
- Lilja Þorsteinsdóttir
- María Margrét Ágústsdóttir
- Thelma Rós Arnardóttir
- Theodora Sveinsdóttir
- Þurý Reynisdóttir

Áhrif Covid-19 á sumarstarfið

Sumarið 2020 var Covid-19 faraldurinn í lægð og því var hægt að halda sumarstarfinu í nokkuð eðlilegri mynd. Þess má geta að formaður Vindáshlíðar sat marga formannafundi, jafnan í fjarfundaformi á vordögum 2020. Tilgangurinn var að skoða hvort sumarþúðirnar gætu mögulega verið starfræktar og voru ýmsar áætlarnir settar upp, t.d. ef smit kæmi upp í sumarþúðunum. Vindáshlíð hafði sérstakan Covid-19 fulltrúa sem var ráðskonom innan handar vegna hreinlætis- og sóttvarnareglna. Þess má geta að meira álag var á starfsfólki sumarsins sem gerði það að verkum að launakostnaður 2020 jókst töluvert. Stjórn Vindáshlíðar er mjög þakklát fyrir störf starfsmanna sumarið 2020 á þessum fordæmalausu tímum.



Stjórn Hlíðarmeyja 2020-2021: Gerður Rós Ásgeirsdóttir, Bryndís Schram Reed, Signý Gyða Pétursdóttir, Sólbjörg Linda Reynisdóttir, Ester Helga Harðardóttir og Ásgeir Pétursson. Á myndina vantar Hildi Margréti Arinbjarnardóttur.



Jólaflokkar á aðventunni eru vinsæl nýjung í Vindáshlíð.

Jólaflokkar

Þar sem Vindáshlíð hefur möguleika á starfsemi allan ársins hring eftir að hitaveita var lögð voru jólaflokkar haldnir í fyrsta skipti. Fyrri jólaflokkurinn var haldinn 27.–29. nóvember fyrir stelpur á aldrinum 9–11 ára og seinni flokkurinn var haldinn 11.–13. desember fyrir 12–14 ára stelpur. Gífurlegur tími fór í undirbúning fyrir þessa frumkvöðlaflokka og voru flokkarnir undirbúnir á sem besta hátt í nánú samstarfi við fulltrúa Landlækniseimbættisins svo að farið yrði eftir öllum sóttvarnareglum. Þurfti að takmarka fjölda barna í flokkunum. Í fyrri flokknum voru 47 stelpur og þeim skipt upp í tvö sóttvarnarhólf. Voru það algjörlegar nýjar aðstæður fyrir starfsfólk að starfa við og stóð það sig vonum framfar við þessar nýju áskoranir. Í seinni flokknum voru 29 stelpur og þurfti ekki á þeim tíma að skipta flokknum upp í sóttvarnarhólf. Í flokkunum voru fönndraðar jólaskreytingar, bakað, það var fræðsla um boðskap jólaanna. Á laugardeginum (veislukvöldinu) hringdu kirkjuklukkur kl. 18:00 og stúlkurnar mættu í sínu finasta þússi í jólamessu og borin var hátíðarkvöldverð á borð í kjölfarið. Jólaflokkarnir fóru fram úr okkar björtustu vonum og starfsfólk flokksins stóð sig með mikilli þryði. Voru flokkarnir eftirsóttir og eru jólaflokkarnir komnir til að vera. Þeir eru komnir í flokkaskrá 2021.

Starfsmenn fyrir jólaflökks

Forstöðukona: Tinna Rós Steinsdóttir. Ráðskona: Sólrún Ásta Steinsdóttir. Umsjónarforingi: Elísa Sif Hermannsdóttir. Foringjar: Andrea Anna Arnardóttir, Birta Lind Guðmundsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Helga Sóley Björnsdóttir, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Sóley Adda Egilsdóttir og Þóra Birgisdóttir.



Fellin sem hafa staðið síðan 1970 og þjónað sínu hlutverki vel sem gístaðstaða starfsfólks voru rifin á starfsárinu. Húsin voru svefnskálar sem keyptir voru frá Búrfellsvirkjun og klæddir að utan. Síðustu árin hafa Fellin ekki verið nýtt til gistingar enda húsakosturinn orðinn lélegur og mygluskemmdir komnar fram. Eftir stendur að mikil þörf er á betri aðstöðu fyrir starfsfólk í Vindáshlíð.

Starfsmenn seinni jólaflokks

Forstöðukona: Tinna Rós Steinsdóttir. Ráðskona: Aldís Helga Björgvinsdóttir. Umsjónarforingj: Elísa Sif Hermannsdóttir. Foringjar: Birta Lind Guðmundsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Harpa Rut Harðardóttir, Helga Sóley Björnsdóttir, Sóley Adda Egilsdóttir, Steinunn Lóa Lárusdóttir, Telma Ívarsdóttir og Þóra Birgisdóttir.

Viðburðir

Árshátíð Hlíðarmeyja

Á hverju ári í febrúar er haldin árshátíð Vindáshlíðar fyrir þær stelpur sem sóttu Vindáshlíð sumarið áður. Árshátíðin var að þessu sinni haldin sunnudaginn 9. febrúar í starfsstöð KFUM og KFUK á Holtaveginum. Stjórnin og starfsfólkið skipulögðu skemmtiatriði, leiki og söngva ásamt því að hugleiðing var sögð. Hefð hefur skapast fyrir því að aðalvinningur happdrættisins er dvöl í Vindáshlíð komandi sumar. Að þessu sinni mættu 32 stelpur og 6 foringjar auk stjórnarmeðlima.

Jólatréssala Vindáshlíðar

Jólatréssala var ekki með hefðbundnu sniði í ár. Engin sala fór fram á vöflum og heitu kakói en fjölskyldur höfðu aðgang að tromlu með neti fyrir jólatréin. Sunnudagana 6. og 13. desember var í boði að fara upp í Vindáshlíð og sækja sér tré. Þrátt fyrir allar takmarkanir vegna Covid skapaðist góð stemning og voru þó nokkra fjölskyldur sem nýttu tækifærið og fundu sitt jólatré. Varðeldur var á staðnum og spiluð var jólatónlist, flestir komu með nesti, smákökur og kakó. Hægt var að setjast niður fyrir utan skálann, enda veðrið frábært.

Vinnuflokkar:

Í maí voru haldnir fjórir skipulagðir vinnuflokkar með fjölda og fjarlægðartakmörkunum, fyrir utan alla hina dagana sem stjórnarmeðlimir og velunnarar mættu uppeftir í einstök verkefni. Mörg verkefni voru klárað m.a. í kirkjunni, íþróttahúsinu, aðalbyggingunni og útisvæðinu. Eftir frábært starf sjálfbóðaliða tókst að koma Hlíðinni í stand fyrir sumarið. Stjórn Vindáshlíðar vill koma á framfæri innilegu þakklæti til þeirra sem gáfu tíma sinn og krafta þessar vikurnar.

Gjafir og styrkir

Vindáshlíð hefur verið blessuð að fá gjafir og styrki þetta árið eins og önnur, m.a. frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti sem veittu styrk vegna tekjutaps af völdum Covid-19, frá Kirkjuráði sem og einstaklingum.

Áhrif Covid-19 á starfsemi Vindáshlíðar

Um mánaðarmótin febrúar/mars hófst fyrsta bylgja faraldurs Covid-19 og hafði hann gríðarlega mikil áhrif á störf Vindáshlíðar. Í fyrsta lagi starfaði fyrri stjórn Vindáshlíðar tvo mánuði lengur en gert var ráð fyrir. Útleigur stöðvuðust og afbókarnir bárust.

Kaffisala Vindáshlíðar sem er haldinn til fjárölfunar starfinu sem auglýst var laugardaginn 6. júní var aflýst.

Sumarstarfið gat hins vegar farið af stað eins og að ofan er getið en gæta og auka þurfti hreinlæti og sóttvarnir. Öll börn fóru með rútu frá höfuðstöðvum KFUM og KFUK frá Holtaveginum og tekið var fyrir að foreldrar keyrðu eða sóttu börnin sín í sumarþúðirnar. Engar heimsóknir voru leyfðar til starfsmanna allt sumarið.



All mikið tjón varð vegna lekaskemmda á salerni starfsfólks.

Kvennaflokkur Vindáshlíðar sem átti að vera 11.–13. september féll niður. Í kvennaflokki er mikil nálægð í samveru, söng og bæn og því erfitt að tryggja tveggja metra regluna sem og ábyrgar sóttvarnir. Skoðaðir voru aðrir möguleikar eins og að bjóða upp á flokk í smærri sniðum, þá væri hægt að tryggja gistingu með nægilegri fjarlægð og hafa samverur í kvöldvökusál og engar í setustofu. Einnig yrði að tryggja tveggja metra reglunni í matsal. Stjórnin fannst þessi lausn ekki henta kvennaflokki og því var ákveðið að fella hann niður þetta árið. Þetta hefði verið sjötugasti kvennaflokkurinn.

Á sama tíma og kvennaflokknum var aflýst var tekin sú ákvörðun að fresta hinum geysivinsæla og hefðbundna mæðgnaflokki sem einnig átti að vera í september. Mæðgnaflokknum var skipt upp í tvo jólamæðgnaflokka. Með tveimur flokkum var hægt að bjóða mæðgum sem voru á biðlista og tryggja ábyrgar sóttvarnir. Þessar breytingar fengu jákvæð viðbrögð hjá þátttakendum. Fyrri mæðgnaflokkur átti að vera 20.–22. nóvember og seinni átti að vera 4.–6. desember. Því miður þurfti einnig að aflysa þeim vegna hertra sóttvarnaaðgerða.

Eins og komið hefur fram tókst að halda báða jólaflokkana sem var frumkvöðlaverkefni. Í jólaflokkunum þurfti að takmarka fjölda þátttakenda, skipta í sóttvarnarhólf og bæta við starfsfólki til að tryggja ábyrgar sóttvarnir.

Fyrsti AD-KFUK fundur vetrarins er að venju í Vindáshlíð fyrsta þriðjudag í október. Honum var aflýst í ljósi aðstæðna.

Eins og fyrr er getið var jólatréssala Vindáshlíðar ekki haldinn með hefðbundnu sniði og kaffisölunni aflýst og þar af leiðandi var lítið um fjáraflanir fyrir Vindáshlíð árið 2020.

Framkvæmdir

Í Vindáshlíð vantar ekki verkefni þegar kemur að viðhaldi og endurnýjun. Þetta fallega og reisulega hús sem byrjað var að byggja árið 1949 hefur þjónað tilgangi sínum vel. En nú er kominn tími á m.a. þakviðgerðir og að skipta út gluggum.

Stóri salurinn fékk andlitslyftingu, veggir og loft málað og sófasetti komið þar fyrir, sem fengið var að gjöf. Næst á dagskrá er að bæta hljóðvist og kaupa skjávarpa. Stigagangurinn var líka málaður og keyptar voru nýjar sessur fyrir setustofuna til að sitja á. Öll gólf í húsinu voru bónuð.

Færa þurfti hitalagnir hærra upp á vegg niður í sal og verið er að klára frágang á dúk. Hann hafði verið fjarlægður þegar raki kom í vegg fyrir nokkrum árum vegna leka utanfrá.

Loft í matsal var málað og verið er að leita leiða til að bæta hljóðvist þar. Kælir í eldhúsi og frystiskápar eru orðnir gamlir og slökktu frystarnir og hlóðu inn á sig nokkrum sinnum yfir sumartímann. Hægt var að gera við þá en þörf er á nýjum skápum, sérstaklega frystiskápum.

Við vorum óheppin því á síðasta kvöldi 10. flokks fór að leka inn á salerni starfsfólks á svefnganginum. Lekinn kom frá sturtunni og lak niður í kjallara og yfir í salerni stúlkanna.

Komið var í veg fyrir lekann, gert við vegginn og dúkur rifinn af þar sem þurfti. Nú er kominn nýr dúkur á gólf og hluta af veggjum.

Klárað var að koma hitaveitu í íþróttahúsið en þar á eftir að smíða utanum ofnana og lagnir til að vernda fyrir hnjaski og að börnin brenni sig ekki á rörunum. Síðan verður sturtuáðstaðan sem þar er, gerð klár.

Nauðsynlegt var að endurnýja dren á austurhlíð hússins, skipt út jarðveg og nýjar lagnir lagðar. Lagnir voru farnar að halla í ranga átt og því var jarðvegur rennblautur og raki kominn inn í hús.

Fellin sem hafa staðið síðan 1970 og þjónað sínu hlutverki vel, sem gistiaðstaða starfsfólks, voru rifin. Þetta voru svefnskálar sem keyptir voru frá Búrfellsvirkjun og þeir klæddir að utan. Upphaflega átti aðeins að nota hluta af þeim fyrir starfsfólk sumarþjóðanna og nýta einn sem orlofshús fyrir KFUK konur. Úr því varð aldrei því full þörf var á öllum skálunum fyrir starfsfólk. Mikil þörf er á aðstöðu fyrir starfsfólk og er plássleysið farið að hamla starfinu.

Það er draumur núverandi stjórnar að reisa þarna fyrirmyndar aðstöðu fyrir starfsfólk og að geta tekið á móti KFUK konum í gistingu þar.

Tími er kominn á öll gluggatjöld í matsal, foringjahæð og svefnskála.

Verið er að leita tilboða og skoða hvað hentar best. Öll herðatré og snagar í herbergjum voru endurnýjuð og nýjar dýnuhlífar keyptar á starfsmannarúmin. Þá var fjárfest í nýjum svefnsofa fyrir næturvaktina og nýjum prentara fyrir starfsfólkið.

Leiktækin úti voru máluð og vegasalt fært til og útiljós við göngustíg öll endurnýjuð.

Stjórnin sér fyrir sér endalaus möguleika með útisvæðið og íþróttahúsið, heitir pottar o.fl. eru þar inni í myndinni.

Lokaorð

Þegar að fyrsta bylgja faraldursins herjaði á Ísland og heimsbyggðina og enginn vissi hvaða áhrif hann mundi hafa á starfið í Vindáshlíð ákvað stjórnin að leggja ekki hendur í skaut heldur nota tímann vel. Því voru teknar góðar og mikilvægar ákvarðanir er kom að húsakynnum og að nýta tækifærið þar sem að stjórnvöld gáfu út að félagasamtök eins og KFUM Og KFUK fengi virðisaukann af vinnu endurgreiddan árið 2020. Stjórn Vindáshlíðar þakkar innilega fyrir fyrirbæni ykkar því að án þeirra komumst við ekki langt. Við þökkum öllum sem hafa tekið þátt í starfi Vindáshlíðar á liðnu starfsári með einum eða öðrum hætti. Guð launi ykkur allan velvilja og hlýjan hug til starfsins í Vindáshlíð.

Greinahöfundar ársskýrslu Vindáshlíðar 2020:

Ester Helga Harðardóttir
ritari stjórnar Vindáshlíðar



Hildur Margrét Arnbjargardóttir
vararitari stjórnar Vindáshlíðar



Signý Gyða Pétursdóttir
formaður Vindáshlíðar



Sólbjörg Linda Reynisdóttir
varaformaður Vindáshlíðar





12. Vatnaskógur

Ársskýrsla þessi er yfirlit yfir starfsemi Skógarmanna KFUM árið 2020.

Samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (2. og 3. grein) eru markmið Skógarmanna þessi:

„Að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og vinna að útbreiðslu ríkis hans á grundvelli KFUM. Að afla fjár í Skálasjóð Skógarmanna KFUM til hagsbóta fyrir starfið í Vatnaskógi. Að vinna að og efla áhuga á skógrækt í Vatnaskógi.“

Leiðir að markmiðum eru samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (4. grein) þessi:

„Skógarmenn KFUM vinna að markmiðum sínum með skipulögðum dvalarflokkum, mótum, útgáfu- og fræðslustarfi, fundahöldum, fjáröflun, skógrækt og á annan þann hátt sem stjórnin ákveður hverju sinni í samræmi við markmið þessara laga.“

Aðalfundur Skógarmanna KFUM var haldinn 4. júní 2020.

Stjórn Skógarmanna var þannig skipuð á starfsárinu:

Ólafur Sverrisson, formaður
Sigurður Grétar Sigurðsson, varaformaður
Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi
Gunnar Hrafn Sveinsson, ritari
Jón Ómar Gunnarsson, varagjaldkeri
Davíð Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi
Ögmundur Ísak Ögmundsson, meðstjórnandi
Ingibjörg Lóreyey Zimsen Friðriksdóttir 1. varamaður
Tinna Dögg Birgisdóttir 2. varamaður og vararitari

Björgvin Hansson og Nanna Guðný Sigurðardóttir gáfu ekki kost á sér að þessu sinni en þau höfðu setið í stjórn í nokkur ár. Björgvin frá 2015 og Nanna frá 2017 og er þeim þakkað frábært framlag til starfsins og staðarins.

Skoðunarmenn reikninga eru:

Kári Geirlaugsson (fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi)
Bjarni Árnason

Stjórnin hélt 12 fundi á árinu: 25. janúar, 17. febrúar, 25. mars, 15. apríl, 7. maí, 25. maí, 11. júní, 10. ágúst, 16. september, 21. október, 23. nóvember og 14. desember.

Starfsmenn

Fastir starfsmenn voru þeir Ársæll Aðalbergsson framkvæmdastjóri og Þórir Sigurðsson staðarráðsmaður. Sigurður Jóhannesson var sjálfboðaliði allt árið. Auk þeirra starfaði fjöldi fólks með einum eða öðrum hætti fyrir Skógarmenn árið 2020.

Framkvæmdir

Í upphafi ársins var lokið við endurnýjun á salernis- og sturtuaðstöðu í eldri hluta Birkiskála. Þá var þak eldri hluta Birkiskála málað í fyrsta skipti og voru fagmenn fengnir til verksins. Í íþróttahúsinu voru rakaskemmdir lagfærðar, m.a. var einn veggur í sal hússins endurnýjaður. Einnig var unnið við lóð fyrir sunnan og vestan Birkiskála, áhorfendapallar gerðir,



Unnið að breytingu að frárennislögnum við Birkiskála.



Vatnstjón skemmdi vegg í íþróttahúsinu, sem var að sjálfsgöðu lagaður.



Á starfsárinu var unnið við lóð fyrir sunnan og vestan Birkiskála, áhorfendapallar gerðir og svæðið hellulagt.

svæðið hellulagt og útbúin bílastæði. Í tengslum við þessar framkvæmd var frárennslí frá vestasta hluta Birkiskála lagfært en það hafði verið til vandræða frá byggingu hússins. Lokafrágangur lóðarinnar verður vorið 2021. Um það bil 3000 sitkagreni-trjáplöntur voru gróðursettar, annars vegar milli Oddakotsstígs og vatnsbakkans og hins vegar á svæðinu neðan við íþróttavöllinn og í vesturátt. Tilgangur þessarar plöntunar var að tengja saman staka trjálundi og að búa til skjól fyrir NA-áttinni.

Nýr Matskáli

Hugmyndvinna að nýjum Matskála í Vatnaskógi er langt komin. Í upphafi ársins 2020 samþykkti sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar breytingu á deiliskipulagi vegna staðsetningu hússins. Skógarmenn hafa notið liðstyrks Guðmundar Gunnlaugssonar arkitekts til að vinna að hönnun hins nýja húss og er sú vinna langt komin en verkið hefur verið í nokkru hléi vegna óvissu um fjármögnun.

Sumarstarf

Dvalarflokkar sumarsins 2020 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi
1	6.–10. júní	10–12	5	25 Gauraflokkur
2	11.–15. júní	9–11	5	101
3	16.–21. júní	10–12	6	98
4	22.–27. júní	12–14	6	98 Ævintýraflokkur I
5	29.–3. júlí	9–11	5	100
6	6.–10. júlí	10–12	5	99
7	11.–16. júlí	12–14	6	100 Ævintýraflokkur II
8	17.–22. júlí	10–12	6	98 Blandaður flokkur
9	23.–28. júlí	10–12	6	83
10	4.–9. ágúst	14–17	6	71 Unglingaflokkur
11	10.–14. ágúst	9–11	5	94
Aukafll.	17.–20. ágúst	9–12	4	27

Fjöldi dvalargesta í dvalarflokkum sumarsins var 994 en þeir voru 792 árið áður.

Aðrir viðburðir – flokkar á vegum Skógarmanna

Viðburður	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi
Fjölskylduflokkur I	7.–9. febrúar	0–99 ára	2	93
Feðginaflokkur	20.–21. maí	6–99 ára	2	35
Mæðraflokkur	20.–24. maí	0–99 ára	2	76
Fjölskylduflokkur II	21.–23. ágúst	0–99 ára	2	24
Feðgaflokkur I	14.–16. ágúst	6–99 ára	2	47
Feðgaflokkur II	28.–30. ágúst	6–99 ára	2	64
Feðgaflokkur III	2.–4. október	6–99 ára	2	42
Karlaflokkur	2.–4. september	18–99 ára	2	42

Fjöldi dvalargesta á þessum viðburðum var 423 en var 362 í fyrra.

Heildarfjöldi dvalargesta í sumarstarfi og nefndum viðburðum Skógarmanna var því samtals 1.417 samanborið við 1.154 árið áður.



Sumarbúðastarfsfólk

Forstöðumenn:

1. Flokkur: Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon
 2. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson og Práinn Haraldsson
 3. Flokkur: Hreinn Pálsson og Pétur Ragnarsson
 4. Flokkur: Hreinn Pálsson
 5. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson og Jón Ómar Gunnarsson
 6. Flokkur: Hreinn Pálsson
 7. Flokkur: Hreinn Pálsson
 8. Flokkur: Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson og Gríma Katrín Ólafsdóttir
 9. Flokkur: Hreinn Pálsson og Sigurður Pétursson
 10. Flokkur: Hreinn Pálsson og Gunnar Hrafn Sveinsson
 11. Flokkur: Hreinn Pálsson
- Aukaflokkur: Ársæll Aðalbergsson

Eldhússtjórn:

1. Flokkur: Oddur Einar Kristinsson
 2. Flokkur: Agnes Porkelsdóttir
 3. Flokkur: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson
 4. Flokkur: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson
 5. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
 6. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
 7. Flokkur: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson
 8. Flokkur: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson
 9. Flokkur: Ingibjörg L.Z. Friðriksdóttir
 10. Flokkur: Ingibjörg L.Z. Friðriksdóttir
 12. Flokkur: Ingibjörg L.Z. Friðriksdóttir
- Aukaflokkur: Unnur Rún Sveinsdóttir

Forstöðumenn í öðrum viðburðum voru þeir Ársæll Aðalbergsson og Hreinn Pálsson.

Aðrir starfsmenn:

- Agnes Porkelsdóttir (1 flokkur),
 Andrea Rut Halldórsdóttir (2 flokkar),
 Ása Hrönn Magnúsdóttir (4 flokkar),
 Áslákur Ingvarsson (2 flokkar),
 Ástráður Sigurðsson (4 flokkar),
 Baldur Ólafsson (2 flokkar),
 Benedikt Guðmundsson (6 flokkar),
 Benjamín Jafet Sigurðsson (1 flokkur)
 Birna Júlía Björnsdóttir (4 flokkar),
 Daði Rúnar Jónsson (1 flokkur),
 Dagný Guðmundsdóttir (2 flokkar)
 Dagur Adam Ólafsson (2 flokkar),
 Davíð Guðmundsson (8 flokkar),
 Eiríkur Skúli Gústafsson (6 flokkar),
 Eva Sigurðardóttir (1 flokkur)
 Fannar Hannesson (8 flokkar),
 Friðrik Páll Ragnarsson Schram (7 flokkar),
 Gabríel Einarsson (2 flokkar)
 Gríma Katrín Ólafsdóttir (2 flokkar),
 Guðbjörg Ýr Hilmarsson (1 flokkur),
 Gunnhildur Einarsdóttir (1 flokkur),
 Gunnar Hrafn Sveinsson (9 flokkar),
 Harpa Vilborg Ragnarsdóttir (1 flokkur),
 Hjalti Jól Magnússon (7 flokkar),
 Hreinn Pálsson (2 flokkar),
 Ísak Jón Einarsson (9 flokkar),
 Jakob Viðar Sævarsson (9 flokkar),
 Jens Elí Gunnarsson (4 flokkar),
 Jól Kristjánsson (2 flokkar),
 Kristrún Guðmundsdóttir (2 flokkar),
 Kristrún Lilja Gísladóttir (2 flokkar),
 María Rut Arnarsdóttir (1 flokkur),
 Mirra Kristín Ólafsdóttir (1 flokkur),
 Ólafur Gunnar Long (1 flokkur),
 Pétur Bjarni Sigurðarson (5 flokkar),
 Pétur Sigurðsson (1 flokkur),
 Salóme Pálsdóttir (1 flokkur),
 Sara Lind Sveinsdóttir (1 flokkur),
 Sólveig Guðmundsdóttir (1 flokkur),
 Styr Orrason (1 flokkur)
 Sverrir Marteinsson (2 flokkar),
 Úlfar Darri Lúthersson (2 flokkar)
 Viktoría Ásgeirsdóttir (1 flokkur)
 Þórdís Hafþórsdóttir (2 flokkar),
 Práinn Andreuson (6 flokkar),

Í Gauraflokki störfuðu sem sérfræðingar:

- Guðrún Ásta Bergsteinsdóttir félagsráðgjafi,
 Sigurbjörg Fjólinsdóttir sálfræðingur,
 Tómas Kristjánsson sálfræðingur,
 Þorsteinn Otti Jónsson meðferðarráðgjafi.

Forstöðumenn flokksins voru félagsráðgjafarnir Styrmir Magnússon og Ásgeir Pétursson sem jafnframt var verkefnastjóri.

Ráðsmenn og vinnmenn:

Auk þeirra Sigurðar og Þóris sem áður eru nefndir sá Albert E. Bergsteinnsson um slátt á staðnum í sjálfböðavinnu. Þá störfuðu hinir ýmsu vinnmenn yfir sumarið við fjölbreytt verkefni.



Pegar horft er út á Eyrarvatn blasir fjallið Kambur við. Þykir mikið ævintýri að fara upp á topp og gæða sér á hágæða bakkelsi frá bakaranum sjálfum úr eldhúsinu.



Hefð hefur skapast á Veisludegi að taka hópmynd af hverju borði ásamt foringja þess.



Sjálfbóðaliðar

Nokkrir af áður nefndum starfsmönnum voru sjálfbóðaliðar, en starfsmenn fyrri ára og fleiri velunnarar Skógarmanna hafa komið og stutt við starfið með sínu vinnuframlagi. Einnig komu ungmenni að ýmsum verkum eins og t.d. uppvaski og umhirðu staðarins í sjálfbóðavinnu. Þá eru ótaldir þeir sjálfbóðaliðar sem komið hafa í vinnuflokka og unnið við nýbygginguna, skógrækt og fleira.

Viðburðir í starfi Skógarmanna

Karlaflokkur

Helgina 4. til 6. september var Karlaflokkur í Vatnaskógi. Að venju var lögð áhersla á heilbrigði líkama, sálar og anda. Á föstudagskvöldinu var dr. Hjalti Hugason prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands með erindi sem nefndist "Við og hinir - Vesturlönd og restin af heiminum, hvítir og litáðir, kristnir og múslimar, innfæddir og innflytjendur". Á laugardegnum var biblíulestur í umsjón sr. Jóns Ómars Gunnarssonar. Að loknum biblíulestri var vinnutími í þágu Vatnaskógar. Meðal verkefna má nefna vinnu við smíði áhorfendapalla bak við Birkiskála, skógræktarverkefni þar sem bæði var grisjað og plantað. Unnið var í nýrri flöt fyrir ofan Lerkiskála, gólf efri hæðar Bátaskýlis málað, trjáklippingar á svæðinu, hitakassi við Lerkiskála var endurnýjaður og margt fleira.

Gauraflokkur

Gauraflokkur fyrir drengi sem eru greindir með ofvirkni, athyglisbrest eða skyldar raskanir var haldinn í 14. sinn. Í ár voru 25 drengir í flokknum. Að venju voru mun fleiri starfsmenn en í hefðbundnum flokki, auk sérmenntaðra starfsmanna. Ljóst er að Gauraflokkur skipar sérstöðu í starfi Skógarmanna, þar sem komið er sérstaklega til móts við þarfir þeirra drengja sem þangað sækja, m.a. hvað varðar fæði og dagskrá.

Leikskólar

Í maí komu fjölmargir leikskólahópar í dagsferð eða til gistingar í eina til tvær nætur og nutu dagskrár sem starfsmenn Skógarmanna skipulögðu og stýrðu. Alls komu 697 leikskólabörn vorið 2020.

Kynningarstarf

Sameiginlegt blað sumarbúða KFUM og KFUK var gefið út í tengslum við fyrsta skráningardag sem var þann 3. mars 2020 (sjá nánar í kafla 8 um útgáfu og kynningarmál).

Stínusjóður

Skógarmenn starfrækja Stínusjóð til minningar um Kristínu Guðmundsdóttur ráðskonu í Vatnaskógi til áratuga. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við börn sem ekki hafa tök á að fara í Vatnaskóg vegna fjárhagsaðstæðna heima fyrir. Framlög í sjóðinn hafa í flestum tilvikum komið frá einstaklingum og er það mikið þakkarefni. Í ár fengu 7 einstaklingar dvöl að gjöf fyrir tilstilli sjóðsins.

Fermingarnámskeið og skálaleiga

Fermingarnámskeið

Um haustið komu nokkrir af væntanlegum hópum tilvonandi fermingarbarna á fermingarnámskeið, en þeim lauk í byrjun október. Námskeiðin voru tveggja til fimm daga námskeið og eins og fyrr í umsjón Skógarmanna en prestar og/eða starfsmenn sóknanna aðstoðuðu við dagskrá og fræðslu.

Árið 2020 komu samtals 813 unglingar á 11 námskeið en voru 2293 árið áður.

Forstöðufólk á námskeiðum haustsins voru Sigurður Grétar Sigurðsson, Matthías Guðmundsson og Ársæll Aðalbergsson sem einnig sá um undirbúning og skipulag.

Fastir starfsmenn á fermingarnámskeiðunum voru Fannar Logi Hannesson, Jakob Viðar Sævarsson, Matthías Guðmundsson og Þórdís Hafþórsdóttir.

Starfsmenn í eldhúsi á fermingarnámskeiðunum voru Ingibjörg Lóreyley Zimsen Friðriksdóttir og Ragnheiður Guðmundsdóttir.

Skálaleiga

Hluti af starfi Skógarmanna er móttaka hópa í Vatnaskógi.

Skólahópar: Nokkrir grunnskólar komu um vorið og tóku þátt í dagskrá sem var í umsjá starfsmanna Vatnaskógar.

KFUM og KFUK: Landsmót æskulýðsstarfs KFUM og KFUK (Friðriksmót) og tvö leiðtoganámskeið komu á staðinn.

Viðburðir á vegum safnaða Þjóðkirkjunnar: Börn úr Útskála- og Hvalsnessókn heimsóttu staðinn.

Fjáröflun – styrkir

Kaffisala og tónleikar

Skógarmenn neyddust til að bregða út af vananum með hina árlegu kaffisölu og tónleika á sumardaginn fyrsta og buðu þess í stað upp á kaffisölu í Vatnaskógi sunnudaginn 5. júlí þar sem Karlakór KFUM flutti nokkur vel valin lög. Hátt í þrjú hundruð manns heimsóttu staðinn, keyptu kaffi og studdu við starfið með þessum hætti.



Í hverjum flokki mæta galvaskir Skógarmenn til að láta reyna á veiðifærni sína í Eyrravatni en koma oftar en ekki tómhentir í land. Því er alltaf mikið fagnaðarefni þegar fiskur veiðist og skiptir þá engu hversu stór hann er, brosið á andlitum veiðimannanna er alltaf stærra.





Knattspyrnulið Foringja Vatnaskógar var það síðasta til að gera „samning“ við Rúrik Gíslason áður en hann lagði skóna á hilluna. Rúrik lagði leið sína í Ævintýraflokk II í sumar við mikla kátínu drengjanna.

Línuhappdrætti Skógarmanna

Á kaffisöluinni þann 5. júlí hófst sala á „línum“ í línuhappdrætti Skógarmanna til stuðnings Skálasjóði. Sölulok og útdráttur vinninga fór fram í Karlaflokk í byrjun september og seldust allar þær 500 línur sem voru í boði.

Áhrif COVID-19 á starfið

Óhætt er að segja að árið 2020 muni seint falla úr minni þeirra sem það upplifðu og mun án efa skipa sess með þeim sögufrægari á þessari öld. Sóttvarnaaðgerðir íslenskra stjórnvalda settu strik í reikning margra fyrirtækja, stofnana og samfélagsins í heild sinni og var þar starfsemi Vatnaskógar ekki undanskilin.

Nokkrir viðburðir á vegum KFUM og KFUK í Vatnaskógi voru felldir niður á fyrri hluta ársins, auk skólamála hjá Kristilegum skólasamtökum (KSS) bæði að vori og hausti og miðnæturmóts hjá unglingsdeildum björgunarsveitanna sem halda átti í nóvember. Mikíð var um afbókanir vegna fyrrnefndra sóttvarnaaðgerða og í raun var um hrun að ræða í Skálaleigu. Þá þurftu Skógarmenn að fella niður árlegt Herrakvöld KFUM, fjárflyunarkvöld til styrktar Skálasjóði, sem og áralanga hefð að bjóða starfsfólki starfsársins til þakkargjörðarmáltíðar í Vatnaskógi.

Sæludagar hafa skipað stóran sess í starfi Skógarmanna. Undirbúningur hófst snemma um vorið, dagskrá skipulögð, skemmtikraftar og starfsfólk ráðið og sjálfbóðaliðar fengnir til liðs við hópinn. Gylfi Bragi Guðlaugsson var ráðinn til að stýra undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar.

Sama dag og hátíðin átti að hefjast, kynntu sóttvarnaryfirvöld nýjar samkomutakmarkanir sem voru með þeim hætti að útilokað var fyrir Skógarmenn að bjóða gesti í Vatnaskóg þessa helgi og var því hátíðinni aflýst þótt fyrirvarinn væri mjög skammur og urðu Skógarmenn fyrir umtalsverðu fjárhagslegu tjóni.



Fermingarnámskeiðin fóru vel af stað undir lok sumars en þegar október rann upp með hertum sóttvarnaaðgerðum varð Skógarmönnum ljóst að öll slík námskeið myndu falla niður það sem eftir lifði árs. Margar kirkjur sem áttu bókað námskeið haustið 2020 færðu þá bókun til fyrrihluta árs 2021 en þó ekki allar.

Enginn vafi leikur á því að COVID-19 hefur haft gríðarleg áhrif á starfsemi Vatnaskógar og mikíð fjárhagslegt tjón hefur orðið í kjölfarið vegna fordæmalausra afbókana.

Stuðningur/styrkir:

- Kirkjuráð
- Nokkrir söfnuðir Þjóðkirkjunnar
- Velferðarráðuneytið
- Forvarnarsjóður Embættis Landlæknis
- Menntamálaráðuneytið vegna tekjufalls vegna sóttvarnaaðgerða
- Gjafir einstaklinga með mánaðarlegum framlögum og einnig einstakar gjafir

Eignarhaldsmál

Enn er unnið að því að fá eignarhaldsmál Vatnaskógar á hreint. Fyrir hönd stjórnarinnar hefur Davíð Örn Sveinbjörnsson lögfræðingur leitt þá vinnu og er stjórn Skógarmanna vongóð um að málin skýrist og fari í farsælan farveg.

Annað

Skógarmenn sömdu við Veiðifélagið Sporðablik um einkarétt á veiði í sunnanverðu Eyrarvatni vegna ársins 2020.



Kassabílar bíða nýrra verkefna þar.

Lokaorð

Ljóst er að skipst hafa á skin og skúrir í starfi Skógarmanna starfsárið 2020. Fordæmalausir tímar, með mikilli þátttöku í sumarstarfinu sem gekk með eindæmum vel, þar sem tekið var á móti nýjum jafnt sem gömlum Skógarmönnum. Þrátt fyrir gott sumar var mikið um afbókanir í Skálaleigu og á fermingarnámskeiðum, sem var þungt högg fyrir staðinn og skyldi eftir mikið skarð stóran hluta starfsársins. Þrátt fyrir það bogna Skógarmenn ekki þótt á móti blási og hika ekki þótt herði að. Gleymum því heldur ekki að það er mikið að þakka fyrir. Skógarmenn finna vel fyrir hlýhug fólks til Vatnaskógar og þess starfs sem þar fer fram allt árið um kring. Margir hafa átt uppbyggilegar gleðistundir í Skóginum góða, lífað lífinu, upplifað slatta af hamingju og skapað hugljúfar minningar sem munu fylgja þeim út lífið og þau sem neyddust til að afboða komu sína bíða eflaust spennu eftir fyrsta tækifæri að heimsækja þennan fallega stað sem er mörgum svo kær.

Stjórn Vatnaskógar er afar þakklát fyrir velvilja í garð starfsins, stuðning, gjafir og styrki sem einstaklingar, félag og opinberir aðilar hafa veitt starfinu. Þökkum einnig þeim sem biðja fyrir Vatnaskógi og starfinu þar, þær bænar finnst sterklega og vernd og blessun Guðs svífur yfir vatninu og Skóginum öllum og hefur gert frá upphafi. Þá verður duglegu og kraftmiklu starfsfólki og óteljandi sjálfbóaliðum seint fullþakkað fyrir sín störf í þágu Vatnaskógar og æsku þessa lands.

Stjórnin lítur björtum augum til komandi starfsárs. Margt er á döfinni og útlit er fyrir góða aðsókn og bjartari tímar vekja upp bros í hjörtum og mikla tilhlökkun að komast aftur á fulla ferð að taka á móti fjölbreyttum hópum, ekki síst að styrkja og byggja upp æsku þjóðarinnar. Vatnaskógur hefur tekið þátt í mótunarferli barna og ungmenna í hartnær 100 ár og er það staðföst von Skógarmanna að fá að vera hluti af því ferli um ókomin ár.

Skógarmenn! Áfram að markinu!

Höfundar ársskýrslu Skógarmanna:

Ársæll Aðalbergsson
framkvæmdastjóri Vatnaskógar



Gunnar Hrafn Sveinsson
ritari stjórnar Skógarmanna



Þjóðhátíðardagur Íslendinga er alltaf haldinn hátíðlegur í Vatnaskógi. Hér gefur á að líta hina árlegu skróðgöngu sem lauk með ávarpi Fjallkonunnar.

13. Hólavatn

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Hólavatns var haldinn 11. mars 2020.

Stjórn Hólavatns á starfsárinu skipuðu:

Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, formaður
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, gjaldkeri
Herdís Helgadóttir, ritari
Bára Dís Sigmarsdóttir, kynningarfulltrúi
Þórður Danielsson, meðstjórnandi
Ída Hlín Steinþórsdóttir, varamaður
Gunnar Einar Steingrímsson, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Gísli Örn Bjarnhéðinsson
Þorsteinn Arnórsson

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 10 og fóru þeir fram í félagsheimilinu í Sunnuhlíð.

Formaður sótti sameiginlega formannafundi sumarþjóðanna í Reykjavík, ásamt ritara sem sótti tvo formannafundi.

Verkefni stjórnar snéru aðallega að undirbúningi og skipulagi sumarstarfsins, framkvæmdum og viðhaldi á staðnum. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu var um tíma tvísýnt hvernig færi með sumarstarfið en sóttvarnaaðgerðir höfðu lítil áhrif á starfið sjálft, sjá nánar í kafla um áhrif covid-19. Mjög vel gekk að fá starfsfólk í flokka sumarsins sem líklega skýrist af atvinnuástandinu í kjölfar heimsfaraldursins. Dræm skráning í flokka sumarsins var töluvert áhyggjuefni fyrstu vikurnar eftir að opnað var fyrir skráningu, á meðan samkomubann var enn í gildi. Skráningin tók þó stökk síðustu vikurnar og biðlistar mynduðust í suma flokka.

Forstaða: Helga Vilborg Sigurjónsdóttir, Herdís Helgadóttir, Pétur Ragnhildarson, Telma Ýr Birgisdóttir, Þórhildur Einarsdóttir.
Ráðskskonur: Bára Dís Sigmarsdóttir, Laufey Gísladóttir



Foringjar: Bogi Benediktsson, Dagbjört Lilja Björnsdóttir, Guðlaug Sigríður Hrafnadóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Margrét Helga Kristjánsdóttir, Hugrún Birta Kristjánsdóttir, Ingimar Baddi Eydal, Ída Hlín Steinþórsdóttir, Erla Guðrún Hrafnadóttir, Ríkharður Esterarson, Trausti Jónsson, Þórður Danielsson.

Aðstoðaroringjar: Elísabet Eik Jóhannsdóttir, Guðrún Jóna Stefánsdóttir, Amanda Mist Sigrúnardóttir, Birta María Vilhjálmisdóttir, Dagbjartur Elfi Kristjánsson, Stefán Þórarinn Sigurðsson, Helgi Þór Andrésson, Svavar Máni Geislason, Jóhanna María Gunnarsdóttir, Klaudia Anna Jablonska.

Sumarstarf á Hólavatni 2020

Flokkar sumarsins 2020 voru:

Flokkur	Dagsetning	Aldur	Kyn	Fjöldi
1 Frumkvöðlaflokkur	11.–13. júní	7–9	Öll	25
2 Stúlknaflokkur	15.–19. júní	8–11	Kvk	18
3 Stúlknaflokkur	22.–26. júní	8–11	Kvk	35
4 Drengjaflokkur	29.júní–3. júlí	8–11	Kk	34
5 Ævintýrafl. blandaður	6.–10. júlí	12–14	Öll	34
6 Ævintýrafl. stúlkna	13.–17. júlí	11–14	Kvk	34
7 Stúlknaflokkur	20.–24. júlí	9–12	Kvk	18
8 Meistaraflokkur	27.–31. júlí	13–16	Öll	16

Yfirlit starfs

Sumarið 2020 var boðið upp á átta dvalarflokka líkt og fyrri ár. Aðsókn var mun betri en sumarið áður (214 börn skráð) og sérstaklega bar á eftirspurn eftir fleiri plássum fyrir drengi. Það verður tekið til athugunar fyrir flokkaskrá næsta sumars. Í kynningarmálum var einblínt á samfélagsmiðla sem eru ódýr en skilvirk leið til að ná til fólks.

Starfsfólk sumarsins var að stórum hluta vant fólk sem þekkir vel til starfsins en einnig komu nýir starfsmenn að starfi Hólavatns. Atvinnuástandið sumarið 2020 varð til þess að einstaklega vel gekk að manna alla flokka. Mikil áhersla var lögð á að gefa efnilegum leiðtogum tækifæri til að spreya sig sem ungleiðtogar og reyndist það afar vel. Við sjáum greinilega ávöxtinn af þeirri leiðtogauppbyggingu sem unnið hefur verið að með markvissum hætti síðastliðin ár og framtíðin er sannarlega björt.

Eftir miklar vangaveltur varðandi heimsfaraldurinn, áhyggjur af skráningu og töluverða vinnu við skipulagningu og kynningarstarf má segja að sumarið hafi gengið vel. Við sem störfum í stjórn Hólavatns sjáum vel hve mikils virði það er þegar áhugasamt ungt fólk gefur kost á sér til sumarstarfa á Hólavatni og erum við öllu þessu góða fólki þakklát fyrir þeirra störf fyrir Hólavatn.

Árleg kaffisala

Árlegri kaffisölu var frestað vegna samkomutakmarkana. Stjórnin ákvað að setja inn auglýsingu á samfélagsmiðla þar sem fólk var hvatt til að baka köku, fá sér kaffi heima fyrir og styrkja Hólavatn. Margir hollvinir Hólavatns tóku áskoruninni og söfnuðust nálægt hundrað þúsund krónum.



Framkvæmdir

Vorið 2020 fengum við fulltrúa frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands í heimsókn. Eftir heimsóknina þurfti að gera ákveðnar úrbætur, laga handriðið við aðalinnganginn, endursmíða stígan við Hólabæ og laga gúmmímottur undir leiktækjum. Leki var í matsalnum og þurfti að laga hluta af vegg vegna lekans. Nú er verið að vinna að varanlegri lausn með því að endurnýja pappa á þaki gömlu byggingarinnar.

Áhrif Covid-19 á starf Hólavatns

Heimsfaraldur kórónaveirunnar hefur haft áhrif á flest í okkar samfélagi árið 2020. Skráning fór afar hægt af stað og lengi vel var óvíst hvernig sumarið yrði. Sumarstarfið gat þó farið fram ótruflað en með smávægilegum breytingum. Hertar samkomutakmarkanir tóku gildi sama dag og síðasta flokki sumarsins lauk svo önnur bylgja faraldursins hafði engin áhrif á sumarstarfið. Vegna heimsfaraldursins var ákveðið að ekki yrði farið í sveitaferðir á bæinn Vatnsenda eins og gert hefur verið í fjölda ára.

Fermingarnámskeið

Í ágúst var áætlað að hópar frá Glerárkirkju og Eyjafjarðarsveit kæmu í fermingarferðir á Hólavatn. Ferðirnar féllu niður með stuttum fyrirvara þegar sóttvarnaaðgerðir voru hertar í lok sumars. Mikil ánægja hefur verið með þessi námskeið og standa vonir til að hægt verði að bjóða fleiri söfnuðum á Eyjafjarðarsvæðinu að koma með hópa í framtíðinni.

Heimsóknabann

Vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar var sú breyting gerð á frumkvöðlaflokkum að foreldrum var ekki boðið að koma síðasta daginn, borða, taka þátt í lokaathöfn og keyra börnin svo heim. Þess í stað fóru börnin heim með rútu líkt og í flokkum fyrir eldri börn. Gestagangur var mjög takmarkaður á Hólavatni í sumar og óviðkomandi aðgangur bannaður. Mikilvægt var að ef einhver þurfti að koma á staðinn væri látið vita af því og viðeigandi ráðstafanir gerðar.

Smitvarnir í flokkum

Áhersla var lögð á hreinlæti og sóttþreinsun, líkt og annars staðar í þjóðfélaginu. Farið var eftir samræmdu verklagi fyrir allar sumarþúðirnar, sem fól meðal annars í sér reglulega sóttþreinsun á snertiflötum.

Lokaorð

Í Jóhannesarguðspjalli, kafla 13, versí 34-35 segir:

„Nýtt boðorð gef ég yður, að þér elskið hvert annað. Eins og ég hef elskað yður skuluð þér einnig elska hvert annað. Á því munu allir þekkja að þér eruð mínir lærisveinar ef þér berið elsku hver til annars.“

Á Hólavatni fá börn ekki aðeins tækifæri til að eignast nýja vini og skapa góðar minningar, heldur einnig til að kynna Jesús Kristi og því öryggi og frelsi sem fylgir því að þekkja hann. Eins og segir í versunum hér að ofan, á framkoma okkar við annað fólk einmitt að sýna trúna á Krist í verki og kærleikur hans á að endurspeglast í viðhorfum okkar og hegðun. Í sumarþúðunum gefst einstakt tækifæri til að segja börnum og unglingum frá Jesú og sýna kærleika hans í verki með því að mæta öllum með kærleika og leggja áherslu á mikilvægi hvers einstaklings. Þannig er trúin bæði boðuð með orðum og verkum og samtímis er áhersla lögð á að byggja hvern einstakling upp og efla. Við biðjum Guð að blessa starfið á Hólavatni og hvert einasta barn sem þangað kemur.

Herdís Helgadóttir
ritari stjórnar Hólavatns





14. Ölver

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur

Aðalfundur Ölvers var haldinn miðvikudaginn 11. mars 2020 að Holtavegi 28, Reykjavík. Á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf og var ágætt mæting á fundinn miðað við aðstæður í samfélaginu (13 manns). Anna Guðný Hallgrímsdóttir var fundarstjóri og Þóra Björg Sigurðardóttir fundarritari. Ársskýrsla og endurskoðaðir reikningar voru lagðir fram til umræðu og afgreiðslu. Fjárhags- og starfsáætlun var kynnt af Ernu Björk Harðardóttur gjaldkera. Í kjörnefnd voru þær Hjördís Rós Jónsdóttir og Petra Eiríksdóttir, Petra gat þó ekki mætt á fundinn. Allir stjórnarmeðlimir gáfu aftur kost á sér og voru engin utanaðkomandi framboð fyrir fundinn og engin á staðnum gaf kost á sér. Var því stjórnin endurkjörin með lófaklappi.

Stjórn

Stjórn Ölvers á starfsárinu 2020-2021 var þannig skipuð:

- Erla Björg Káradóttir, formaður.
- Alla Rún Rúnarsdóttir, varaformaður.
- Aníta Eir Einarsdóttir, ritari.
- Erna Björk Harðardóttir, gjaldkeri.
- Hrafnhildur Garðarsdóttir, stjórnarmeðlimur.
- Heiðrún Ólöf Jónsdóttir, vararitari.
- Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir, varagjaldkeri.

Á tímabili fór Alla Rún Rúnarsdóttir í varastjórn vegna mikilla anna og tók Heiðrún Ólöf hennar stað á meðan.

Skoðunarmenn reikninga starfsárið 2020-2021 voru Guðmundur Pálsson og Drífa Kristín Sigurðardóttir.

Stjórnarfundir á starfsárinu voru sex talsins og voru haldnir 30. mars 2020, 1. maí 2020, 1. september 2020, 21. október 2020, 27. janúar 2021 og 10. febrúar 2021.

Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin sá um skipulagningu sumarstarfsins. Í því fólst meðal annars að undirbúa staðinn og kaupa aðföng, setja saman flokkaskrá, fá tilboð frá ýmsum stöðum, panta mat, ráða starfsfólk, setja upp vinnuskipulag og margt fleira.

Einnig sá stjórnin um fjáröflun, útleigu, framkvæmdir, hitaveitumál, leit eftir styrkjum ásamt fleiri verkum sem upp komu.

Hitaveitumál

Nýr hitaveitusamningur leit dagsins ljós haustið 2020 eftir langt og strangt ferli. Stjórnin átti þónokkra fundi með hagsmunafélagi sumarbústaðaeigenda um vorið og sumarið, þar sem þeir komu sínum sjónarmiðum á framfæri. Hluti stjórnar stóð aðallega í þessum samningaviðræðum og samningagerð ásamt Karli Inga Sveinssyni, hjá Kalman ehf., Presti fjármálastjóra KFUM og KFUK og Klöru Valdís Pórhallsdóttur bókara KFUM og KFUK. Mikill stuðningur og hjálp var í þeim við gerð samninganna og þökkum við þeim fyrir þann styrk og stuðning sem þau sýndu okkur. Stjórnin fékk síðan aðstoð frá Logos lögmannsstofu við lokafrágang samninganna. Allir sem komu að þessu eiga mikið hrós skilið en af öllum ólöstuðum átti Alla Rún Rúnarsdóttir lögfræðingur og varaformaður stjórnar Ölvers mikinn þátt í gerð þessara

samninga og þökkum við henni kærlega fyrir hennar mikla og góða starf. Henni innan handar voru Erla Björg Káradóttir formaður stjórnar og Erna Björk Harðardóttir gjaldkeri. Í september var ákveðið að Próstur Árni Gunnarsson fjálmálastjóri KFUM og KFUK á Íslandi tæki við hitaveitumálum Ölvers í góðu samstarfi við stjórnina og er mikill fengur og hjálp í því. Nú hafa flest allir sumarbústaðareigendur skrifað undir nýju samningana og næst á dagskrá er að klára samningagerð nýrra aðila sem tengjast vilja inn á hitaveituna okkar. Við trúum því að hitaveitumálin séu komin í góðan farveg og horfum björtum augum til framtíðar.

Nýtt nafn og ný kennitala Ölvers

Eitt af verkefnum stjórnar á árinu var að fá nýja kennitölu fyrir sumarbúðirnar og hlaut „Ölver, sumarbúðir“ nýtt nafn í fyrirtækjaskrá og nýja kennitölu frá og með árs byrjun 2021. Verkefnið hófst síðastliðið sumar og vann stjórnin hörðum höndum að því með hjálp frá skrifstofu KFUM og KFUK. Vill stjórn koma sérstökum þökkum til Prastar, fjármálastjóra KFUM & K á Íslandi, fyrir aðstoðina við að leysa úr þessu en verkefnið má í stuttu máli rekja um 10 ár aftur í tímann frá því að sumarbúðirnar voru færðar frá KFUM og KFUK á Akranesi og sameinaðar öðrum sumarbúðum undir regnlíf KFUM og KFUK á Íslandi en við það virðist fyrri kennitala hafa eyðilagst. Verkefnið kom bæði stjórn og skrifstofu á óvart og var því strax farið í að finna lausn við hæfi fyrir sumarið. Lausnin er að Ölver, sumarbúðir hefur nú kennitölu 540580-0149. Stjórn ítrekar þakki sínar til skrifstofu og vill koma á framfæri ánægju sinni með framangreinda lausn.

Framkvæmdir

Framkvæmdir héldu áfram á efri hæðinni, Jón Jóhannsson og starfsmenn frá honum sáu um verkið ásamt hjálp frá Hafsteini Kjartansyni. Starfsmannasalernið var tekið í gegn sem vakti mikla ánægju starfsmanna. Í eldhúsið var sett ný borðplata. Síðan voru ýmis verk kláruð, Geirlaugur Sigurbjörnsson kláraði ýmis rafvirkjaverk, skápar voru hengdir upp og fleira. Að utan var borið á sumarbústaðinn, farið var yfir girðingu staðarins og tröppurnar við aðalinnganginn voru múraðar að nýju. Matsalurinn fékk einnig smá upplýftingu og voru keyptir nýir rauðir stólar. Einnig var keyptur nýr skjávarpi (þökk sé fjáröflun) ásamt nýju tjaldi, hljóðkerfi, AppleTV og snjallsíma.

Sumarstarfið

Flokkar

Það voru samtals 457 börn sem dvöldu í Ölveri sumarið 2020. Fjölbreytni var í flokkaskránni til að stuðla að því að allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Flokkaskráin er alltaf til endurskoðunar og er endurmetin eftir ár hvert. Stelpur í stuði flokkurinn sem hefur ýmist áður verið haldinn í Vindáshlíð og Kaldárseli var haldinn í fyrsta skipti í Ölveri í góðu samstarfi við forstöðukonur flokksins þær Guðlaugu Maríu Sveinbjörnsdóttur og Ólöfu Birnu Sveinsdóttur. 11 stelpur voru skráðar til leiks, flokkurinn gekk vonum frammar og eru allir sammála um að Ölver sé kjörinn staður fyrir slíkan flokk. Stelpur í stuði er flokkur sérstaklega ætlaður fyrir stelpur sem eru með ADHD og aðrar skyldar raskanir. Fókusflokkur var haldinn í fimmta skiptið og var hann vel sóttur af 11-13 ára stelpum. Ævintýraflokkarnir eru ávallt vinsælir og ákvað stjórnin að bæta við fjórða ævintýraflokknum sem gafst vel. Leikjaflokkarnir voru tveir og var einnig boðið uppá einn listaflokk líkt og fyrri ár. Unglingaflokkurinn fyrir 13-15 ára stelpur var einnig vel heppnaður og fylltist í þann flokk. Þetta sumarið var ákveðið að taka krílaflokkinn út sem var fyrir stúlkur á aldrinum 6-9 ára. Í staðinn fyrir kríla- og þjakkaflokk sem var í boði fyrir nokkrum árum var ákveðið að setja í gang leikjanámskeið fyrir öll kyn. Einnig var aldurinn



í öðrum leikjaflokknum lækkaður niður í 7 ára. Þökkum við fyrir hvert einasta dýrmæta barn sem hjá okkur dvaldi.

Leikjanámskeið

Þetta sumarið ákvað stjórnin að bjóða uppá leikjanámskeið, helst hugsað fyrir börn á Akranesi og í sveitunum í kring. Í fyrstu var aðeins opið fyrir 30 skráningar og fylltist það fljótt svo stjórnin hækkaði fjöldann upp í 36, alls voru 32 börn skráð. Leikjanámskeiðið vakti mikla lukku og gekk það vonum frammar. Rúta var í boði fyrir börn til og frá Akraneskirkyju og lagði hún af stað kl. 8:30 og skilaði börnum kl. 17:00. Síðustu nóttina gistu þau börn sem vildu í sumarbúðunum.

Flokkaskrá 2020 og nýting pláss

Flokkar	Tímabil	Aldursbil	Fjöldi	Nýting
1. Stelpur í stuði	8.–11. júní	10–12 ára	11	55%
2. Ævintýraflokkur	12.–18. júní	10–12 ára	46	100%
3. Listaflokkur	19.–24. júní	9–12 ára	48	104%
4. Leikjaflokkur	25.–29. júní	8–10 ára	47	102%
5. Ævintýraflokkur	30. júní–5. júlí	10–12 ára	46	100%
6. Fókusflokkur	7.–12. júlí	8–10 ára	40	100%
7. Unglingaflokkur	13.–19. júlí	13–15 ára	47	102%
8. Ævintýraflokkur	20.–26. júlí	10–12 ára	45	98%
9. Leikjaflokkur	27.–30. júlí	7–10 ára	49	107%
10. Ævintýraflokkur	4.–9. ágúst	10–12 ára	46	100%
11. Leikjanámskeið	17.–21. ágúst	6–9 ára	32	89%

Nýr starfsmaður

Stjórnin ákvað að prófa þetta sumarið að ráða í nýja stöðu yfir sumarið. Starfið fólst í því að undirbúa sumarið ásamt því að vera til staðar yfir sumartímamann. Starfsmaðurinn sá um matarinnkaup og önnur innkaup, tók á móti rútunum á Holtavegi, skipulagði þrif að flokki loknum og var tilbúin að hlaupta til ef þurfti aðstoð af einhverju tagi. Alla Rún Rúnarsdóttir, varaformaður, fékk tilraunastarfið og steig til hliðar í stjórnarstöfum á meðan.

Þetta reyndist stjórninni og starfinu vel. Eftir sumarið var prósentustarfshlutfallið reiknað og var þetta 20% starfshlutfall, stjórnin ætlað að gera þetta aftur og hefur auglýst þessa stöðu fyrir sumarið 2021.

Dagsnámskeið fyrir starfsfólk sumarsins

Stjórnin ákvað að bjóða starfsfólki sumarsins á stutt námskeið þann 3. júní 2020 kl. 17:00-20:00 á Holtavegi 28. Námskeiðið var fyrir allt starfsfólk sumarsins, líka aðstoðarforingja. Þar var farið yfir mikilvæg atriði



Starfsmannasalemið var tekið í gegn. Á myndunum eru Jón Jóhannsson, Geirlaugur Sigurbjörnsson og Hafsteinn Kjartansson að störfum.

varðandi staðinn og starfslýsingar. Einnig var gott og gaman að hittast fyrir sumarið og hrista hópinn saman. Á milli fræðslufunda var matur, pöntuð var pizza frá Domino's. Það var góð mæting og mættu nánast allir foringjar og aðstoðarforingjar sumarsins. Stjórnin ákvað að launa þeim sem mættu á námskeiðið með starfsmannapeysum og voru þær frumsýndar þennan dag. Þessi dagur heppnaðist virkilega vel og fóru allir fróðari og sáttrir heim.

Starfsmenn

Þetta árið barst fjöldi umsókna líkt og síðustu ár, má segja að stjórnin hafi átt við lúxusvandamál að stríða annað árið í röð við að raða starfsfólki, hvert öðru hæfara, niður á flokkana. Starfsfólk Ölvers vann frábært starf í sumar, líkt og önnur sumur. Það er lán Ölvers að hafa fengið til liðs við sig framúrskarandi starfsfólk, sem sá til þess að dvöl barnanna varð eftirminnanleg, lærdómsrík og ekki síst skemmtileg.

Forstöðukonur sumarsins voru Alla Rún Rúnarsdóttir, Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Ólöf Birna Sveinsdóttir, Jóhanna Elísa Skúladóttir, Erla Björg Káradóttir, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Hjördís Rós Jónsdóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir og Þóra Björg Sigurðardóttir.

Ráðskonur voru Jóhann Elísa Skúladóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Svava Sigríður Svavarsdóttir, Heiðrún Ólöf Jónsdóttir, Hrafnhildur Garðarsdóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Gunnarsdóttir og Irena Rut Jónsdóttir.

Foringjar voru Anna Pálsdóttir, Erla María Sveinsdóttir, Kristín Helga Ágústsdóttir, Nanna Birgisdóttir Hafberg, Alla Rún Rúnarsdóttir, Krístrún Guðmundsdóttir, Sólveig Rún Rúnarsdóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Lilja Maren Elíasdóttir, Gertruda Paceviciute, Salóme Pálsdóttir, Andrea Rut Halldórsdóttir, Messiana Halla Kristinsdóttir, Krístrún Guðnadóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Krístrún Lilja Gísladóttir, Mirra Kristín Ólafsdóttir, Hrafnhildur Emma Björnsdóttir, Viktoría Ásgeirsdóttir og Ása Hrönn Magnúsdóttir.

Sjálfboðaliðar voru Anna Birna Kjartansdóttir, Birta Líf Hannesardóttir, Eva Sigurðardóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Katrín Hekla Magnúsdóttir, Lilja Þorsteinsdóttir, Helga Vigdís Thordersen, María Margrét Gísladóttir, Eyrún Una Arnarsdóttir, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Herdís Hörn Eggertsdóttir, Sara Björk Þórðardóttir, Sólveig Hjörleifsdóttir, Messiana Baldvinsdóttir, Edda Guðnadóttir, Matthildur María Jónsdóttir, Ragna María Gísladóttir, Marta Karítas Ingibjartsdóttir, Rebekka Rán Guðnadóttir, Iðunn Zimsen, Marín Rut Sigurðardóttir, Theodóra Brynja Sveinsdóttir, Ása Kolbrún Sigurvinsdóttir, Guðný Lára Bjarnadóttir, Guðrún María Bjarnadóttir og Elísa Rós Tani.

Rútmál

Þetta sumarið ákvað stjórnin að athuga með rúttíloboð frá rútufrirtækjum á Akranesi. Það voru tvö fyrirtæki sem komu til greina og fékk stjórnin tilboð frá þeim báðum, bæði tilboðin voru töluvert lægri en hjá öðrum fyrirtækjum sem Ölver hefur verið í viðskiptum við. Færðust því rútuviðskiptin frá Trex yfir til Hóperðabílaþjónustu Reynis. Var starfsfólk sumarsins og stjórnin virkilega ánægð með þjónustu Reynis og mun Ölver halda viðskiptunum áfram.

Áhrif Covid-19 á sumarið

Skráningin gekk vonum framár miðað við aðstæður í samfélaginu. Við vorum lánsöm að hafa náð að halda alla flokka sumarsins.

Að sumri loknu hefur stjórnin ávallt boðað sumarstarfsfólk á lokahóf, borðað saman og rætt gengi sumarsins. Þetta árið var það ekki möguleiki vegna fjöldatakmarka sökum Covid-19.

Einnig gátum við ekki haldið kaffisölu þetta árið. Stjórnin setti í gang fjáröflun þess í stað. Sem gekk vonum framár.

Vetrarleiga

Töluvert margir hópar voru búnir að bóka staðinn en vegna Covid-19 þurftu flestir hópar að afbóka leiguna.

Puríður Þórðardóttir hefur haft umsjón með vetrarleigunni síðustu ár en í október 2019 var tekin sú ákvörðun að greiða fyrir þríf á staðnum. Lilja Sævarsdóttir var ráðin í starfið í fyrra og áfram í vetur en Puríður hefur haldið áfram að annast eftirlit ásamt dóttur sinni. Eiga þær mikið þakklæti fyrir ómetanlegt starf og umhyggju fyrir staðnum.



Stjórnin bauð starfsfólki sumarsins á stutt námskeið þann 3. júní 2020 á Holtavegi 28. Námskeiðið var fyrir allt starfsfólk sumarsins, líka aðstoðarforingja. Þar var farið yfir mikilvæg atriði varðandi staðinn og starfslýsingar.



Matsalurinn fékk smá upplýftingu og voru keyptir nýir rauðir stólar.

Tröppurnar við aðalinnanganginn voru múraðar að nýju.

Þura Þórðardóttir ber á sumarbústaðinn sem er nýttur sem starfsmannahús í Ölveri



Fjáraflanir, gjafir og styrkir

Bolir, brúsar og handklæðasett

Ákveðið var að halda áfram sölu stuttermabolanna, ekki var keyptur nýr litur heldur tekið af þeim birgðum sem til voru fyrir. Í fyrra var hannaður nýr langerma bolur með orðunum „Í heimi þar sem þú getur verið allt sem þú vilt, vertu Ölversstelpa“, en voru þeir einungis fyrir starfsfólk. Það var óhætt að segja að þeir bolir hafi slegið gjörsamlega í gegn og var eftirspurnin mjög mikil og því var ákveðið þetta árið að bjóða eldri stelpunum að kaupa þá. Einnig voru seldir vatnsbrúsar og handklæðasett frá fyrru árum. Stjórnin lét einnig framleiða „buff“ merkt Ölveri þetta árið í þremur mismunandi litum sem hvert dvalar barn fékk í kveðjugjöf.

Jólahappdrætti

Fyrir jólin ákvað stjórnin að selja handklæðasettin þar sem hverju setti fylgdi happdrættismiði og glaðningur, þar á meðal vinningur sem gaf sumardvöl í Ölver. Þetta vakti ánægju og seldust þónokkur sett.

Gjafir

Ákveðið var að setja í gang fjáröflun fyrir nýjum skjávarpa í lok júní 2020. Með hjálp okkar velunnara þá náðist að safna 83.000kr.-. Við erum alltaf jafn heppin hvað varðar góða velunnara og hafa allnokkrir gefið Ölveri fastar peningagjafir mánaðarlega í Sveinusoð. Eins og fyrr ári er áætlan næsta starfsárs að fá fleiri velunnara til að gera slíkt hið sama.

Styrkir

Talsvert tekjutap varð á árinu 2020 vegna Covid-19. Lítið var um útleigur og aflýsa þurfti kaffisölu, eins og var nefnt hér að ofan, ásamt Reykjavíkurmaraþoni. Menningar- og menntamálaráðuneytið auglýsti í

tvö skipti styrki vegna tekjutaps af völdum heimsfaraldursins sem stjórnin sótti um. Var Ölveri úthlutað 420.000kr.- í fyrra skiptið og 1.500.000kr.- í það síðara. Þessir styrkir hafa skipt miklu máli fyrir starfseminna enda er hér um að ræða stærstu tekjulindir okkar fyrir utan dvalargjöldin.

Lokaorð

Stjórn Ölvers er þakklát eftir virkilega gott starfsár þrátt fyrir erfiðleika í samfélaginu og heimi öllum. Sumarstarfið var blessunarríkt og er það ekki síst að þakka okkar frábæra starfsfólki, sjálfbóðaliðum og velunnurum. Stjórnin vill koma á framfæri líkt og á hverju ári ástkæru þakklæti til þeirra allra. Þeir skipta tugum sem hafa lagt eitthvað af mörkum til starfsins í ár, hvort sem það er að biðja fyrir starfinu, vekja athygli á því, taka þátt í framkvæmdunum og ýmiskonar viðhaldsvinnu, sjá um staðinn yfir vetrartímamann, taka þátt í sumarstarfinu og margt, margt fleira. Guð blessi áfram þennan yndislega stað sem er mörgum svo kær.

Aníta Eir Einarsdóttir
ritari stjórnar Ölvers



Erla Björg Káradóttir
formaður Ölvers



Alla Rún Rúnarsdóttir
varaformaður Ölvers



Erna Björk Harðardóttir
gjaldkeri stjórnar Ölvers





15. Kaldársel

Í 95 ár hafa börn komið í sumarbúðir í Kaldárseli í Hafnarfirði. Þar hafa þau fengið dýrmæt tækifæri til að rækta líkama, sál og anda. Í umhverfi Kaldársels er fjöldi hella og ævintýralegra staða sem gaman er að skoða og svo er alltaf skemmtilegt að leika sér í hrauninu og busla í ánni. Sumarbúðirnar hafa verið starfsrækar síðan 1925 og voru fyrstu íslensku sumarþúðirnar til að vera með fastan skála. Mikið hefur verið byggt við skálann í Kaldárseli síðan þá og í dag skiptist hann niður í tvo hluta, gamla og nýja skálann. Í gamla skálanum er matsalur, eldhús, sameiginlegt rými og nokkur svefnherbergi fyrir börn sem og starfsmannaherbergi og skrifstofa. Í nýja skálanum er íþróttasalur, samkomusalur og annar stór svefnsalur. Í Kaldárseli er aðstaða fyrir 40 börn og 8 starfsmenn. Miklar framkvæmdir standa nú yfir í nýja skálanum og er verið meðal annars að skipta þessum stóra svefnsal niður í nokkra minni svefnherbergi og eitt starfsmannaherbergi.

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn 25. maí 2020 í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Fundarstjóri var Bylgja Dís Gunnarsdóttir og fundarritari var Arnór Heiðarsson. Kjörnefnd skipuðu Sveinn Valdimarsson og Styrmir Magnússon. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir þeir Guðmundur Jóhannsson og Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson.

Stjórn Kaldársels og aðrir kosnir fulltrúar

Stjórn Kaldársels á starfsárinu skipuðu:
Jóna Þórdís Eggertsdóttir, formaður
Guðni Natan Gunnarsson, ritari
Lena Inaba Árnadóttir, kynningarfulltrúi
Sveinn Elliði Björnsson, gjaldkeri
Þráinn Andreuson, kynningar- og ráðningarfulltrúi

Edda Hlíf Hlífarsdóttir, varamaður og kynningarfulltrúi
Guðrún Eggertsdóttir, varamaður

Á árinu voru haldnir 10 stjórnarfundir en milli funda átti stjórnin í virkum samskiptum í gegnum facebookhóp stjórnar.

Helstu verkefni stjórnar

Meðal þeirra verkefna sem stjórnin sinnti á starfsárinu eru:

Undirbúningur sumarstarfs

Undirbúningur sumarstarfsins hófst með áframhaldandi auglýsingaátaki sem hefur skilaði sér í frábærri skráningu síðastliðin ár. Auglýst var aðallega í gegnum Facebook í þetta skipti, en einnig var auglýst gegnum Fjarðarpóstinn.

Að öðru leyti átti hefðbundinn undirbúningur sér stað svo sem ráðningar, starfsmannaþjálfun, undirbúningur dagskrár, regluleg innkaup, almennt viðhald staðarins og bakvakt fyrir alla flokka.

Sumarið 2020 varð Kaldársel 95 ára og því var ákveðið að halda sérstakan afmælisflokk í anda ævintýraflokka annara sumarþúða. Fyrir þennan flokk þurfti sérstakan undirbúning og hefur stjórnin tekið þátt í honum ásamt þeim foringjum sem unnu í flokknum. Næsta sumar verður annar flokkur í svipuðum anda og verður hægt að endurnýta mikið af þeirri grunnvinnu sem var sett í afmælisflokkinn.

Samskipti við Hafnarfjarðarbæ

Líkt og undanfarin ár greiddi Hafnarfjarðarbær þrjá starfsmenn í sex vikur í sumarstarfi Kaldársels sem er mikil blessun fyrir starfið. Áframhaldandi verkefni stjórnar er að halda virku samstarfi við Hafnarfjarðarbæ og hvetja til samstarfs í málum eins og þjónustustíg að Selinu og Hafnarfjarðarvatnsbóli. Hafnarfjarðarbær varð einnig að ósk Vínasetursins og Kaldársels um að setja upp rafmagnshlíð í stað keðju við bílastæði útivistarfólks.

Samskipti við starfsmenn

Stjórn Kaldársels tók alla nýja starfsmenn sumarsins í starfsmannasamtal fyrir sumarið. Þá var haldið var sérstakt starfsmannanámskeið í Kaldárseli þar sem farið var yfir allt sem skiptir mestu máli fyrir sumarstarfið t.d. samskipti, útvíst, eftirlit og hlutverk foringja. Haldin var uppskeruhátíð eftir sumarið þar sem starfsfólki var boðið í mat og keilu auk þess sem starfsfólki var gefið tækifæri til að koma með athugasemdir og ábendingar fyrir starfið í Kaldárseli. Er það mat stjórnar Kaldársels að öflugur starfsmannakjarni sé kominn til að vera sem við erum gríðarlega þakklát fyrir og vonandi næst að halda vel í hann.

Eftirfylgni með starfsemi Vínasetursins

Stjórn Kaldársels skipaði stjórn Vínasetursins sem samanstóð af Arnóri Heiðarssyni, formanni stjórnar, Ástríði Jónsdóttur, Helga Gíslasyni og Þuríði Björg Wíuum Árnadóttur sem varamann. Framkvæmdastjóri Vínasetursins, Guðrún, og stjórn Vínasetursins hefur haldið utan um starfsemina og stjórn Kaldársels hefur fengið reglulegar fréttir af stöðu starfsins þar.



Sumarið 2020 var grænfánanum flaggað í Kaldárseli, til staðfestingar að Kaldársel fylgir umhverfisstefnu Landverndar.

Grænfáninn

Stjórn Kaldársels hélt áfram þátttöku sinni í verkefninu „Skólar á grænni grein“ síðasta sumar sem Landvernd sér um. Þá var farið eftir sérstakri umhverfisstefnu þar sem meðal annars kom fram að Kaldársel muni flokka allan úrgang, og minnka óþarfa neyslu. Verkefnið snýst um fræðslu og framfylgni á náttúruvernd og heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna. Í sumar fengum við til að flagga grænfánunum sem er merki verkefnisins, en hann er aðeins veittur ef fylgt er ströngum stöðlum verkefnisins.

Fjallaselsframkvæmdin

Í ár var sett í gang stærsta og víðamesta framkvæmd í Kaldárseli síðastliðin 20 ár, sem hefur verið kölluð Fjallaselsframkvæmdin. Stjórnin hefur sinnt mikilli og metnaðarfullri eftirfylgni með þessari framkvæmd hvað varðar bæði að hönnuninni, fjármálum, og að þrifa eftir iðnaðarmenn fyrir Vínasetrið sem er dótturfélag Kaldársels og er með starfsemi allt árið.

3. Starfsemi – sumarstarf

Flokkar sumarsins

Flokkur	Dagsetningar	Aldur	Fjöldi
1. Leikjanámskeið	9.-12. júní	6-9 ára	41
2. Dvalarflokkur	15-19. júní	8-11 ára	40
3. Afmælisflokkur	22.-26. júní	9-12 ára	40
4. Leikjanámskeið	29. júní-3. júlí	6-9 ára	40
5. Leikjanámskeið	6.-10. júlí	6-9 ára	40
6. Leikjanámskeið	13.-17. júlí	6-9 ára	40
Auka-leikjanámsk.	27.-30 júlí	6-9 ára	16
7. Leikjanámskeið	4.-4. ágúst	6-9 ára	41
8. Leikjanámskeið	10.-14. ágúst	6-9 ára	40
		Samtals	338


Þær breytingar voru gerðar á flokkaskránni milli ára er að þriðji flokkur varð að afmælis-dvalarflokki og að það var bætt við einu auka leikjanámskeiði á milli sjötta og sjöunda flokks vegna mikillar þátttöku.

Tölfræði þátttöku

Heildarnýting: Allir flokkar sumarsins voru fyrir öll kyn. Þátttakendur voru samtals 338 í sumarstarfinu árið 2019 sem er 93,9% nýting á þeim plássum sem auglýst voru, en fjöldi þátttakenda hækkaði um 8% frá síðasta sumri, enda þurftum við að bæta við aukaflokk. Þar að auki sló þetta sumar met í fjölda þátttakenda síðan byrjað var að skrá rafrænt.

Endurkomuhlutfall: Yfir sumarið var meðalendurkomuhlutfall, þ.e.a.s. hlutfall þeirra sem hafa komið áður í Kaldársel 42,6%. Þá var hlutfall þeirra sem höfðu tekið þátt í einhverju starfi KFUM og KFUK áður 52,2%.

Aldur þátttakenda: Aldursdrefingin var eftirfarandi: 5-6 ára 15,7%, 7 ára 23%, 8 ára 26,9%, 9 ára 24,6%, 10 ára 7,7% og 11-12 ára 2%. Meðalaldur var sá sami og á síðasta ári eða um 7.9 ár. Kaldársel virðist höfða sérstaklega vel til barna á aldrinum 7-9 ára en á sama tíma eru flestir flokkanna miðaðir að þeim aldri. Börn á aldrinum 8 til 9 ára hafa getað tekið þátt í öllum flokkum Kaldársels undanfarin ár, en í ár var afmælisflokkurinn aðeins fyrir 9 ára og eldri.



Fjallaselsframkvæmdin eru umfangsmestu umbætur á húsnæðinu í Kaldárseli í áratugi. Framkvæmdin felst í að endurnýja glugga og hurðir, bæta einangrun, og hitakerfi. Samhliða eru útbúin fjögur ný sex til sjö manna herbergi fyrir dvalargesti og eitt starfsmannaherbergi í rými sem áður var fatahengi, svefnsalur og geymsla. Mikilvægar endurbætur á brunavörnum eru gerðar samhliða, m.a. eru svalir stækkaðar og gerður nýr brunastigi. Þá er aðgengi fyrir hreyfihamlaða bætt til muna.

Starfsmenn

Við erum gríðarlega þakklát fyrir allt það starfsfólk sem hefur verið tilbúið að starfa fyrir okkur síðastliðin sumur enda gegna þau lykilhlutverki í upplifun barnanna af starfinu. Við vorum líka glöð að sjá endurkomuhlutfall starfsmanna. Sumarið 2020 störfuðu eftirtaldir starfsmenn á leikjanámskeiðum og dvalarflokkum Kaldársels.

Starfsmaður

Anna Pórey Arnardóttir
 Ása Hrönn Magnúsdóttir
 Beata Jónsdóttir
 Dagbjört Líf Andradóttir
 Donna María Skúladóttir
 Gabríel Einarsson
 Guðni Natan Gunnarsson
 Guðrún Vala Matthíasdóttir
 Guðrún Ósk Gunnarsdóttir
 Haraldur Steinar Skúlason
 Huguína Helgadóttir
 Jóna Þórdís Eggertsdóttir
 Kristel Elva Þórðardóttir
 Kristófer Ásgeirsson
 Monika Jónsdóttir
 Sigríður Stella Gunnarsdóttir
 Trausti Jónsson
 Þráinn Andreuson
 Þóra Björk Eggertsdóttir
 Þórunn Arnardóttir

Hlutverk

Forstaða
 Foringi
 Matráður
 Foringi
 Foringi
 Foringi
 Foringi
 Foringi
 Foringi
 Forstaða
 Forstaða
 Foringi
 Foringi
 Forstaða
 Foringi
 Foringi
 Foringi
 Matráður
 Forstaða

Áhrif Covid-19 á starfið

Áhrif heimsfaraldurs hefur ekki farið leynt, en þrátt fyrir það hefur starf Kaldársels ekki raskast. Við gátum haft óskerta þjónustu allt sumarið þar sem börn 12 ára og yngri voru undanskilin samkomutakmörkunum. Hins vegar vorum við búin að skipuleggja ýmsa viðburði sem samkomutakmarkanir hafði áhrif á.

Kaldársel hefur vanalega haldið vorhátíð til að sýna staðinn og halda tengslum við velunnara. Vorhátíðinni var fyrst frestað en að lokum var hún blásin af. Á vorhátíðinni stóð til að flagga grænfánanum en það var gert í staðinn í afmælisflokknum.

Árleg námskeið röskuðust eins og hjá öðrum sumarbúðum en KFUM og KFUK buðu upp á ýmis vefnámskeið til að bæta upp fyrir það. Þó náðist að hafa kvöldnámskeið í Kaldárseli rétt fyrir fyrsta flokk þar sem slakað hafði verið á samkomutakmörkunum.

Til að halda upp á 95 ára afmæli Kaldársels var haldin kaffisala á Holtavegi 28 þann 27. júní 2020. Þá var búið að slaka á samkomutakmörkunum. Heimsfaraldurinn hafði þó áhrif á mætingu sem var undir væntingum.

Kaldársel er eigandi Vinasetursins sem er með sína starfsemi í Selinu um helgar allt árið um kring. Vinasetrið þurfti mikið að takmarka sína starfsemi.

Fjallaselsframkvæmdin hefur lítið sem ekkert raskast, og er þetta mögulega besti tíminn sem við hefðum getað farið í þessa framkvæmd því hún mundi annars alltaf þurfa að raska Vinasetursstarfsemi.

Framkvæmdir og starfsaðstaða

Framkvæmdir og viðhald

Kaldársel hefur á síðustu árum unnið upp skuldir sem urðu til vegna viðhalds á staðnum. Á starfsárinu jukust skuldir á ný, því fara þurfti í nauðsynlegt viðhald og umfangsmiklar úrbætur.

Mikið viðhald fór fram síðastliðið vor, meðal annars voru ofnar málaðir, hirslur endurskipulagðar, nýjar dýnur voru keyptar í Fjallasel (20 manna svefnherbergi), og það þurfti að skipta um glugga í matsalnum. Einnig þurfti að skipta um allt brunakerfið í húsinu, en það gamla var á lokametrunum og átti til að gefa frá sér falsboð.

Fjallaselsframkvæmdin felst í að endurnýja glugga og hurðir, bæta einangrun, og hitakerfi. Samhliða eru útbúin fjögur ný sex til sjö manna herbergi fyrir dvalargesti og eitt starfsmannaherbergi í rými sem áður var fatahengi, 20 manna svefnsalur og geymsla. Mikilvægar endurbætur á brunavörnum eru gerðar samhliða og aðgengi fyrir hreyfihamlaða bætt til muna. Verkið er umfangsmeira en gert var ráð fyrir upphaflega. Þar má helst nefna að rífa þurfti gömlu svalirnar til að byggja nýjar lengri svalir sem nýtast sem örugg flóttaleið fyrir öll rými á efri hæðinni.

Til að fjármagna þessa framkvæmd hefur stjórnin þurft að sækja um ýmsa styrki, og síðan er áætlað að setja í gang Karolínafund verkefni.

Áætlað er að framkvæmdin klárast vorið 2021. Þessi framkvæmd er í raun fyrsti áfangi í framtíðarsýn Kaldársels um að endurnýja allt húsið og nýta betur plássið sem við höfum, gera húsnæðið öruggara, þægilegra og aðgengilegra.

Starfsaðstaða

Fyrir sumarið var geymslan á efri hæð tekin í gegn, sófar voru settir þar inn og var útbúin starfsmannaaðstaða. Komið var fyrir starfsmannaneti í samvinnu við Vínasetrið. Eins og stendur nær netið yfir rúmlega hálf túsíð. Næsta sumar verður vonandi hægt að koma aðstöðunni í herbergið við hliðina á eldhúsi þar sem plássið verður ekki lengur nauðsynlegt sem gistiherbergi.



Vínatta er fljót að myndast í Kaldárseli.



Hellarnir í nágrenni Kaldársels þykja jafnan spennandi. Öll börnin fá reiðhjólaljálms að láni fyrir hellaferðirnar.

Lokaorð

Eins og skýrsla þessi ber með sér var starfsárið 2020-2021 heldur betur viðburðaríkt. Við erum sérstaklega þakklát fyrir mikla nýtingu sumarbúðanna síðastliðið sumar og fyrir hið góða starfsfólk sem hefur tekið þátt í enduruppbyggingu staðarins þessi síðastliðu ár. Það er dýrmætt traust sem foreldrar sýna okkur þegar þau senda börnin sín í sumarbúðirnar okkar. Við munum vinna hörðum höndum áfram að því að gera dvöl barnanna sem ánægjulegasta og að orðspor sumarbúðanna megi blómstra og þátttakan verði góð um ókomin ár. Samstarfið við Vínasetrið gekk einstaklega vel síðasta sumar. Samstarf stjórnar Kaldársels við Hafnarfjarðarbæ er okkur í stjórninni líka mikilvægt og við munum halda áfram að sinna því af alúð. Fjallaselsframkvæmdin er risastórt verkefni sem verður ekki lokið á þessu starfsári, og þarf að vinna áfram að fjármögnun þess.

Stjórn Kaldársels vill koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem lagt hafa starfinu í Kaldárseli lið á árinu, starfsmönnum, sjálfbóðaliðum, velunnurum og gestum.

Guðni Natan Gunnarsson
ritari stjórnar Kaldársels



16. KFUM og KFUK á Akureyri

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri var haldinn 11. mars í félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri í Sunnuhlíð. Guðmundur Ómar Guðmundsson var kosinn fundarstjóri og fundarritari var Hanna Pórey Guðmundsdóttir.

Í stjórn KFUM og K á Akureyri voru eftirfarandi kosin:

Brynhildur Bjarnadóttir, formaður,

Sindri Geir Óskarsson, ritari

Ragnheiður Harpa Arnardóttir, gjaldkeri.

Varamenn: Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir

Haldnir voru 7 stjórnarfundir á starfsárinu, ýmist í fundaraðstöðu KFUM og KFUK á Akureyri í Sunnuhlíð eða yfir fjárfundarbúnað. Eydis Ösp Eypórsdóttir, svæðisfulltrúi, sat fundina á vormánuðum, sem starfsmaður, en á haustmánuðum kom Tinna Hermannsdóttir í hennar stað, þar sem Eydis tók við starfi verkefnastjóra fræðslu- og fjölskyldumála í Glerárkirkju. Á milli funda voru ýmis mál rædd og leyst með tölvupóstssamskiptum.

Helstu verkefni stjórnar

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru nokkuð óhefðbundin. Fyrir utan venjuleg stjórnarstörf, hefur stjórnin stutt við fundi yngri deila með umsjón þeirra í 2-3 skipti á önn. Lítið reyndi á barnastarfshæfileika stjórnarfólks þetta árið, í ljósi þess að starfið lá niðri hluta úr ári vegna Covid-19. Stærsta verkefni stjórnarinnar árið 2020 var vinna við nýjan eignaskiptasamning vegna húsnæðis félagsins í Sunnuhlíð 12. Á vordögum lagði Húsfélag Sunnuhlíðar fram drög að nýjum eignaskiptasamningi sem hefði haft í för með sér aukin útgjöld KFUM og KFUK á Akureyri til viðhalds og viðgerða, hærri fasteignagjöld og þar með hærri fjárhagslegar skuldbindingar. Eftir mikla vinnu og fundarhöld tókst stjórn félagsins með aðstoð lögfræðings og ómetanlegri framgöngu Guðmundar Ómars Guðmundssonar að fá flestum þessara breytinga hnekk og í lok ársins undirritaði formaður nýjan eignaskiptasamning. Þetta var tímafrekt og krefjandi verkefni, en það var bænarefni okkar að málið myndi leysast farsælega, sem það loks gerði.

Við erum áfram í góðu samstarfi við þjóðkirkjusöfnuði í nágrenninu. Samstarfið við Glerárkirkju stendur traustum fótum og uppi hafa verið hugmyndir um að auka samstarfið enn frekar. Þá fóru af stað viðræður við prest Grenivíkurkirkju og Svalbarðskirkju haustið 2020 um að stofna YD deild sem hóf störf í byrjun árs 2021.



Félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri er á annarri hæð í Sunnuhlíð 12.

Áhrif Covid 19 á starfið.

Starfið okkar varð fyrir miklum áhrifum vegna heimsfaraldursins og samkomutakmarkana. Þann 13. mars 2020 gerðum við hlé á öllu barnastarfi og bænastundum en hvöttum fólk til að koma saman í bæn, hvert á sínum stað, á þeim tíma sem bænastundin hefði verið. Ekkert varð af útleigum á sal félagsins um vorið þegar venjulega er mikið um fermingarveislur og fylgdi því nokkuð tekjutap. Þá féllu einnig niður fyrirhugaðir viðburðir eins og Vínáendurfundur sem voru áætlaðir í byrjun apríl, sem og hátíð vegna 35 ára Vígsluafmælis Sunnuhlíðar. Þessir viðburðir biða betri tíma og við hlökkum til að geta boðið upp á þá, um leið og aðstæður leyfa.

Ekkert varð af hæfileikasýningunni sem er fastur liður hjá okkur að vori og ákveðin uppskeruhátíð barnastarfsins, hinsvegar buðum við í útiritaleik og grillaðar pylsur fyrir utan Sunnuhlíðina og var það vel sótt.

Haustið fór vel af stað en í september var öllu skellt í lás aftur og barnastarfið lá niðri fram yfir áramót svo ekkert varð af jólasamveru stjórnar og leiðtoga. Unglingadeildin var hinsvegar mjög dugleg að hittast yfir fjárfundarbúnað, þá voru leikir og helgistundir og mætingin til fyrirmyndar. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður tókst okkur að halda vel utan um unglíngana okkar og það er frábært hvað þau tóku vel í starfið með breyttu sniði.

Starfsemi og viðburðir

Í venjulegu árferði hittist hittast deildir barna- og unglíngastarfsins einu sinni í viku í 10 -11 vikur yfir misseri, nema deildirnar á Dalvík og Ólafsfirði sem hafa verið í 8 vikur á misseri. Vegna faraldursins tókst þó ekki að vera með nema brot af þessum fundum. Tölurnar sem fylgja hér á eftir, gilda fyrir það starf sem þó tókst að halda uppi árið 2020.

Deildastar

Í vetur hafa eftirfarandi deildir verið starfræktar á Norðurlandi:

- Vinadeild KFUM og KFUK – skráð voru 60 börn, en meðaltalsmæting um 20 börn drengir. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir (vor), Bára Dís Sigmarsdóttir (haust), Klaudia Jablonska, Elísabet Eik Jóhannsdóttir, Amanda Mist Sigrúnardóttir, Bryndís Magnúsdóttir, Kristjana Rán Arnardóttir.
- Leikjafjör KFUM – skráðir voru 18, en meðaltalsmæting um 8 drengir. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir (vor), Tinna Hermannsdóttir (haust), Klaudia Jablonska, Amanda Mist Sigrúnardóttir.
- Leikjafjör KFUK – skráðar 13, en meðaltalsmæting um 5 stúlkur. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir (vor), Tinna Hermannsdóttir (haust), Klaudia Jablonska, Amanda Mist Sigrúnardóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Dalvík – skráð 40 börn en meðaltalsmæting um 25. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir (vor), Guðlaugur Sveinn Hrafnsson (haust), Bryndís Magnúsdóttir, Klaudia Jablonska, Elísabet Eik Jóhannsdóttir, Kristjana Rán Arnardóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Ólafsfirði – skráð 18 börn en meðaltalsmæting um 14. Eydis Ösp Eypórsdóttir (vor), Guðlaugur Sveinn Hrafnsson (haust), Bryndís Magnúsdóttir, Klaudia Jablonska, Elísabet Eik Jóhannsdóttir, Kristjana Rán Arnardóttir.
- Unglingadeild í samstarfi við Glerárkirkju, UD-Glerá – skráðir þátttakendur alls 32, meðaltalsmæting á fund var um 20 unglíngar.



Fjölmenntu YD fundur í Sunnuhlíð á Akureyri.



Leiðtogar: Eydís Ösp Eypórsdóttir, Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir (vor), Tinna Hermannsdóttir (haust), Ingimar Baddi Ingimarsson Eydal, Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir, Sindri Geir Óskarsson, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson.

- Leikjafjör KFUM og KFUK á Grenivík, hófst í janúar 2021, – skráð 18 börn en meðaltalsmæting um 14. Eydís Ösp Eypórsdóttir (vor), Guðlaugur Sveinn Hrafnsson (haust), Bryndís Magnúsdóttir, Klaudia Jablonska, Elísabet Eik Jóhannsdóttir, Kristjana Rán Arnardóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Svalbarðseyri, hófst í janúar 2021, – skráð 18 börn en meðaltalsmæting um 14. Eydís Ösp Eypórsdóttir (vor), Guðlaugur Sveinn Hrafnsson (haust), Bryndís Magnúsdóttir, Klaudia Jablonska, Elísabet Eik Jóhannsdóttir, Kristjana Rán Arnardóttir.

Viðburðir

Þann 13. maí héldum við vorhátíð barnastarfsins, buðum upp á ratleik í kringum félagsheimilið og grilluðum pylsur. Hátíðin var vel sótt og gott að hitta börnin eftir að hafa ekki séð þau í margar vikur.

Í byrjun nóvember tókum við á móti pökkum í tengslum við verkefnið Jól í skókassa. Við fengum grunnskólahóp í heimsókn og kynntum verkefnið fyrir þeim, svo stóðu þær Eydís Ösp Eypórsdóttir og Tinna Hermannsdóttir vaktina á Glerártorgi yfir fyrstu helgina í nóvember. Það fóru um 300 þakkar frá Akureyri í ár.

Um miðjan september fór Tinna Hermannsdóttir með 6 stelpur í Vatnaskóg yfir helgi til að sækja leiðtogaþjálfun. Við erum með sterkan kjarna í unglíngastarfinu hjá okkur sem hefur bæði verið að sækja leiðtogaþjálfun til KFUM og KFUK og í farskóla leiðtogaefna hjá þjóðkirkjunni. Það gefur okkur mikla von um að starfið okkar haldi áfram að vaxa og blómstra með nýju fólki sem vill leggja hönd á plóg.

Við höfum iðulega sótt landsmót ÆSKP á haustmisseri en vegna Covid-19 fór það fram á netheimum í ár. Unglíngarnir í UD-Glerá tóku þátt og höfðu gaman af, þótt að það sé auðvitað skemmtilegra að fara í ferðalag og hitta krakkana í raunheimum.

Undir lok janúar stóð til að fara með stúlkur í leiðtogaþjálfun í Vatnaskógi en vegna veðurs var ekki hægt að keyra suður. Því var brugðið á það ráð að hafa það huggulegt í Sunnuhlíð yfir helgi og taka þátt í fræðslunni yfir fjárfundarbúnað.

Helgina 19.-21. febrúar fóru 16 unglíngar og tveir leiðtogar með hóp úr UD-Glerá starfinu á Friðríkismótið í Vatnaskógi. Gaman að segja frá því að eftirspurnin var mikil og komust því miður færri krakkar með en vildu.

Framkvæmdir og starfsaðstaða

Einstaka útleigur voru á salnum yfir sumarið en mikið var um afbókanir. Þar sem salurinn er töluvert vinsæll undir skírnar- og fermingarveislur hefur stjórnin staðið að því undanfarnin ár að endurnýja borðbúnað. Í haust ákvað stjórnin að tímabært væri að skipta út sjálfum borðunum því þau sem fyrir voru höfðu þjónað félaginu í áratugi og voru orðin mjög léleg.

Gjafir og styrkir

Við viljum þakka öllum velunurum KFUM og KFUK á Akureyri sem hafa styrkt okkur ýmist mánaðarlega eða með eingreiðslum, gjafir ykkar gera starfið okkar mögulegt.

Félagið stefnir að því að setja upp hjólastólalýftu til að gera félagsheimilið aðgengilegt öllum. Það er stór fjárfesting og ljóst að stjórnin þarf að vera dugleg að afla styrkja til framkvæmdarinnar.

Í ár fengum við 150.000 krónur frá Norðurorku og eina milljón krónur frá Menntamálaráðuneytinu sem eyrnamerkt eru framkvæmdum vegna hjólastólalýftu.

Einnig fengum við 450.000 krónur í sérstakan Covid styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna tekjutaps vorið 2020 og annan styrk upp á 350.000 krónur vegna haustmissisris. Að auki fengum við 150.000 krónur úr Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA til að nýta í starfið.

Lokaorð

Árið hefur fært okkur margt gott þrátt fyrir að það hafi líka verið allsherjar kennslustund í von, æðruleysi og þolinmæði. Þegar við þurftum að loka dyrum okkar heyrðum við frá bæði börnum og foreldrum hvað starfið okkar skiptir miklu máli og að börnin biðu spennt eftir að fá að koma aftur. Við erum rík af góðum leiðtogum, ungleiðtogum og sjálfboðaliðum sem leggja okkur lið og halda uppi þessu öflugra starfi sem er bara í vexti. Megi Guð blessa þau í leik og starfi og megi Guð styrkja okkur öll í gegnum þennan undarlega tíma. Við horfum til nýs starfsárs með von um eðlilega daga en treystum því að hvernig sem þetta fer þá séum við í höndum Guðs. „Þótt ég fari um dimman dal óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér.“ Slm.23.

Sindri Geir Óskarsson
ritari stjórnar KFUM og KFUK á Akureyri



17. KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum heldur úti unglíngadeild í samstarfi við Landakirkju og nefnist hún Æskulýðsfélag Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum. Félagið hefur verið rekið í þessari mynd frá árinu 1991 er KFUM og KFUK starf sem legið hafði í dvala í nokkurn tíma var endurreist af Hreiðari Erni Zoëga Stefánssyni.

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum var haldinn 29. apríl kl. 12:00 í fjarfundarformi í gegnum Zoom. Fundinn sóttu 8 manns. Fundarstjóri var sr. Viðar Örn Stefánsson og Ragnheiður Perla Hjaltadóttir ritaði fundargerð. Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Örn Jónsson, formaður
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, ritari
Gísli Stefánsson, gjaldkeri
Brynja Halldórsdóttir, meðstjórnandi
Ásgeir Þór Þorvaldsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt tvo stjórnarfundum á starfsárinu, annan í safnaðarheimili Landakirkju og hinn á Zoom. Stjórnin hittist einnig við óformleg tilefni þar sem mál félagsins voru rædd.

Helstu verkefni stjórnar

Utan hefðbundina starfa ræddi stjórnin á fundum sínum hvernig best mætti bregðast við þeim samfélagslegu breytingum sem æskulýðsstarf er að takast á við á þessum tímum. Ljóst er að áttak og nýja aðferðafræði þarf til þess að ná til krakkana, a.m.k. á meðan aðgengi að skólum í Vestmannaeyjum er minna en áður var sökum veirunnar. Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum er þakklát því góða samstarfi sem félagin hafa átt við skólafyrirvöld og hefur fulla trú á að aðgengið verði jafn gott og áður, eftir að bólusetningum er lokið.

Stjórnin hélt áfram, eins og fyrr, að styrkja þátttakendur og leiðtogar í starfinu til þátttöku á mótum og leiðtoganámskeiðum.

Starfsemi og viðburðir

Opin hús í safnaðarheimili Landakirkju

Í Vestmannaeyjum er starfrækt unglíngadeild fyrir 8. 9. og 10. bekk og fyrsta ár í framhaldsskóla. Á fimmtudagskvöldum var opið hús í safnaðarheimili Landakirkju og sóttu það um 7 unglíngar að jafnaði í hverri viku. Þátttaka á opnum húsum hefur minnkað á starfsárinu. Nýlega opnaði Vestmannaeyjabær nýja aðstöðu fyrir félagsmiðstöð unglíngar í Vestmannaeyjum og hefur það tekið eitthvað frá okkur á meðan nýjabrumið er að fara af þeirri starfsemi. Leiðtogar félaganna hafa lagt á ráðin um að betrum bæta aðstöðu félaganna í safnaðarheimili Landakirkju og er það í ferli.

Leiðtogarnir Ásgeir Þór Þorvaldsson, Arnar Gauti Egilsson, Snorri Rúnarsson, Sandra Dögg Valgeirsdóttir, Sigurbjörg Sigurfinnsdóttir og



KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum er starfrækt í nánú samstarfi við Landakirkju.

Trausti Mar Sigurðarson héldu utan um opnu húsin á starfsárinu með aðstoð Gísla Stefánssonar æskulýðsfullrúa og eiga heiður skilið fyrir það.

Æskulýðsfundir í Landakirkju

Á sunnudagskvöldum eru haldnir æskulýðsfundir í Landakirkju og að jafnaði sækja um 15 þá fundi. Krakkar úr 9. bekk eru máttarstólpar starfsins ásamt leiðtogahópnum sem samanstendur af frábærum, kröftugum einstaklingum sem líma starfið saman og eru gríðarlega mikil verðmæti fólgin í þeim hóp á þessum tímum. Þau hafa öll gengist undir leiðtogaþjálfun hjá KFUM og KFUK á Íslandi og starfa sem ungleiðtogar í krakkaklúbbum Landakirkju.

Sjálfbóðaliðar í starfinu

Sjálfbóðaliðar í starfinu: Arnar Gauti Egilsson, Ásgeir Þór Þorvaldsson, Brynja Halldórsdóttir, Guðmundur Örn Jónsson, Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, Sandra Dögg Valgeirsdóttir, Sigurbjörg Sigurfinnsdóttir, Sigurlás Máni Hafsteinnsson, Snorri Rúnarsson og Trausti Mar Sigurðarson.

Friðriksmótið í Vatnaskógi

10 þátttakendur og 3 leiðtogar á vegum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum fóru á Friðriksmótið sem haldið var í Vatnaskógi dagana 21. – 23. febrúar 2019. Mótið var framúrskarandi og hvetjandi, vel skipulagt og þeir stjórnendur og leiðtogar sem sáum um að skipuleggja og keyra mótið áfram eru augljóslega mikil gersemi fyrir félagið. Þetta mót er án nokkurs vafa einn af hápunktum ársins hjá þátttakendum og leiðtogum í Æskulýðsfélagi Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum.



Framkvæmdir og starfaðstaða

Engar framkvæmdir á vegum félagsins voru í starfsaðstöðu þess í safnaðarheimili Landakirkju á starfsárinu. Hins vegar eru fyrirhugar breytingar á fræðslustofu kirkjunnar af frumkvæði KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum, ef stofan hýsir opin hús félagsins. Ætlunin er að gera aðstöðuna meira aðlaðandi og „kósí“ og auka framboð á afþreyingu.

Lokaorð

Árið 2020 hefur verið okkar starfi erfitt líkt og annars staðar sökum COVID-19 heimsfaraldurs. Við höfum ekki haft kost á að halda úti jafn öflugum starfi sökum samkomutakmarkanna sem voru meira og minna allt starfsárið. Árlegir viðburðir sem félagið hefur verið þátttakandi í, s.s. Landsmót ÆSKP og Vorhátíð Landakirkju hafa ýmist fallið niður eða verið í öðru formi en vanalega sem hefur bitnað á þátttöku. Í þessu hefur falist

mikill lærdómur og eru þeir sem koma að starfinu sammála um að þeir hafi lært að meta þátttöku sína í því enn meira en áður.

Erfiðara hefur reynst að sækja þátttakendur og mynda þetta hópa á þeim stuttu tímabilum sem samgöngutakmörkunum hefur verið lyft á starfstíma félagsins og því botninn dottið úr starfinu að hluta. Við búum þó að gríðarlega öflum leiðtogahóp sem mun án efa vera okkur dýrmætur þegar um losnar og erum við þess fullviss að starfið muni ná fyrri hæðum. Við horfum til framtíðarinnar með bjartsýni í huga.

Ragnheiður Perla Hjaltadóttir,
ritari KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum



Gísli Stefánsson, æskulýðsfulltrúi Landakirkju
og gjaldkeri KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum



18. KFUM og KFUK á Suðurnesjum

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK á Suðurnesjum var haldinn 10. mars 2020.

Stjórn KFUM og KFUK á Suðurnesjum á starfsárinu skipuðu:

Sigurbjört Kristjánsdóttir – formaður
Sveinn Valdimarsson – gjaldkeri
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – ritari
Blær Elíasson – varamaður
Erla Guðmundsdóttir – varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Páll Skaftason
Sigvaldi Björgvinsson

Stjórnarstörf

Stjórnin hélt 5 fundi á starfsárinu og voru verkefni stjórnarinnar margvísleg. Verkefni voru meðal annars umsjón með deildarstarfi félagsins á Suðurnesjum, en starfsstöðvarnar eru 4 talsins: Fjórar deildir eru starfræktar í félagsheimili KFUM og KFUK í Keflavík, ein deild í safnaðarheimili kirkjunnar í Innri-Njarðvík og ein deild á Ásbrú í samstarfi við Njarðvíkursókn og Hjalpræðisherinn, einnig eru þrjár deildir í Grindavík í samstarfi við Grindavíkursókn. Hlutverk stjórnar var að fá leiðtoga til að leiða starfið í Reykjanesbæ og gekk það mjög vel. Haldin voru þrjú leikjanámskeið sumarið 2020. Einnig bar stjórnin ábyrgð á umsjón og viðhaldi félagsheimilisins að Hátúni 36 í Reykjanesbæ.

Leiðtogar

Leiðtogar og ungleiðtogar starfsins úr Reykjanesbæ og Grindavík voru 28 talsins.



Frá fundi í Vinadeildinni.

Starfsemi starfsstöðvar

Skráðir þátttakendur í deildarstarfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum haustið 2020 voru 257 talsins sem er aðeins færri en í fyrra en sennilega hefur heimsfaraldurinn áhrif á þessa tölu.

Deildarstarfið

Árið 2020 var frábrugðið fyrri árum vegna veirunnar Covid 19 sem hafði mikil áhrif á deildarstarfið. Árið byrjaði þó eins og vant er þar sem leiðtogar skipulögðu fjölbreytta og skemmtilega dagskrá með það í huga hvað hentar hverjum aldurshópi. Eins og áður voru fésbókarsíður notaðar til að hafa gott upplýsingastreymi sem kom að góðum notum þetta árið þegar þurfti að aflysa hinum ýmsu fundum og viðburðum vegna stöðunnar í samfélaginu. Fundnar voru ýmsar leiðir til þess að halda börnum og unglingum í starfinu, meðal annars voru tveir fundir í unglingadeildinni haldnir á netinu og var þá Kahoot forritið gjarnan notað sem vakti mikla lukku. Ánægjulegt er að segja frá því að fjöldi kvenna/eldri leiðtogar komu inn í starf yngri deildar KFUK í Keflavík, þegar á þurfti að halda vegna veikinda forstöðukonu, og skiptu fundunum sín á milli allan veturinn. Þegar fundir voru haldnir með eðlilegum hætti þá gekk starfið ótrúlega vel fyrir sig. Gætt var að sóttvörnum, leiðtogar voru með grímur og einnig var húsið vel sóttthreinsað eftir hvern fund.

Leiðtogafræðsla

Leiðtogar á Suðurnesjum hafa sótt leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK sem haldin eru í sumarbúðum KFUM og KFUK tvisvar á ári. Þar fá leiðtogar góða fræðslu sem nýtist þeim í deildarstarfi. Við hvetjum alla ungleiðtoga okkar til þess að taka þátt í leiðtogaþjálfuninni.

Leikjanámskeið

Þrjú leikjanámskeið voru haldin í júní 2020. Forstöðukonur voru Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir og María Rut Arnarsdóttir. Auk þeirra unnu á námskeiðunum Elísabet María Kristinsdóttir, Eyrún Ólöf Ívarsdóttir, Eyþór Ingi Brynjarsson, Helga Rut Guðjónsdóttir, Helga Vígdís Thordersen, Jón Arnar Birgisson, Lilja Þorsteinsdóttir, Ólafur Þór Gunnarsson og Ragnar Sigurðsson. Þátttakendur á námskeiðunum voru 50. Leikjanámskeiðin gengu vel og byggja orðið á traustum grunni. Lögð er áhersla á að nýta margs konar möguleika sem bæjarfélagið býður uppá. Gleðilegt var að geta haldið út námskeiðunum í ljósi aðstæðna bæði fyrir börn og foreldra.

Önnur starfsemi

Félagsþjónusta Reykjanesbæjar hafði afnot af húsinu í nokkur skipti um haustið.

Ýmsir viðburðir

Allir sameiginlegir viðburðir á vegum KFUM og KFUK féllu niður vegna veirunnar Covid 19.

Í ágúst átti ungmennaskiptaverkefnið „Love the Difference with Nature“ að eiga sér stað á Íslandi. Þetta verkefni er samstarfsverkefni til þriggja ára þar sem Slóvakía, Ísland og Þýskaland eru samstarfsaðilar. Verkefnið fór fyrst fram í Þýskalandi og síðan í Slóvakíu árið 2019 og er Íslandsferðin síðasta ferðin í þessu verkefni. Níu þátttakendur og þrjár leiðtogar frá



Íslandi höfðu verið í óða önn að búa til fjölbreytta og áhugaverða dagskrá fyrir komandi sumarþúðir með hinum löndunum. Gista átti í Ölveri í 7 nætur og í Kaldárselli í 2 nætur. Vegna Covid 19 var erfitt að gera ráðstafanir vegna flugs, þar sem fólk ýmist komst ekki á milli landa eða þurfti að fara í nokkurra daga sóttkví, var því ákveðið í samvinnu við hin löndin að fresta mótinu til 2021 í von um að ástandið í heiminum verði betra.

„Allir með“ er verkefni sem hefur það markmið að auka tækifæri allra barna á því að finna íþrótt, tómstund eða æskulýðsstarf við hæfi og voru unnin myndbönd um allt tómstunda- og æskulýðsstarf í Reykjanesbæ. Mikilvægt er að börn fái að vera hluti af hóp og upplifi sig sem hluta af heild. Félagið tekur þátt í verkefninu, hér var tekið upp myndband í sem notað verður meðal annars sem kynningarmyndband. Það er sýnt á vef bæjarins ásamt fésbókarsíðunni okkar og er góð leið til að kynna starfið. Unnið verður áfram með þetta verkefni í samstarfi við Reykjanesbæ og hin æskulýðsfélögin.

Nýja árið fór ágætlega af stað þar sem takmarkanirnar sem voru í gildi eftir áramót giltu ekki um grunnskólanema og hafði því ekki áhrif á deildarstarfið. Í febrúar fóru unglिंगadeildirnar í Keflavík, Ásbrú og Grindavík á Æskulýðsmótið Friðrik í Vatnaskógi. Mótið var auðvitað unglिंगunum til mikillar gleði enda var dagskráin fjölbreytt og áhugaverð.

Gjafir og styrkir

Reykjanesbær og Keflavíkursókn eru helstu styrktaraðilar KFUM og KFUK á Suðurnesjum. Einnig koma styrkir frá ýmsum fyrirtækjum og velunnurum starfsins. Er það félaginu ómetanlegt að fá jákvætt viðhorf í samfélaginu og sterkan hóp sjálfbodaliða sem koma að starfinu.

Viðhald félagsheimilis að Hátúni 36

Viðhald félagsheimilisins var með minna móti þetta árið þó var sett hurð í leiðtogaherbergi, renna utanhúss var endurnýjuð og fjölmörg tré

í garðinum fjarlægð. Ryksuguróbot var gefinn félaginu sem kemur að góðum notum.

Framtíðarsýn

Við stefnum ótraud áfram að betra og öflugra starfi í KFUM og KFUK á Suðurnesjum. Samfélagið vinnur vel með okkur og við finnum fyrir jákvæðum byr hjá fólki og velunnurum bæði í Reykjanesbæ og Grindavík. Almenn viðhald á húsi okkar að Hátúni 36 heldur áfram og nú er innri salurinn nær tilbúinn, setja þarf upp loftljós og kaupa innréttingar í leiðtogaherbergi. Einnig höfum við hug á að kaupa ný borð í stóra salinn. Samstarf við Hjalpræðisherinn á Ásbrú hófst í vetur og við bindum vonir við að það samstarf eflist og dafni. Verkefnið „Allir með“ er skemmtileg viðbót og eflir samstarf við æskulýðs- og íþróttavettvanginn í Reykjanesbæ sem er mikilvægt. Við höldum áfram að vera með leikjanámskeið á sumrin og er það ómetanleg að geta það.

Lokaorð

Pakklæti er það sem kemur fyrst upp í hugann þegar hugsað er til þessa óvenjulega starfsárs. Pakklæti fyrir að geta haldið starfinu okkar að mestu áfram þrátt fyrir heimsfaraldur. Pakklæti til velunnara okkar sem voru tilbúnir að aðstoða þegar á þurfti að halda. Pakklæti til leiðtoganna okkar sem voru jákvæðir og fundu nýjar lausnir á ótrúlegum tímum. Það var dýræmt að finna hvað börn, unglingar og foreldrar héldu tryggð við okkur og létu ekki tímundið fundabann stöðva sig. Pakklætið er þó mest til frelsara okkar Jesú Krist sem leiðir okkur daglega, hughreystir og styrkir.

„Allt megna ég fyrir hjálp hans sem mig styrkan gerir“. Fil. 4,12

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir
ritari KFUM og KFUK á Suðurnesjum





19. Vinagarður leikskóli KFUM og KFUK

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK var haldinn 4. maí 2020 á Holtavegi 28, en 12 manns sóttu fundinn. Magnús Viðar Skúlason var settur fundarstjóri og Jóhanna María Friðriksdóttir ritaði fundargerð. Jón Ómar Gunnarsson og Bára Sigurjónsdóttir voru í kjörnefnd fyrir aðalfund. Skoðunarmenn reikninga voru Einar Helgi Ragnarsson og Anna Kristín Guðmundsdóttir og María Aðalsteinsdóttir til vara.

Stjórn

Stjórn leikskólans á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Karl Einarsson, formaður
 Jóhanna María Z. Friðriksdóttir, ritari og fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi
 Jóhanna Klara Stefánsdóttir, gjaldkeri
 Erna Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
 Anna Elísa Gunnarsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi foreldra
 Berglind Ólóf Sigurvinsdóttir, varamaður
 jölnir Guðmundsson, varamaður

Á árinu voru haldnir níu stjórnarfundir og voru þeir allir nema einn haldnir með fjárfundarbúnaði.

Helstu verkefni stjórnar

Utan við hefðbundin verkefni stjórnar leikskólans einbeitti stjórnin sér að því að bæta fjárhagsstöðu leikskólans og að klára þær framkvæmdir sem þegar voru hafnar eða fyrirhugaðar, þ.m.t. að skipta um sand á sandkassasvæðinu og að láta setja upp hraðahindrun við bílastæði leikskólans til að auka öryggi barna og foreldra.

Á árinu undirritaði leikskólann samning við Reykjavíkurborg sem tryggir fjárhagslegan stuðning og möguleika leikskólans á því að taka inn börn á aldrinum 12 til 18 mánaða.

Þrátt fyrir heimsfaraldur COVID-19 hefur stjórn leikskólans náð að funda með hefðbundnum hætti með notkun fjárfundarbúnaðar. Heimsfaraldurinn hafði því lítil sem engin áhrif á störf stjórnarinnar á árinu.

Starfsmenn leikskólans

Við leikskólann eru rúmlega 21 stöðugildi, en starfsmenn leikskólans á árinu voru María Sighvatsdóttir leikskólastjóri, María Jónsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri og Brynjar Kristinsson matráður. Deildarstjórnar voru Alma Auðunardóttir, Eva Dögg Sveinsdóttir, Ingibjörg Leifsdóttir og Hulda Björg Jónasdóttir. Deildarstjórnar eru allir með uppeldismenntun. Sérkennslustjóri var Ragnhildur Gunnarsdóttir kennari. Háskólamenntaðir starfsmenn voru Anna Jóhanna Hilmarsdóttir BA í þjóðfræði, María Sigurðardóttir kennari og BS í umhverfis- og auðlindafræði, Einar Sigurmundsson kerfisfræðingur, Gerður Bolladóttir leikskóla- og tónlistakennari og Sesselja Kristinsdóttir félagsráðgjafi og nemi í sérkennslufræðum. Leiðbeinendur voru Aðalheiður Sighvatsdóttir, Anna Peta Guðmundsdóttir, Anna Kristín Gunnlaugsdóttir, Grumnesh Lenechesa, Guðrún Ragna Karlsdóttir, Gyða Rut Arnmundsdóttir, Glódis Pálmadóttir, Margrét Helga Kristjánsdóttir, Sigríður Nanna Egilsdóttir, Sóley Kristín Jónsdóttir, og Þorbjörg Tómasdóttir. Aðstoð í eldhúsi var Aurora de Jesu Almeida.

Fjármál - viðsnúningur í rekstri leikskólans

Rekstur leikskólans árið 2019 kom illa út fjárhagslega og lagði stjórnin á liðnu starfsári því mikið kapp á að leiðrétta fjárhagsstöðu leikskólans. Hefur það tekist vel til og hefur viðsnúningur orðið í rekstri leikskólans. Ljóst er að reksturinn er þó viðkvæmur og má ekki mikið út af bregða. Þar koma aðallega inn tvö atriði, fjöldi barna og fjöldi starfsmanna og er



mikilvægt að jafnvægi ríki á milli þeirra. Þá hafa kjarasamningar mikil áhrif á reksturinn og hefur stjórnin unnið með starfsmönnum að útfærslu á styttingu vinnuvikunnar. Mun sú vinna halda áfram á komandi starfsári. Stækkun leikskólans og framtíðarsýn

Hugmyndir um stækkun leikskólans hefur verið mikið til umræðu innan stjórnar. Reykjavíkurborg óskaði eftir því að Vinagarður myndi stækka og taka á móti fleiri börnum. Eftir erfitt rekstrarár 2019 var ekki talið skynsamlegt að ráðast í stækkun að svo stöddu og auk þess liggur framtíðar skipulag fyrir lóðina við Holtaveg 28 ekki fyrir. Formaður stjórnar, leikskólastjóri og framkvæmdastjóri KFUM og KFUK fóru á fund með Reykjavíkurborg og tilkynntu því að það stæði ekki til að stækka Vinagarð í bráð. Síðan þá hefur Reykjavíkurborg tilkynnt áform um verulega fjölgun leikskólalássa í hverfinu, en gert er ráð fyrir að leikskólalássum fjölgi um a.m.k. 200 auk þess að byggja á ungbarnaleikskóla á Kirkjusandi. Þessi mikla fjölgun leikskólalássa í næsta nágrenni við Vinagarð veldur stjórninni áhyggjum. Vinagarður fær tekjur frá Reykjavíkurborg í samræmi við það sem það kostar borgina að reka sína leikskóla, það gæti því orðið misræmi á milli ef Reykjavíkurborg er með stærri leikskóla og hagkvæmari rekstrareiningar. Það er því nauðsynlegt að stjórn Vinagarðs og stjórn KFUM og KFUK á Íslandi taki höndum saman svo að hægt verði að bregðast við breyttu starfsumhverfi sem gæti haft mikil áhrif á rekstur leikskólans á komandi árum. Hluti af því verkefni er að taka ákvörðun um framtíðarskipulag lóðarinnar við Holtaveg 28.

Leikskólastarfið

Á Vinagarði er vináttan í viðum skilningi rauði þráðurinn í starfinu og eitt af sérkennum skólans. Markmið starfsins er að efla kristið siðgæði, virðingu, sjálfstæði, frumkvæði og sköpunargleði. Gildi leikskólans eru trú, von og kærleikur.

Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja. Við kappkostum við að gera daginn skemmtilegan og eftirminnilegan fyrir börn og starfsfólk.

Börnunum er kennt að við erum hluti af sköpunarverki Guðs og að bera skuli umhyggju fyrir náttúrunni og öllu því sem Guð hefur skapað. Einnig er lögð áhersla á að börnin beri umhyggju og virðingu fyrir öðrum og að þau læri að verða sjálfstæðir einstaklingar með góða og sterka sjálfmynd.

Á hverri önn er unnið með ákveðin áhersluatriði (þema) sem hefur áhrif á allt starf leikskólans hvort sem það er hópastarf, hreyfing, málörvun, myndsköpun, tónlist o.s.frv.

Líkt og verið hefur undanfarin ár unnu yngstu börnin með litina á haustönn og eftir áramót vinna þau með loftið. Einnig verður unnið með krumma þar sem mikill áhugi er hjá börnunum á honum, en þau sjá hann

mikið í kringum leikskólann. Í tengslum við þemavinnuna þeirra hefur verið unnið með bókina „Pési og Pippa: Rauða blaðran“ á vorönninni. Eldri börnin hafa einnig verið að vinna með loftið og hafa unnið margvísleg verkefni því tengt. Í tengslum við þemavinnuna hafa tveir elstu árgangarnir unnið með bókina „Veíða vind“ sem er spennandi saga frá Færeyjum sem sögð er með orðum, myndum og tónlist. Einnig var unnið með umhverfisvitund og mátti finna að börnin vildu láta til sín taka í þeim efnum. Kristinfræðsla skipar alltaf stóran þátt í starfinu þar sem daglega er lesið úr Barnabíbliunni og börnum kenndar bænir, minnisvers og söngva. Hefð er fyrir að börnin í Vinagarði fari í heimsókn til sr. Sigurðar í Áskirkju bæði fyrir jól og páska, þar sem starfsfólk kirkjunnar tekur einstaklega vel á móti hópnum.

Börnin á Vinagarði tóku þátt í verkefni „Jól í skókassa“ og skiluðu þau um 80 kössum að þessu sinni. Verkefnið er einstök leið til að kenna börnunum samkennd og ábyrgð, að okkur kemur náunginn við. Dagur leikskólans, 6. febrúar, var haldinn hátíðlegur í leikskólanum að þessu sinni með því að vera með samsöng allra deilda leikskólans sem við streymdum á Facebook og fengum við þannig foreldra til að vera með okkur á stundinni að þessu sinni.

Samstarf leik- og grunnskóla

Leikskólinn tekur þátt í samstarfsverkefni „Farsæl skil leik- og grunnskóla“ ásamt Langholtsskóla og leikskólunum í hverfinu: Brákarborg, Langholti og Sunnás. Markmið verkefnisins er að stuðla að jákvæðri upplifun barnanna af fluttningi milli skólastiga, að börnin fái að kynna Langholtsskóla og hvert öðru áður en grunnskólagangan hefst. Vegna COVID-19 hefur samstarfið ekki verið sem skyldi en við höfum haldið í þá dagskrárlíði sem hægt er. Á degi íslenskrar tungu er venjan að hittast í Langholtsskóla, fræðast um Jónas Hallgrímsson og börnin syngja fyrir hvert annað. Í ár var það ekki hægt vegna samkomutakmarkanna en ákveðið var að hittast á zoom fundi í staðinn og syngja fyrir hvert annað. Tveir leikskólar, Vinagarður og Brákarborg, ásamt 1. bekk í Langholtsskóla tóku þátt og heppnaðist þetta mjög vel og voru allir ánægðir með hvernig til tókst.

Í desember hittust Vinagarður, Brákarborg og 1. bekkur í Langholtsskóla við orminn í Laugardal þar sem börnin léku sér saman, sungu og gæddu sér á kakói og piparkökum.

Skapast hefur gott samstarf milli Vinagarðs og Brákarborgar. Á haustdögum kom hópur frá Brákarborg í heimsókn til okkur og fékk að skoða stóra skóg og kynna þeim ævintýraheimi sem hann hefur upp á að bjóða. Leikskólarnir ætla að halda samstarfinu áfram og hittast einu sinni í viku á vorönn. Meðal annars er ætlunin að hittast í Glaðheimum sem er frístundaheimili fyrir Langholtsskóla og einnig er ætlunin að hittast í Laugardalnum.



Vegna samkomutakmarkana er óvíst með nokkra dagskálíði í samstarfi leik- og grunnskóla í hverfinu, má þar nefna heimsókn elstu barnanna í Langholtsskóla þar sem skólastjórinn tekur á móti þeim og sýnir þeim skólann.

Á vordögum fara þau börn sem eiga að hefja skólagöngu í Langholtsskóla í haust í heimsókn til 1. bekkjar, þar fá þau að kynna skólafundni og vinna ýmis verkefni.

Einnig er venjan að leikskólarnir í hverfinu og Langholtsskóli hittast á leikjadegi á vordögum, stefnt er að því að hafa leikjadaginn við orminn í Laugardalnum þetta vorið.

Undanfarin ár hafa börn í frístundaheimilinu Dalheimum komið til okkar á Vinagarð og leikið við börnin og lesið fyrir þau, ekkert hefur orðið af þessu samstarfi þetta skólaárið vegna COVID-19.

Samstarfið er okkur á Vinagarði dýrmætt og teljum við að börnin okkar verði betur undirbúin undir námið í grunnskólanum hvort sem þau fara í Langholtsskóla eða annan grunnskóla. Einnig er gott að þau kynni þá starfi sem fram fer á frístundaheimilinu.

Áhrif COVID-19 á rekstur leikskólans

Áhrif COVID-19 á starfið á Vinagarði hefur verið gríðarlega mikið á skólaárinu. Skólaárið hófst með hefðbundnum hætti með aðlögun nýrra nemenda, við þurftum þó að dreifa aðlöguninni á lengri tíma en venja er þar sem fjölatakmörkanir voru í gildi. Þann 2. október var svo öllu skellt í lás vegna Covid-19. Vinagarði var skipt í tvö sóttvarnarhólf og starfsmenn máttu ekki hittast, einungis kallast á yfir girðingu, tala saman á vefmiðlum og í síma. Fundir, skipulagsdagar og námskeið breyttust eða var frestað þar til ástandið lagaðist og höftum létt.

Foreldrar fengu ekki að koma lengur inn í leikskólann og tekið var á móti börnunum við útidyrnar sem mörgum foreldrum fanst erfið staða þar sem það hafði líka áhrif á samskipti við starfsfólk og daglega upplýsingagjöf, sérstaklega með yngstu börnin sem voru að hefja sína skólagöngu. Þetta hafði líka áhrif á samskipti foreldra þeirra á milli þar sem margir foreldrar á Vinagarði þekkja vel og samskipti mikil þeirra á milli. En þrátt fyrir þessar takmarkanir og áhrif þeirra gekk mjög vel að taka svona á móti börnunum og tóku foreldrar og börn þessu með jafnaðargeði og flestir fljótt að aðlaga sig breyttum aðstæðum.

Allar heimsóknir og sameiginlegt starf á milli deilda var lagt af eins og til dæmis val og sameiginlegar söngstundir. Ekki var farið í Vatnaskóg eins og hefð er fyrir á hverju hausti sem börn, foreldrar og starfsfólk sóknuðu verulega mikið. Heimsóknir í Húsdýragarðinn, TBR, bókasafnið, Áskirkju og fleira voru lagðar niður og einnig var dans- og tónlistarkennsla sett í pásu út veturinn.

Covid-19 faraldurinn hafði einnig margt jákvætt í för með sér. Faraldurinn ýtti okkur út fyrir þægindaramma okkar, við þurftum t.d. að leita nýrra leiða við kennsluna. Lærðum á margskonar netfundaform og vorum sífellt að takast á við nýjar aðstæður og áskoranir í dagsins önn. Okkar markmið var að gera það með bros á vör enda annað ekki í boði. Veikindadögum fækkaði til muna bæði hjá börnum og starfsfólki vegna aukinna sóttvarna sem okkur þótti mjög áhugavert, en við munum klárlega halda áfram að fylgja þeim.

Foreldrafélag Vinagarðs

Foreldrafélag Vinagarðs hefur starfað síðan í febrúar 2001 en starfsár foreldrafélagsins er 1. október – 30. september ár hvert. Kórónuveirufaraldurinn hafði mikil áhrif á starf foreldrafélagsins sem lá að mestu niðri frá mars 2020 fram yfir áramót 2021. Aðalfundi 2020 var frestað til febrúar 2021 þar sem sóttvarnir voru teknar alvarlega og engir viðburðir skipulagðir með aðkomu foreldra. Því verður farið yfir starf foreldrafélagsins frá hausti 2019 til áramóta 2021. Frá hausti 2019 til mars 2020 stóð foreldrafélagið fyrir nokkrum viðburðum. Foreldrafélagið stóð fyrir myndatökum af nemendum en kostnaður var lítill og ágóðinn rann allur í starf foreldrafélagsins. Foreldrafélagið bauð börnum og foreldrum upp á rútuferð í Vatnaskóg í október en leikskólinn greiddi fyrir leigu á staðnum og veitingar. Árlegt jólaball Vinagarðs var haldið laugardaginn 7. desember kl 11 í samkomusal KFUM og KFUK við Holtaveg. Sú fallega hefð hefur skapast að jólaskemmtunin hefist með helgileik barna á Uglugarði og stóðu börnin sig með þryði. Dansað var í kringum jólatré, jólasveinar heimsóttu skemmtunina og fengu mandarínur. Jóla- og sælkerabasarinn, sem er ein helsta fjármögnunarlið foreldrafélagsins var á sínum stað ásamt því að til sölu voru taupokar og jólakort sem foreldrafélagið hafði látið gera áður. Foreldrafélagið fékk hópafslátt á sýningu Leikhópsins Lottu á Hans Klaufa snemma vors 2020 rétt áður en samkomubann tók gildi á Íslandi og einnig sýninguna Bakkabræður sem sýnd var um sumarið. Þegar kórónuveiran nam land í lok febrúar 2020 féllu margir fyrirhugaðir viðburðir: fræðslukvöld, vorhreingerning, vorhátíð, aðventukvöld og jólaball. Foreldrafélagið stóð þó fyrir því að panta jólasveina í aðdraganda jóla sem heimsóttu börnin í leikskólann. Eins sá foreldrafélagið sem fyrr um jólagjafir fyrir börn og starfsmenn leikskólans.

Ráðning leikskólastjóra

María Sighvatsdóttir hefur gegnt starfi leikskólastjóra Vinagarðs síðan á síðustu öld, en hún mun láta af störfum vegna aldurs á árinu 2021. Starf leikskólastjóra hefur því verið auglýst laust til umsóknar og verður það eitt af verkefnum stjórnar á nýju starfsári að ráða nýjan leikskólastjóra. Það verður ekki auðvelt að fylla það skarð sem María skilur eftir sig enda hefur hún lagt líf og sál í starf sitt fyrir leikskólann. Stjórnin færir henni bestu þakki fyrir mikið og óeigingjarnt starf í gegnum árin.


Lokaorð

Eins og sjá má á þessari skýrslu er starf leikskólans yfirgripsmikið og lífligt. Það er alltaf eitthvað skemmtilegt um að vera og margt spennandi framundan. Stjórn leikskólans þakkar starfsfólki hans fyrir framúrskarandi störf á árinu og fyrir að hafa skapað börnunum hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi, sérstaklega við þær erfiðu aðstæður sem voru á árinu vegna COVID-19. Við horfum björtum augum fram á veginn hlökkum til áframhaldandi starfsemi leikskólans á komandi starfsári.

Jóhanna María Z. Friðriksdóttir
ritari stjórnar Vinagarðs







Allir eiga þeir að vera eitt
(Jóh. 17:21)

Ekki með valdi né krafti,
heldur fyrir anda minn!
-segir Drottinn allsherjar
(Sak. 4:6)